GIACOMO GALLINA

*Notar aðeins allra besta hráefnið*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




TÆKNI OG AFÞREYING

*Frábær hreyfing við tölvuna*

Sérblað um tækni og afþreyingu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SIRKUS

**Íslenskir strákar eru hræddir við mig**

Haffi Haff elskar land og þjóð en finnst íslenska gay-menningin skrítin.

SIRKUS FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

12. október 2007 — 277. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Selur aleiguna

Listamaðurinn Curver Thoroddsen selur aleigu sína í vikulöngum gjörningi og safnar fyrir framhaldsnámi.



FÓLK 50

### Hvaða bull var þetta?

„Áhættufjármagnið sem sett var í samrunafélag REI og Geysir Green stefnir ekki rekstri Orkuveitunnar í hættu þó illa fari,“ segir Ellert B. Schram.

Í DAG 26

### Óttar vekur athygli

Erlend bókaforlög sýna skáldsögu Óttars M. Norðfjörð áhuga á bókamessunni í Frankfurt.



FÓLK 43

### Sleppur við aðgerð

Logi Geirsson þarf ekki að leggjast undir hnífinn og ætlar sér stóra hluti á Evrópumótinu í Noregi í upphafi næsta árs.



ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**DREGUR ÚR VÆTU** - Í dag verða sunnan 5-15 m/s, hvassast vestan til. Víða væta með morgninum en styttir upp á Norður- og Austurlandi og léttir smám saman til. Víða skúrir í kvöld. Hiti 7-13 stig.



**VÍGREIF** Nýr borgarstjórnarmeirihluti var kynntur við Iðnó síðdegis í gær. Dagur B. Eggertsson tekur við embætti borgarstjóra á þriðjudag, Svandís Svavarsdóttir verður formaður sameiginlegs borgarstjórnarflokks meirihlutaflokkanna, Björn Ingi Hrafnsson verður formaður borgarráðs og Margrét Sverrisdóttir forseti borgarstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Nýr Reykjavíkurlisti

**Nýr meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur er fyrst og fremst myndaður utan um málefni Orkuveitu Reykjavíkur og REI. Orð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og Björns Inga Hrafnssonar um handsal um áframhaldandi samstarf stangast á.**

**BORGARMÁL** Björn Ingi Hrafnsson sveik um tuttugu klukkutíma gamalt loforð um áframhaldandi meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þetta fullyrðir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fráfarandi borgarstjóri.

Björn Ingi vísar orðum Vilhjálms alfarið á bug.

Vilhjálmur segir að þeir hafi handsalað samkomulag um áframhaldandi samstarf að loknum aukafundi í borgarstjórn á miðvikudag. Björn Ingi kannast ekki við það en segir þá hafa talað saman í síma. Hann hafi engin loforð gefið.

Eftir samtöl við forvígismenn Samfylkingar, VG og Frjálslynda flokksins í borgarstjórn sleit Björn Ingi samstarfinu við Sjálfstæðisflokk. Hann greindi Vilhjálmi frá ákvörðun sinni um klukkan tvö, og rúmum tveimur stundum síðar var tilkynnt um nýtt meirihlutasamstarf á bakka Tjarnarinnar.

Meirihlutasamstarfið slitnaði vegna ágreinings um sölu á hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík Energy Invest. Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, ber engu að síður að innan raða flokksins hafi hugmynd Björns Inga um meðferð hlutarins verið rædd og til greina hafi komið að fara þá leið.

„Vandamálin verða að leysast í samvinnu og það var ekki að ganga í þessu deilumáli, helst vegna heiftarlegs ágreinings innan borgarstjórnflokks Sjálfstæðisflokksins,“ segir Björn Ingi.

- bj /- mh / - shá sjá síður 2, 4 og 6

## ÞÁTTUR ÓLAFS F. MAGNÚSSONAR

Segja má að hugmyndasmiður nýs meirihlutasamstarfs fjögurra flokka í borgarstjórn sé Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra, segir Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri. Ólafur viðraði hugmynd að fjögurra flokka stjórn við Dag á mánudag.

Ólafur hefur verið í leyfi en Margrét Sverrisdóttir tók sæti hans í borgarstjórn. Með samtali Ólafs og Dags varð ljóst að Ólafur væri tilbúinn til samstarfs, sneri hann aftur úr leyfi. Í kjölfarið hófu fulltrúar minnihlutans undirbúning mögulegs samstarfs. „Það var fullreynt fyrir ári síðan að sjálfstæðismenn vildu ekki vinna með okkur. Því var ljóst að ég myndi ekki leggja stein í götu þessa nýja samstarfs,“ segir Ólafur.

## NÆSTU DAGAR NÝS MEIRIHLUTA

Mikið verk er óunnið áður en nýr meirihluti tekur við á borgarstjórnarfundi á þriðjudag. Fulltrúar nýs meirihluta ætla að funda í dag og um helgina. Meðal þess sem þarf að ákveða fyrir borgarstjórnarfundinn er skipting borgarfulltrúa í nefndir.

Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri, segist gera ráð fyrir að unnið verði að málefnasamningi flokkanna fjögurra samhliða vinnu við fjárhagsáætlun borgarinnar.









DÍVA



Vera
Hársport
Díana Design



Rut Kolla
Hárstúdíó Kollu
Naglahorn Rutar

Hverfisgata 125 v/hlemm • Sími 551 0102



## Heimsóknavinir gefa lífinu meiri lit

Heimsóknavinir Kópavogsdeildar Rauða krossins eru alls konar fólk á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum og stofnunum í Kópavogi til að draga úr einsemd og félagslegri einangrun, gefa lífinu lit.

**Gæti heimsóknavinur gefið þínu lífi meiri lit?**

Heimsóknavinirnir eru sjálfboðaliðar. Þeir veita félagsskap og nærveru. Til dæmis með því að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að aka eða ganga. Margir reiða sig á heimsóknir sjálfboðaliðanna til að gleyma gráma hvunndagsins um stund.

**Þekkirðu einhvern sem myndi hafa gott af því að fá heimsókn sjálfboðaliða? Til dæmis einu sinni í viku, í klukkustund í senn?**

**Ekki hika við að hafa samband** í síma **554 6626** eða í netfangið **kopavogur@redcross.is**.

Rauði krossinn
Kópavogsdeild

Hamraborg 11, 2. hæð – opið virka daga kl. 11-13 – www.redcross.is



vísir.is
Fyrstur með fréttirnar




Giacomo Gallina er fagmaður sem tekið er eftir enda fer hann öruggum höndum um hráefnið og afraksturinn er ljúffengur.

# Eldar íslenskan saltfisk

***Hinn ítalski meistari Giacomo Gallina vígði sælkeravefinn www.matarlist.is í gær og í kvöld er hann gestakokkur á Friðriki V á Akureyri.***

Giacomo Gallina reiddi fram lystauka (aperitivo) með viðeigandi víni í teiti hjá K. Karlssyni í gær er vefurinn www.matarlist.is fór í loftið nýr og endurbættur. Giacomo var heiðursgestur enda er hann meðal fremstu matreiðslumeistara Ítala og hefur víða komið við á ferlinum. Undanfarinn áratug hefur hann vígt tólf veitingahús í nafni BICE (Bandalags ítalskra veitingahúsa erlendis) enda hefur verið sóst eftir nærveru hans við slíka viðburði. Í haust opnuðu tískukóngarnir Dolce & Gabbana, nýjan veitingastað, Gold, í miðborg Mílanó og réðu Giacomo Gallina sem yfirmatreiðslumeistara. Hann leggur mikið upp úr því að allt hráefni staðarins sé það besta sem fáanlegt er úr héruðum Ítalíu. Einstaka tegund slæðist inn frá öðrum löndum en ekki er slakað á kröfunum. Til dæmis er saltfiskurinn íslenskur sem þar er borinn fram.

Í dag flýgur Giacomo Gallina norður yfir heiðar og verður gestakokkur í kvöld á veitingahúsinu Friðriki V á Akureyri. Þar verður hægt að fá rétti af lystaukamatseðlinum sem hann kynnti í gær auk þess sem hann og Friðrik Valur, veitingamaður á staðnum, munu bralla eitthvað saman.

Að sjálfsögðu verða uppskriftir lystaukanna sem Gallina matreiddi við opnun á www.matarlist.is settar þar inn. Sýnishorn er á síðu 2.

*gun@frettabladid.is*




## SPURNING DAGSINS



*Svandís, ætlið þið að setja kælinn aftur í samband?*

„Okkar fyrsta verk verður að kæla niður fátið sem hefur verið við völd í Ráðhúsinu undanfarna daga.“

Nýr meirihluti var myndaður í borgarstjórn í gær. Eitt af umdeildari málum gamla meirihlutans var vínkælir í Vínbúðinni í Austurstræti. Svandís Svavarsdóttir er oddviti vinstri grænna.

Tekist á um sölu á hlut ríkisins í HS og einkavæðingu orkulinda á Alþingi:

# Orkulindir í samfélagslegri forsjá

**ALÞINGI** Orkulindir sem í dag eru í samfélagslegri forsjá verða það áfram, nái frumvarp sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra er með í smíðum fram að ganga.

Umræður sköpuðust um sölu á hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja (HS) og einkavæðingu orkuauðlinda á Alþingi í gær. Össur boðaði frumvarp sem koma myndi ákvæðinni reglu á orkumarkaðinn. Í því séu þrír meginþættir. Í fyrsta lagi verði skilið á milli samkeppnisreksturs og sérleyfisþátta. Í öðru lagi verði tryggt að sérleyfisþátturinn, dreifing heits og kalds vatns, rafmagns, fráveitur og fleira, verði að meirihluta í félagslegri eigu. Í þriðja lagi verði þær orkulindir sem í dag séu í samfélagslegri forsjá þar áfram.



**ALÞINGI** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, ræddi einkavæðingu orkulinda á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, var málshefjandi. Hann vakti athygli á því að yrði hlutur Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavik Energy Invest (REI) seldur yrðu virkjanaréttindi HS, sem REI á hlut í, komin í einkaeigu.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, sagði heimildir í fjárlögum ársins 2007 til að selja hlut ríkisins í HS, en þar væri einnig að finna heimild til að selja tuttugu prósenta hlut ríkisins í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Yrði af því væri verið að selja vatnsmesta hver landsins, Deildartunguhver. Krafðist Jón þess að hverinn yrði tekinn af sölulista. - bj

Reiði tyrkneskra stjórnvalda:

# Viðurkenning á þjóðarmorði

**WASHINGTON, AP** **Tyrknesk stjórnvöld eru æf vegna ályktunar sem utanríkismálanefnd neðri deildar Bandaríkjaþings samþykkti á miðvikudag þar sem viðurkennt var að Tyrkir hefðu framið þjóðarmorð á Armenum í Tyrkjaveldi í byrjun 20. aldarinnar.**

**Bandaríkjastjórn barðist gegn samþykkt ályktunarinnar og sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti hana geta skaðað samskipti við þennan mikilvæga bandamann í stríðinu gegn hryðjuverkum. Bandaríkin reiða sig meðal annars á lofthelgi Tyrklands til flutninga á búnaði til Íraks.** - sdg

Ráðherra segir úrræðin til:

# Úrræði vegna heimilisofbeldis

**ALÞINGI Úrræði eru til staðar til að koma þeim sem beita heimilisofbeldi út af heimilunum, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.**



**BJÖRN BJARNASON**

**Hann boðar að löggjöf um meðferð sakamála og nálgunarbann verði rædd á Alþingi í haust. Alþingi hafi hingað til verið mjög á varðbergi gagnvart tillögum um auknar heimildir lögreglu til inngrips í einkalíf fólks.**

**Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, hefur kynnt tillögu um að ríkari heimildir verði veittar til að fjarlægja einstaklinga af heimilum innan sólarhrings.**

**Björn vísar í lög, sem heimila barnaverndarnefndum að krefjast þess fyrir dómi að ofbeldismanni verði bönnuð dvöl á heimili sé það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns. Enn fremur sé hægt að fá nálgunarbann sé rökstuddur grunur um að til standi að fremja afbrot.** - bj

Milduð ályktun vegna Búrma:

# Öryggisráðið harmar aðgerðir

**NEW YORK, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna „harmar mjög“ ofbeldisfullar aðgerðir stjórnvalda í Búrma gegn mótmælendum og kallar eftir „einlægum viðræðum“ milli stjórnvalda og stjórnarandstöðu.

Bandaríkin, Bretland og Frakkland vildu sterkara orðalag þar sem ofbeldið var fordæmt og að pólitískum föngum yrði tafarlaust sleppt en milda þurfti orðalagið til að mæta kröfum Kínverja.

Öll fimmtán ríki Öryggisráðsins samþykktu ályktunina. - sdg

# Húseigendur loka á gangandi í Fossvogi

**Eigendur einbýlishúsa í Fossvogi eru í auknum mæli að leggja undir sig og loka gönguleiðum milli húsa. Ágengni segir Kristín Helgadóttir, frumbyggi í hverfinu. Hverfisstjóri á framkvæmdasviði telur bannað að loka stígunum.**

**FÓLK** „Þetta er bara ágengni og ágirnd og ekkert annað,“ segir Kristín Helgadóttir, íbúi í Fossvogi, sem er óánægð með að íbúar í sumum einbýlishúsum þar í hverfinu hafa lokað á gönguleiðir milli húsanna.

Kristín og eiginmaður hennar, Árni Njálsson, eru frumbyggjar í Grundarlandi í Fossvogi. Bæði eru þau vel þekkt meðal Fossvogsbúa fyrir starf sitt sem leikfimikennarar. Kristín og Árni byggðu einbýlishús sitt fyrir 36 árum í fjögurra húsa klasa eins og tíðkast í Fossvoginum.

„Okkur var uppálagt að gera göngufæran stíg á milli húsanna svo almenningur kæmist þar um,“ rifjar Kristín upp úr lóðaskilmálum á sínum tíma. Í þessu ljósi segir Kristín að sér finnist skjóta skökku við að eigendur húsa í nokkrum klösum hafi lokað stígunum á milli þeirra og einfaldlega lagt þá undir sig þannig að ekki sé hægt að ganga þar í gegn, hvorki upp eftir né niður eftir. Það sé ekki aðeins bagalegt fyrir íbúana í hverfinu heldur líka allan almenning sem sækir í útivistarsvæðið í Fossvogsdal.

„Það átti að vera aðall Fossvogsins að börnin gætu hlaupið hér frítt og hindrunarlaust um. Mér finnst þessi þróun sem nú er að verða því mjög vond. Ef allir fylgja þessu fordæmi verður ekki hægt að ganga um hverfið nema eftir stofnbrautum. Sjálf á ég barnabarn sem er bundið í hjólastól og kemur oft með mér í göngutúra. Fyrir okkur er slæmt að koma sífellt að fleiri leiðum lokuðum vegna þess að fólk þolir ekki að gengið sé nálægt húsunum þeirra,“ segir Kristín.



**KRISTÍN HELGADÓTTIR** Íbúar í Fossvoginum koma æ oftar að lokuðum leiðum milli einbýlishúsanna í Fossvoginum eins og hér í Árlandi. Mjög vond þróun, segir Kristín Helgadóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Dæmi um þessar lokanir segir Kristín vera í Árlandi 1-7, Kvistalandi 1-7 og í Haðarlandi 18-24. Hún segist vilja vekja athygli á þessu máli vegna barnanna í Fossvoginum. „Það er mikið öryggi fyrir börnin að geta komist um hverfið sitt án þess að þurfa að ganga hverja götu á enda,“ segir hún.

Þorgrímur Hallgrímsson, hverfisstjóri hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, segir um að ræða sameiginlegar lóðir með fjórum húsum. „Lóðunum tilheyra bæði botnlangarnir sjálfir og stígarnir sem tengjast stígakerfinu í Fossvoginum en ef ég skil lóðareglurnar rétt er bannað að loka þessu. Þarna eru almenningsgönguleiðir sem um voru kvaðir á lóðunum.“ segir Þorgrímur. gar@frettabladid.is

Smyglmálið á Fáskrúðsfirði:

# Rannsakað í Danmörku

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á vegum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru nú staddir í Danmörku og vinna þar að rannsókn á eiturlyfjasmyglinu sem upp kom á Fáskrúðsfirði 21. september síðastliðinn. Lögreglumenn hafa þegar farið til Færeyja og Noregs við rannsókn málsins en það teygir anga sína einnig til Hollands og Þýskalands.

Sex manns sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins, fimm hérlendis og einn í Færeyjum. Alls voru um 60 kíló af fíkniefnum gerð upptæk í áhlaupi lögreglunnar; 15 kíló af e-töflum og 45 kíló af amfetamíni. Þar að auki fundust tvö kíló af amfetamíni í Færeyjum. - sh

365 miðlar greiði bætur:

# Staðhæfingar DV ómerktar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær að staðhæfingar sem birtust í DV árið 2005 um störf sálfræðingsins Gunnars Hrafns Birgissonar skyldu dæmdar ómerkar. 365 miðlar, þá útgefendur DV, voru dæmdir til að greiða Gunnari 1.200.000 krónur í bætur. Fyrrverandi ritstjórar DV, Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, voru sýknaðir þar sem ritstjóri eða útgefandi bæri ábyrgð, ekki báðir.

Í héraðsdómi hafði dómur fallið á aðra leið. Þar var ritstjórunum gert að greiða Gunnari eina og hálfa milljón í bætur en 365 miðlar sýknaðir, auk þess sem staðhæfingar blaðsins voru dæmdar ómerkar. - sþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Missti stjórn í vindi og bleytu

Maður var fluttur, lítið slasaður, á heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri í gær eftir að hafa velt bíl sínum í vindi og bleytu. Hann var einn í bílnum, sem er gjörónýtur.






Alfreð Þorsteinsson segir Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson hafa verið niðurlægðan:

# Sorgleg meðferð á Vilhjálmi

**SVEITARSTJÓRNIR** „Sjálfstæðismenn voru sjálfir búnir að koma borgarstjóra sínum fyrir kattarnef þannig að þessi meirihluti var orðinn ónýtur,“ segir Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokks.

Að sögn Alfreðs var borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokks ekki lengur stjórntækur eftir átökin um Reykjavík Energy Invest (REI).

„Borgarfulltrúarnir voru búnir að setja borgarstjórann út í horn og það virtist vera hver höndin uppi á móti annarri,“ segir Alfreð. „Þeir gerðu hann algerlega ómerkan. Hann hafði haft vissa forystu sem stjórnarmaður í Orkuveitunni fyrir sameiningu þessara tveggja útrásarfyrirtækja [REI og Geysir Green Energy]. Hann er gerður afturreka með þetta allt saman og eiginlega niðurlægður. Mér finnst þetta sorglegg meðferð á Vilhjálmi af hans eigin flokksmönnum.“

Alfreð telur „uppákomuna“ með REI hafa skaðað fyrirtækið. „Það er eins og það sé í gangi einhver óbeit sjálfstæðismanna í garð Orkuveitunnar. Ætli það tengist ekki eitthvað mínu nafni af því að ég kom að uppbygginu þessa fyrirtækis,“ segir Alfreð, sem lengi var stjórnarformaður Orkuveitunnar. Hann segist ekki á leiðinni þangað aftur. „Nei, ég er sestur í helgan stein,“ svarar hann. - gar



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Sjálfstæðismenn gerðu eigin borgarstjóra ómerkan og afturreka, segir Alfreð Þorsteinsson um Vilhjálm Þ.

www.toyota.is

# Meiri þögn




## Ný Corolla er hljóðlátust í sínum flokki

Lágmarks veghljóð og loftmótstaða
Meira öryggi
Meira rými
Framúrskarandi aksturseiginleikar
Hátt endursöluverð
Enn meiri þægindi
Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu
Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla á sölustöðum Toyota um land allt.

**Verð frá 1.899.000* kr.**

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36878 05/07

TODAY TOMORROW TOYOTA

*Corolla SD Terra

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

EURO NCAP www.euroncap.com ADULT OCCUPANT PROTECTION TOYOTA COROLLA

## NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

### ÓSKAR FÉLÖGUM SÍNUM HEILLA

„Flokkar eru í stjórnmálum til að hafa áhrif og það er auðvitað best gert í meirihluta. Mér líst því ágætlega á [nýjan meirihluta], óska velfarnaðar og auðvitað félaga mínum Degi alls hins besta í þessu vandasama starfi,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Spurð um þau orð Geirs Haarde forsætisráðherra að nýr meirihluti í borginni sé enn verri R-listi segir Ingibjörg: „Við erum vön því að flokkarnir séu sitt hvoru megin við borðið í borgarstjórn. Þannig var það í upphafi þessa ríkisstjórnarsamstarfs og er enn.“

Hún tekur orð Geirs ekki persónulega og vill ekki tjá sig um hvernig sjálfstæðismenn hafi brugðist við umræðunni um REI og Orkuveituna.

### PÓLITÍSKUR LODDARASKAPUR

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kallar Björn Inga Hrafnsson og Svandísi Svavarsdóttur „pólitíska loddara“ á heimasíðu sinni.



BJÖRN BJARNASON

Björn telur Alfreð Þorsteinsson, framsóknarmann og fyrrverandi stjórnarformann Orkuveitunnar, hafa kippt í spotta til að engu yrði haggað hjá Orkuveitunni.

Svandís hafi gagnrýnt málefni Orkuveitu harðlega síðustu daga. Nú hafi hún ákveðið að ganga til liðs við þann sem hafi „allra síst séð nokkuð athugavert við það, sem þar hefur gerst“.

### SJÁLFSTÆÐISMENN ÖGRUÐU BIRNI INGA

„Mér finnst sjálfstæðismenn hafa komið fram mjög ögrandi gagnvart Birni Inga með því að halda fund og tilkynna að það eigi að selja hlut Orkuveitunnar í REI, án þess að hafa við hann samráð,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokks.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Hún vill ekki taka undir að „bakland“ flokksins hafi staðið að verki við borgarstjórnarmyndun, en segir hana hafa verið í höndum borgarfulltrúans sjálfs. „Það var ekki flokksákvörðun sem slík,“ segir hún.

„Hann sá bara ekki framtíð í þessu samstarfi, ekki bara vegna REI, heldur ekki síður þess andrúmslofts sem er í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ÞUNG Á BRÚN** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þau Gísli Marteinn Baldursson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fráfarandi borgarstjóri og Hanna Birna Kristjánsdóttir, voru þung á brún þegar þau fjölluðu um tilurð samstarfsslita við Framsóknarflokk á blaðamannafundi við heimili Vilhjálms í Ljárskógum síðdegis í gær.

# Félagshyggja í þágu almannahagsmuna

**Verðandi borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, segir nýja borgarstjórn ætla að standa vörð um almannahagsmuni og efla opinbera þjónustu. Margrét Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar, segist sitja fyrir hönd óháðra í borgarstjórn.**

**STJÓRNMÁL** „Þessi nýi meirihluti er félagshyggjustjórn sem er stofnuð um almannahagsmuni í orkumálum, um öfluga opinbera þjónustu, um fumlaus vinnubrögð, fagleg vinnubrögð og lýðræðisleg vinnubrögð,“ sagði Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar og verðandi borgarstjóri, þegar hann kynnti samkomulag um nýjan meirihluta við Ráðhús Reykjavíkur í gær.

Dagur sagði borgarfulltrúa flokkanna sem standa að nýju meirihlutasamstarfi meðvitaða um að hlutirnir hefðu gerst hratt. Í gær hafði verkaskipting hins nýja meirihluta verið ákveðin í grófum dráttum, en Dagur sagði eftir að skipa niður í nefndir og ráð, það yrði gert formlega á borgarstjórnarfundi næstkomandi þriðjudag.

Ákveðið var að Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra, yrði forseti borgarstjórnar. Hún er varamaður Ólafs F. Magnússonar, eina borgarfulltrúa framboðsins, sem er í veikindaleyfi. Margrét sagði sig úr Frjálslynda flokknum og er nú varaformaður Íslandshreyfingarinnar. Hún sagðist í gær sitja í borgarstjórn sem fulltrúi óháðra á lista Frjálslyndra og óháðra.

Aðspurður sagði Dagur að Samfylkingin myndi skipa nýjan stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur. Björn Ingi staðfesti þó að hann myndi áfram eiga sæti í stjórninni.

„Ég tek niðurstöðuna að mörgu leyti mjög nærri mér,“ sagði Björn Ingi. Hann sagði að talsvert hefði borið í milli hjá sér og fyrrverandi samstarfsmönnum hans í Sjálfstæðisflokki á löngum fundi á miðvikudag. Sér hefði verið ljóst að óeiningin innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins væri slík að það gæti orðið mjög erfitt að vinna með flokknum að tilteknum verkefnum í framtíðinni.

„Ég tel [...] að margt af því sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur þurft að þola hafi ekki verið réttmætt, og hann hafi ekki notið þess stuðnings í sínum flokki sem hann hafi átt skilið,“ sagði Björn Ingi.

magnush@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is

### VERKASKIPTING NÝS MEIRIHLUTA

**Dagur B. Eggertsson**
*Borgarstjóri.*
Samfylkingin mun leiða í mennta- og velferðarmálum og eiga stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur.

**Svandís Svavarsdóttir**
*Pólitískur staðgengill borgarstjóra og formaður sameinaðs borgarstjórnarflokks meirihlutans.*
Mun leiða heildarstefnumótun í málefnum Orkuveitu Reykjavíkur. Vinstri græn munu leiða í umhverfis- og samgöngumálum, skipulagsmálum, Sorpu og Strætó.

**Björn Ingi Hrafnsson**
*Formaður borgarráðs og stjórnarformaður Faxaflóahafna og stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur.*
Framsóknarflokkurinn mun leiða í íþrótta- og tómstundamálum.

**Margrét Sverrisdóttir**
Forseti borgarstjórnar.
Frjálslyndir og óháðir leiða starf í menningar- og ferðamálum og stýra heilbrigðisnefnd.

### MARGRÉT Í MJÖG STERKRI STÖÐU

„Ég sé ekki betur en menn séu að átta sig á því að Margrét sé í mjög sterkri stöðu þarna,“ segir Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar.



ÓMAR RAGNARSSON

„Hún er að vísu varaborgarfulltrúi fyrir Ólaf F. Magnússon,“ segir Ómar.

„Það hefur æxlast þannig að efstu menn á þessum lista eru í Íslandshreyfingunni og staða Margrétar er svolítið sérkennileg,“ segir Ómar og minnir á að ekki sé um nýjan R-lista að ræða. Ólafur hafi ekki verið í R-listanum og hann hafi gengið til liðs við F-lista sem óháður, ekki frjálslyndur.

### SVANDÍS KOM ÞEIM Á KNÉ

„Ég held að það sé öllum ljóst hver á heiðurinn að því að koma fyrri meirihluta á kné; það er Svandís Svavarsdóttir með hetjulegri framgöngu í þessu Orkuveitumáli,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Þetta sýnir að menn geta farið svo langt frá sjálfum sér og gengið svo fram af samfélaginu í klíkuskap og ólýðræðislegum vinnubrögðum að þeim hefnist fyrir það,“ segir Steingrímur.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HRAÐFARA ÚRKOMUSVÆÐI**
Nú liðna nótt voru skil að mjaka sér yfir landið sem úr féll víða mikil rigning. Kerfið er hins vegar hraðfara og á ég ekki von á öðru en að þurrt verði orðið á norðan- og austanverðu landinu nálægt hádegi og að þar létti töluvert til um miðjan dag. Á hinn bóginn taka skúrir við af rigningunni á sunnan- og vestanverðu landinu og það skúraloft gæti teygt sig yfir á Norðurlandið í kvöld.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Sunnan og suðaustan strekkingur. Skúrir. Hiti 8-12 stig.

um hádegi »




» á morgun




10-15 m/s.

» sunnudagur




Norðaustan 8-13 m/s vestan til, annars hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C skúrir | London | 20°C alskýjað | Friedrichshafen | 17°C léttskýjað |
| Billund | 14°C skúrir | París | 19°C alskýjað | Lúxemborg | 17°C léttskýjað |
| Osló | 7°C hálfskýjað | Amsterdam | 17°C alskýjað | Alicante | 21°C skúrir |
| Stokkhólmur | 7°C skúrir | Frankfurt | 16°C skúrir | Róm | 22°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 12°C léttskýjað | Berlín | 14°C skúrir | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Ítalskir dagar
TILBOÐ
998kr/kg
Verð áður 1.577,-
25%
afsláttur
við kassa
Lambasirloin
með myntu, hvítlauk og sítrónu
Lambalæri
kryddað með hvítlauk og rósmarín
Ítalía ferskt pasta
- nú einnig heilhveiti pasta
Kjöt&Fisktorgið
Alltaf ferskt
Sikileyskur
kálfapottréttur
10%
afsláttur
við kassa
Ítalskar kjötbollur
í tómat-rjómaostasósu
Fumagalli
- ekta ítalskt álegg
Tveir fyrir einn
ESPRESSÓ
KAFFI
25%
afsláttur
við kassa
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
Nú
á tilboði
Ítalía Espressó kaffi
– baunir eða malað
Ítalía 8 tegundir af kryddmyllum
– það gerist vart ferskara en nýmalað
Ítölsk brauð
– hvert öðru betra
TILBOÐ
389kr
Verð áður 459
MiniPizza
Bruschetta
Ricetti d'Autore
Jói FEL
Ítölsk rúlla
Skinkurúlla
Galileo ítalskar vörur
– tilbúið beint í ofninn. Flott sem forréttur
Copaim
- grillað grænmeti
Jóa Fel brauðrúllur
– tilbúnar beint í ofninn
Gildir til 14. október eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## NÝR MEIRIHLUTI Í BORGARSTJÓRN

### BORGARSTJÓRAR REYKJAVÍKUR

- Jón Þorláksson 1932-1935
- Pétur Halldórsson 1935-1940
- Bjarni Benediktsson settur borgarstjóri 8. október 1940. Kosinn frá 9. janúar 1941 til 4. febrúar 1947.
- Gunnar Thoroddsen frá 4. febrúar 1947 til 6. október 1960.
- Auður Auðuns og Geir Hallgrímsson voru settir borgarstjórar frá 19. nóvember 1959 til 6. október 1960.
- Geir Hallgrímsson var kosinn borgarstjóri frá 6. október 1960 til 1. desember 1972.
- Birgir Ísleifur Gunnarsson frá 1. desember 1972 til 28. maí 1978.
- Egill Skúli Ingibergsson frá 15. ágúst 1978 til 27. maí 1982.
- Davíð Oddsson frá 27. maí 1982 til 16. júlí 1991.
- Markús Örn Antonsson frá 16. júlí 1991 til 17. mars 1994.
- Árni Sigfússon frá 17. mars 1994 til 13. júní 1994.
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir frá 13. júní 1994 til 1. febrúar 2003.
- Þórólfur Árnason frá 1. febrúar 2003 til 1. desember 2004.
- Steinunn Valdís Óskarsdóttir frá 1. desember 2004 til 13. júní 2006.
- Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson frá 13. júní 2006 til 11. október 2007.
- Dagur B. Eggertsson frá 11. október 2007.



FORYSTUMENN FRAMBOÐANNA BÍÐA ÚRSLITA KOSNINGANNA 2006
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SAMSTARF SJÁLFSTÆÐISFLOKKS OG FRAMSÓKNARFLOKKS HANDSALAÐ
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


# OPINN FUNDUR

## BORGARSTJÓRNARFLOKKS FRAMSÓKNAR

**Borgarstjórnarflokkur Framsóknar boðar til opins fundar í dag 12. október kl. 12 á Hverfisgötu 33, 3. hæð. Þar verður farið yfir atburðarás liðinna daga og ný staða í borgarstjórn Reykjavíkur rædd.**

**Allir velkomnir!**

**Framsókn**


# Skammlífur meirihluti

**Laugardagur 27. maí 2006 – Gengið til kosninga**
Reykvíkingar gengu til borgarstjórnarkosninga sem lyktaði með því að sjálfstæðismenn komust aftur til valda í borginni. Í tólf ár, eða frá árinu 1994, hafði R-listinn verið við völd. Sjálfstæðisflokkurinn fékk sjö menn kjörna, Samfylkingin fjóra, Vinstrihreyfingin – grænt framboð tvo og Frjálslyndi flokkurinn og Framsókn einn hvor flokkur.

**Sunnudagur 28. maí 2006 – Allt leikur í lyndi milli Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokksins**
Kannanir höfðu bent til þess að sjálfstæðismenn myndu fá meira fylgi en raunin varð, jafnvel hreinan meirihluta. Daginn eftir kosningar var þó ljóst að meirihlutinn yrði myndaður af tveimur flokkum. Í fyrstu þótti líklegt að sá meirihluti yrði myndaður af Sjálfstæðisflokki og Frjálslynda flokknum. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, hitti Ólaf F. Magnússon, oddvita Frjálslynda flokksins, á kvöldfundi og ræddu þeir, ásamt efstu mönnum sinna lista, myndun nýs borgarstjórnarmeirihluta og tókust í hendur fyrir framan myndavélar.

**Mánudagur 29. maí 2006 – Allt leikur í lyndi milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks**
Sjálfstæðismenn slitu skyndilega viðræðum við frjálslynda. Ólafur F. Magnússon talaði um vonbrigði. Atburðarásin hafði verið hröð. Boðaður hafði verið fundur um hádegisbil. Frjálslyndir höfðu undirbúið viðræður. Klukkan tvö hringdi Vilhjálmur og afboðaði fundinn. Ástæðan? Hann sagði frjálslynda of ósveigjanlega í flugvallarmálinu.
Vilhjálmur tilkynnti á blaðamannafundi seinna um daginn að „alvöruviðræður“ væru hafnar við framsóknarmanninn Björn Inga Hrafnsson. Þeir innsigluðu samstarfið með handabandi.

**Fimmtudagur 11. október 2007 – Samstarfinu slitið**
Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokksins, lýsti því yfir á fundi með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra að hann hygðist slíta meirihlutasamstarfinu. Vó þar þyngst að Björn Ingi var ekki sammála, frekar en fulltrúar allra annarra flokka, þeirri ákvörðun sjálfstæðismanna að selja hlut borgarinnar í REI. Klukkan hálf ellefu í gær fundaði Björn svo með minnihlutanum í Reykjavík um myndun nýs meirihluta. Aðstoðarmaður Vilhjálms reyndi að ná í Björn Inga um daginn en án árangurs. Um tvöleytið tilkynnti Björn Ingi svo að hann hefði náð samkomulagi við minnihlutann í borgarstjórn. Klukkan hálf fimm var haldinn fundur nýs meirihluta og að Dagur B. Eggertsson yrði nýr borgarstjóri, Björn Ingi Hrafnsson formaður borgarráðs, Margrét K. Sverrisdóttir forseti borgarstjórnar og Svandís Svavarsdóttir formaður sameinaðs borgarstjórnarflokks og staðgengill borgarstjóra.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN
VILHJÁLMUR OG ÓLAFUR F. RÆÐA SAMAN



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM
FORYSTUMENN Í NÝJUM MEIRIHLUTA

### MEIRIHLUTI FYRR OG NÚ




### DAGUR BORGARSTJÓRI

Dagur B. Eggertsson fæddist í Ósló 19. júní 1972 og ólst upp í Noregi til sjö ára aldurs. Hann tók stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík og læknispróf við Háskóla Íslands. Þá lauk hann meistaraprófi í mannréttindalögum frá Háskólanum í Lundi. Dagur var kjörinn í borgarstjórn fyrir Reykjavíkurlistann árið 2002. Hann er kvæntur Örnu Dögg Einarsdóttur, lækni á Landspítalanum, og eiga þau tvö börn, Ragnheiði Huldu og Steinar Gauta.






## HVAÐ SEGJA BORGARBÚAR?



Æ, ég veit það eiginlega ekki. Þetta er allt sama pakkið.

**DAGNÝ BALDVINSDÓTTIR**
Kennari



Ég hef fylgst vel með þessu máli undanfarið og mér líst bara vel á þetta.

**HILDUR JÚLÍUSDÓTTIR**
Hjúkrunarfræðingur



Mjög illa. Mér finnst þetta mjög skrítið. Það þurfti ekki mikið til.

**HÖGNI HÖGNASON**
Matreiðslumaður


LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is

# Bólusetning gegn inflúensu – engin bið

**Lyfja Lágmúla:** alla daga kl. 15–19
**Lyfja Smáralind:** alla daga kl. 13–15
**Lyfja Laugavegi:** föstudaga kl. 13–17

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 39345 09/07


IMPREZA | 2008
SYMMETRICAL AWD
SUBARU
NÝR SUBARU IMPREZA
FRUMSÝNDUR UM HELGINA
Við frumsýnum nýjan Subaru Impreza, einn öflugasta og flottasta bíllinn í sínum flokki, með fjórhjóladrifi – á ótrúlega góðu verði.
Subaru Impreza
SUBARU
Beinskiptur 1.5R 1.990.000 kr.
Sjálfskiptur 2.0R 2.290.000 kr.
ÞÉR ER BOÐIÐ Í VEISLU
Við hjá Ingvari Helgasyni bjóðum þér í heimsókn með alla fjölskylduna um helgina. Við frumsýnum nýjan Subaru Impreza, við færum þér kaffi, pönnukökur og fleira góðgæti. Þú mátt koma inn á skónum og krakkarnir mega vera með læti. Sjáumst.
OPIÐ:
LAUGARDAG KL. 12-16
SUNNUDAG KL. 13-16
Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is
IH
INGVAR HELGASON

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hver á að annast matreiðslu á Litla-Hrauni?*

**2.** *Hvaða bítlasonur er sagður í vinfengi við dóttur Kára Stefánssonar?*

**3.** *Í hvaða bergtegund vill Orkuveitan binda koltvísýring?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Sex manns voru handteknir eftir innbrot í verslun Tölvulistans í Hlíðarsmára:

# Grunaðir um nokkur innbrot

**LÖGREGLUMÁL** „Aðkoman að þessu var óskemmtileg,“ segir Sæmundur Einarsson, rekstrarstjóri Tölvulistans, en brotist var inn í verslun fyrirtækisins í Hlíðarsmára í Kópavogi um þrjúleytið aðfaranótt fimmtudags og níu fartölvum stolið. „Þetta er alltaf leiðinlegt þegar svona gerist en við erum tryggð fyrir öllu tjóni og því betur gerist þetta ekki oft,“ segir Sæmundur.

Innbrotsþjófarnir brutust inn eftir að hafa brotið rúðu í versluninni og höfðu hröð handtök. Stukku inn, tóku fartölvurnar og forðuðu sér út aftur. Öryggiskerfi í versluninni fór í gang þegar rúðan var brotin og kom lögreglan á vettvang skömmu síðar.

Sex menn, sá elsti fæddur 1973 en sá yngsti 1990, voru handteknir rúmlega tveimur tímum eftir að brotist var inn í verslunina. Þeir eru grunaðir um nokkur innbrot á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum dögum. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hafa mennirnir komið við sögu lögreglu áður.

Í fórum mannanna fannst þýfi sem grunur leikur á að hafi verið úr nokkrum innbrotum sem framin voru á undanförnum dögum. Mönnunum var sleppt seinni partinn í gær að loknum yfirheyrslum. **- mh**



**VERSLUN TÖLVULISTANS** Brotist var inn í verslunina í gegnum rúðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Vinnumálastofnun:

# Vinnuveitendur taka eftirliti vel

**VINNUMARKAÐUR** Eftirlitsmönnum Vinnumálastofnunar sem afla upplýsinga um skráningu og kjör erlendra starfsmanna hefur verið tekið vel á öllum vinnustöðum sem heimsóttir hafa verið. Þá hafa stjórnendur tekið öllum ábendingum vel.

Ágúst Þorsteinsson eftirlitsmaður segir að á einum stað hafi undirverktaki ekki þekkt reglur um skráningu starfsmanna við vinnustaðaskipti en því hafi verið kippt í liðinn strax daginn eftir.

„Öll fyrirtæki hafa sýnt mikla vinsemd og hrósað þessu verkefni,“ segir hann. **- ghs**

Nítján ára Akureyringur:

# Skilorðsbundið fangelsi fyrir hnefahögg

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás.

Hann kýldi rúmlega þrítugan mann í andlitið með krepptum hnefa á heimili fórnarlambsins á Ólafsfirði um síðustu jól, með þeim afleiðingum að hann hlaut sár á neðri vör og endajaxl brotnaði.

Árásarmaðurinn játaði sök, og var tekið tillit til þess í dómnum sem féll í Héraðsdómi Norðurlands í gær.

Auk fangelsisdóms var honum gert að greiða fórnarlambi sínu um tvö hundruð þúsund krónur í bætur auk fimmtíu þúsund króna í málsvarnarlaun til verjanda síns. **- sþs**

Breski rithöfundurinn Doris Lessing hlýtur bókmenntaverðlaun Nóbels í ár:

# Lætur sér fátt um upphefðina finnast

**STOKKHÓLMUR, AP** Breski rithöfundurinn Doris Lessing fær bókmenntaverðlaun Nóbels í ár fyrir að hafa „með efahyggju, eldmóði og spádómskrafti farið ofan í saumana á klofnum menningarheimi“, eins og sænska akademían kemst að orði í yfirlýsingu sinni.

„Æ, guð minn almáttugur, mér er nákvæmlega sama,“ voru fyrstu viðbrögð hennar í gær þegar blaðamenn tilkynntu henni um heiðurinn. „Þetta hefur staðið yfir stanslaust í þrjátíu ár.“

Horace Engdal, formaður akademíunnar í Stokkhólmi, náði ekki að hafa samband við Lessing áður en hann tilkynnti opinberlega hver hlyti bókmenntaverðlaunin í ár. Blaðamenn færðu henni tíðindin þegar hún kom heim til sín í svörtum leigubíl í London tveimur stundum síðar.

„Ég hef fengið öll verðlaun í Evrópu, hver einustu, þannig að ég er himinlifandi með að hljóta þau öll,“ sagði rithöfundurinn.

Hún er fædd í Persíu árið 1919 en fluttist ung þaðan með breskum foreldrum sínum til Ródesíu (nú Simbabve) og síðar til Suður-Afríku þar sem hún bjó lengi. Hún flutti til London árið 1949 en hefur í mörgum helstu verkum sínum fjallað um Afríku, meðal annars í fyrstu skáldsögu sinni The Grass is Singing sem fjallar um samskipti hvítrar konu og þeldökks þjóns hennar.

Doris Lessing verður 88 ára eftir tíu daga, og verður þar með elst allra rithöfunda til að taka við bókmenntaverðlaunum Nóbels. Verðlaunin verða afhent í Stokkhólmi 10. desember. **- gb**



**DORIS LESSING** Hún sló í gegn árið 1962 með skáldsögu sinni The Golden Notebook, sem sænska akademían segir „eina af fáum bókum sem upplýsa um viðhorf 20. aldarinnar til sambands karls og konu“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## VERK Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU

- 1950 Grasið syngur (The Grass Is Singing), þýðing 1986
- 1952 Martha Quest (Martha Quest), þýðing 1990
- 1954 Í góðu hjónabandi (A Proper Marriage), þýðing 1991
- 1958 Veðraþytur (A Ripple from the Storm), þýðing 1992
- 1973 Sumarið fyrir myrkur (The Summer Before the Dark), þýðing 1989
- 1974 Minningar einnar sem eftir lifði (The Memoirs of a Survivor), þýðing 1985
- 1983 Dagbók góðrar grannkonu (The Diary of a Good Neighbour), þýðing 1988


# Ekki taka áhættu

## Veldu LÚXUS hjá Bílalandi B&L

Það er ekki allt sem sýnist þegar bílar eru fluttir inn notaðir. Áhættuþættirnir eru fjölmargir.
Vandaðu valið, veldu trausta aðila í kaupum á nýlegum lúxusbílum þar sem öryggi og þjónusta er í fyrirrúmi.
Allir bílar hjá okkur eru vandlega söluskoðaðir og í eigu Bílalands B&L. Komdu í reynsluakstur.



**BMW X3**
Nýskr: 05/2006, 2500cc
Sjálfskiptur, svartur
Ekinn 13.000 þ.
**Verð kr. 5.250.000**



**BMW X5**
Nýskr: 11/2004, 3000cc
beinskiptur, dökkblár
Ekinn 76.000 þ.
**Verð kr. 4.700.000**



**Land Rover Discovery**
Nýskr: 05/2005, 2700cc dísel
Sjálfskiptur, dökkgrár
Ekinn 74.000 þ.
**Verð kr. 5.950.000**



**Mercedes C350 4M**
Nýskr: 06/2006, 3500cc
sjálfskiptur, svartur
Ekinn 5.500 þ.
**Verð kr. 5.700.000**

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

bíla land B&L notaðir bílar

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

bilaland.is

# NJÓTTU BETRI VAXTA

## Hagstæðari kjör á Netinu



Öllum nýjum viðskiptavinum býðst að fá yfirdrátt með

**12,25% vöxtum**

fyrstu sex mánuðina. Hvergi annars staðar bjóðast jafn lágir yfirdráttarvextir.

Netbankinn hefur frá upphafi sérhæft sig í bankaviðskiptum á Netinu og boðið bestu vextina. Á því verður ekki breyting!

### Vextir á debetreikningum Netbankans:

| | | |
|---|---|---|
| **Silfur** | | |
| | Innlánsvextir | 6,80–9,30% |
| | Yfirdráttarvextir | 21,10% |
| **Gull** | | |
| | Innlánsvextir | 8,95–11,45% |
| | Yfirdráttarvextir | 17,90% |
| **Platinum** | | |
| | Innlánsvextir | 12,85–13,95% |
| | Yfirdráttarvextir | 16,90% |

Sæktu um debetkort á www.nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa í síma 550 1800 og byrjaðu strax að njóta betri vaxta.

Netbankinn
*– með betri vexti*

Himinn og haf / SÍA



**LISTFLUG** Indverskar herþotur skildu eftir sig reykjarstróka þegar þær sýndu listir sínar á árlegri sýningu sem fram fór við Nýju-Delí, höfuðborg Indlands, í tilefni af 75 ára afmæli flughersins. NORDICPHOTOS/AFP

Persónuvernd segir persónuverndarlög einnig gilda um stjórnmálastarf:

# Stjórnmálastarf skoðað ef þarf

**STJÓRNSÝSLA** „Ef við hefðum fengið upplýsingar um að stjórnmálaflokkar hefðu beitt sömu aðferðum og Alcan gerði hefðum við rannsakað málið með nákvæmlega sama hætti,“ segir Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær segir Gunnar Steinn Pálsson, eigandi GSP-Samskipta sem vann fyrir Alcan í aðdraganda íbúakosninganna um stækkun álversins í Straumsvík, að aðferðum sem beitt var í kosningabaráttunni, meðal annars skráning persónuupplýsinga í tölvukerfi, hafi verið beitt árum saman í stjórnmálastarfi og þá einkum í prófkjörum. Á þeim forsendum fannst honum „mjög merkilegt“ að Persónuvernd hefði séð ástæðu til þess að athuga málefni Alcan sérstaklega. Persónuvernd úrskurðaði fyrr í vikunni að Alcan hafi brotið gegn persónuverndarlögum með því að sinna ekki upplýsingaskyldu þegar persónuupplýsingum var safnað saman í tölvukerfi á vegum flokksins.



**ALCAN** Persónuvernd mun skoða meðferð persónuupplýsinga í stjórnmálastarfi ef ábendingar um það berast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Særún María segir Persónuvernd ekki hafa borist ábendingar um að ólöglega hafi verið staðið að málum. „Við höfum ekki kannað stjórnmálastarfið hvað þetta varðar en ef við fáum ábendingar um svona vinnubrögð tökum við þær til athugunar.“ - mh

Kosningaloforð Howards:

# Kosið verði um rétt frumbyggja

**ÁSTRALÍA, AP John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, gaf í gær loforð um að yrði hann endurkosinn myndi hann sjá til þess að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin í Ástralíu um viðurkenningu á réttindum og stöðu frumbyggja álfunnar.**

**Þetta er mikil stefnubreyting hjá forsætisráðherranum, nú fáeinum vikum fyrir þingkosningar.**

**Hann ítrekaði þó að hann vildi ekki biðjast afsökunar fyrir hönd Ástralíu á þeirri meðferð sem frumbyggjar hafa einatt mátt sæta.** - gb



**AKRANES** Finna á nýtt húsnæði fyrir söfn í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Húsakostur safna á Akranesi:

# Mikilvæg gögn í bráðahættu

**SVEITARSTJÓRNIR** Minnihluti menningarmála- og safnanefndar Akraness segir algerlega ólíðandi að húsnæði bókasafnsins og héraðsskjalasafnsins sé að grotna niður: „Strax verður að bregðast við til að forðast menningarsögulegt stórslys. Leggjum við til að Skjalasafni Akraness verði tafarlaust fundið viðunandi húsnæði og þannig verði mikilvægum gögnum um sögu Akraness bjargað undan þeirri bráðu hættu sem nú vofir yfir þeim.“ Meirihluti lagði þá til að skorað yrði á bæjarstjórn Akraness að finna strax húsnæði fyrir bókasafn og héraðsskjalasafn og einnig fyrir Ljósmyndasafn Akraness. - gar

**HAFNARFJÖRÐUR**

## Sjörnuskoðun í Krýsuvík

Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness hefur óskað eftir því að fá framtíðaraðstöðu í Krýsuvík fyrir stjörnuskoðunarstöð. Skólameistari Flensborgarskóla mælir með því að orðið verði við erindinu sem bæjarráð sendi skipulags- og umhverfissviði til umsagnar.

# Pólitísk formsatriði hefta framganginn

**Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur segir ágreining um „pólitísk formsatriði“ hafa áhrif á starf þeirra sem vinna að útrás á sviði jarðhita. Íslensk sérfræðiþekking í fararbroddi, segir forseti jarðhitasambandsins.**

**ORKUMÁL** „Meðan menn rífast um einhver pólitísk formsatriði eins og hundur og köttur getur tapast niður forskot á fyrirtæki sem eru miklu stærri félög en Reykjavík Energy Invest (REI) verður nokkurn tímann. Það eru til að mynda stóru olíufélögin í heiminum sem eru þegar byrjuð að þreifa fyrir sér á þessum markaði,“ segir Grímur Björnsson, jarðeðlisfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR), um tækifærin á sviði jarðvarmanýtingar í heiminum.



**GRÍMUR BJÖRNSSON** Hefur kennt í um tuttugu ár í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Grímur er með meistarapróf í forðafræði jarðhita frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu og hefur á undanförnum árum fundið fyrir sífellt auknum áhuga erlendra orkufyrirtækja á jarðhitaþekkingu.

„Ég hef fengið starfstilboð frá erlendum olíufélögum þar sem eru peningar í spilunum sem eru algjörlega úr takti við allt sem hér tíðkast og byggja öðru fremur á því hvernig orkufyrirtæki horfa til þessara verkefna til framtíðar litið.“

Grímur er einn þeirra sem unnið hafa að jarðvarmarannsóknum innan OR sem hafa síðar orðið grundvöllur þess að ráðist hefur verið framkvæmdir, bæði hér á landi og erlendis. Verðmæti REI er talið vera um 65 milljarðar króna og þar af er sérfræðiþekking OR á sviði jarðvarma verðlögð á um tíu milljarða.



**FRÁ FUNDI JARÐHITASAMBANDSINS** Um fjörutíu manns funduðu í Gvendarbrunni um ýmis mál tengd jarðhita á aðalfundi Alþjóða jarðhitasambandsins. MYND/BENEDIKT STEINGRÍMSSON

Grímur segir það fyrst og fremst vera „hörkuvinna“ sem býði íslenskra fyrirtækja sem ætli sér stóra hluti á þessu sviði. „Ég hef verið að kenna í Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna undanfarin tuttugu ár. Margir þeirra nemenda sem hafa verið hér eru orðnir lykilmenn hjá ýmsum erlendum fyrirtækjum í dag og það lýsir vel spenningnum á markaðnum fyrir þessari sérfræðiþekkingu,“ segir Grímur og ítrekar að hröð handtök séu lykillinn að velgengni en nú sé unnið að því hörðum höndum að ná í verkefni á erlendum vettvangi. „Þetta er hörkupuð og ef vel á að takast til þarf að nýta tækifærin hratt sem bjóðast. Þetta er vinna sem kallar á ferðalög og rannsóknir á svæðum sem geta verið hættuleg. Það þarf kjark og skarpa framtíðarsýn til þess að ná í verkefni og fyrst og fremst snýst þetta um hröð handtök og útsjónarsemi. Að því leyti er þetta gífurlega skemmtileg vinna. Svo er það virkilega gefandi að hugsa til þess að þessi verkefni bæta heiminn.“

John W. Lund, forseti Alþjóða jarðhitasambandsins (IGA) og prófessor við Oregon Institue of Technology, segir mikinn áhuga vera á því að nýta jarðvarma í Bandaríkjunum. „Íslendingar hafa lengi haft forystu í þessum málum og mér sýnist íslensk fyrirtæki á þessu sviði hafa náð góðum árangri erlendis, meðal annars í Bandaríkjunum. Þar hefur forseti Íslands hjálpað mikið til með málflutningi sínum,“ segir Lund, sem staddur er hér á landi í tengslum við aðalfund Alþjóða jarðhitasambandsins.

magnush@frettabladid.is



**RUDOLF BLECHSCHMIDT** Þessa mynd birtu gíslatökumenn af Þjóðverjanum síðastliðinn sunnudag. MYND/AP

Gíslum sleppt í Afganistan:

# Þjóðverji í skiptum fyrir skæruliða

**AFGANISTAN, AP Þýskur verkfræðingur og fjórir Afganar, sem teknir voru í gíslingu í Mið-Afganistan í júlí í sumar, hafa verið látnir lausir í skiptum fyrir fimm dæmda glæpamenn, að því er talsmaður afganska stjórnvalda greindi frá.**

**Þjóðverjinn Rudolf Blechschmidt, sem var við hjálparstörf er honum var rænt, og Afganarnir fjórir voru fengnir í hendur fulltrúum afgönsku leyniþjónustunnar í Jaghatosýslu í Wardak-héraði á miðvikudag, að sögn Mohammeds Nahim sýslumanns.**

**Gíslatökur hafa færst í aukana í Afganistan á síðustu misserum.** - aa

**ÁRÉTTING**

Vegna fréttar Fréttablaðsins í gær um nýjan tungumálaskóla á netinu skal tekið fram að allar upplýsingar um hann má finna á vefsíðu skólans www.skoli.eu.

**SKAGASTRÖND**

## Vilja flotta sundlaug

Eitt hundrað og ellefu skólakrakkar á Skagaströnd vilja að byggð verð ný og flott sundlaug á skólalóðinni með flottri rennibraut og gosbrunni. Sveitarstjórnin ætlar að ræða möguleikana á því við verkfræðilegan ráðgjafa.




Sambýlismaðurinn grunaður:

## Kona féll fram af fjórðu hæð

**DANMÖRK** Maður er grunaður um að hafa hrint sambýliskonu sinni fram af fjórðu hæð byggingar í Gellerup-hverfinu í Árósum aðfaranótt miðvikudags. Konan lést um nóttina af meiðslunum sem hún hlaut við fallið.

Maðurinn hefur verið dæmdur í fjögurra vikna gæsluvarðhald meðan á rannsókn málsins stendur.

Yfirheyrslur á manninum fara fram fyrir luktum dyrum og vill lögregla ekkert gefa upp um málið. Maðurinn hafði þó áður lýst yfir að hann væri saklaus.

Fréttavefur Avisen greinir frá þessu. - sdg



**TIMUR ZOLOTUSKIY** „Í kvöld sjáum við hversu margir koma á stofnfundinn,“ segir Timur Zolotuskiy, prestur Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar.

Rússneskumælandi fólk:

## Stofnar menningarsamtök

**MENNING** Stofnfundur samfélags rússneskumælandi fólks verður haldinn í kvöld. Séra Timur Zolotuskiy, prestur Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, segir að félagið verði menningarfélag fyrir alla rússneskumælandi. Stofnfundurinn, sem fer fram á Hverfisgötu 105 í Reykjavík, var auglýstur á rússnesku í Fréttablaðinu í gær.

Rússneskumælandi fólk dreifist yfir fimmtán lönd fyrrum Sovétríkjanna en á að sögn Timurs rússnesku tunguna sameiginlega. „Rússneskumælandi menn á Íslandi eru ekki allir trúaðir og þess vegna höfum við ekki haft nein sameiginleg samtök. Í kvöld sjáum við hversu margir koma á stofnfundinn,“ segir hann. - ghs





Sölusýning




Á morgun frá 10 til 16

Á morgun, **laugardag**, efnum við til sölusýningar í verslun okkar að Nóatúni 4. Þar gefst tækifæri til að skoða allt hið nýjasta sem við bjóðum, m.a. þráðlausa síma, eldunartæki, kæli- og frystitæki, uppþvottavélar, þvottavélar, þurrkara, ryksugur, smátæki og mikið úrval af alls kyns lömpum til heimilisnota. **Fjöldi tilboða** í tilefni dagsins. Veittur verður **ríflegur staðgreiðsluafsláttur.**

Skoðið öll Tækifæristilboðin á **www.sminor.is.**

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur. Það verður heitt á könnunni!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is





GERVIGREINDAR HÁTÍÐ
BORGARLEIKHÚSINU 13. OKTÓBER 2007
AÐGANGUR ÓKEYPIS
13:00 Hátíðin sett
Dr. Kristinn R. Þórisson, dósent í tölvunarfræði
Meðstjórnandi Gervigreindarseturs HR
13:15 Gervigreind í geimnum
Dr. Ari K. Jónsson, fyrrv. vísindamaður hjá NASA
Forseti Tölvunarfræðideildar HR
13:40 Hvernig maður verður heimsmeistari í gervigreind
Dr. Yngvi Björnsson, dósent í tölvunarfræði
Meðstjórnandi Gervigreindarseturs HR
14:15 Gervigreind í gervilimum
Grímur Jónsson, Össur hf
14:30 Gervigreind í iðnaði og framleiðslu
Dr. Kristinn Andersen, Marel hf
14:45 Gervigreindarrannsóknir á Íslandi: Gervigreindarsetur HR
Dr. Kristinn R. Þórisson
15:00 Tónleikar
Landskunnir tónlistarmenn Matthías M.D. Hemstock, Jóel Pálsson o.fl. berjast um heimsyfirráð við vélvitund
15:15 Verðlaunaafhending í gervigreindarkeppninni
Dr. Kristinn Andersen og dómnefnd veita verðlaunin, styrkt af CCP
15:30 Veitingar – Opin kynning á íslenskum gervigreindarverkefnum, rannsóknarsetrum, fyrirtækjum og samtökum CCP, Hexa.net, ISIR, CADIA, Rannís, Tungutæknisetur ...og margir fleiri
CADIA marel food systems HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY KAUPÞING IS IR

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

## Seðlabanki Bandaríkjanna metur stöðu efnahagsmála:

# Svigrúm til stýrivaxtalækkunar

**EFNAHAGSMÁL** Tvær helstu hlutabréfavísitölur Bandaríkjanna ruku í methæðir á þriðjudag eftir að Bandaríski seðlabankinn birti fundargerð af síðasta vaxtaákvörðunarfundi sínum í september.

Gengi hlutabréfa rauk upp vestanhafs í kjölfarið og enduðu Dow Jones og S&P vísitölurnar í hæsta lokagildi sínu til þessa.

Í fundargerð bankastjórnarinnar kemur fram að þrátt fyrir verðbólguþrýsting geti lausafjárkreppan dregið úr einkaneyslu og þar með hagvexti. Svigrúm sé því til frekari stýrivaxtalækkuna.

Bankastjórnin lækkaði stýrivexti um hálft prósentustig í september og fóru vextir í 4,75 prósent. Þetta var fyrsta stýrivaxtalækkun vestanhafs í fjögur ár.

Greinendur reikna með frekari vaxtalækkun á næstu mánuðum en telja ekki líkur á að bankastjórnin endurtaki leikinn á næsta fundi sínum í enda mánaðar. **- jab**



**TÍU HRAÐAMYNDAVÉLAR** Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður Snæfellinga, Kristján Möller samgönguráðherra og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri kynna fyrirætlanir um að setja upp sex hraðamyndavélar á næstu vikum til viðbótar við þær þrjár sem hafa verið settar upp á síðustu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hafa skilað 55 milljónum

**Tvær hraðakstursmyndavélar hafa þegar skilað allt að 55 milljónum króna í ríkissjóð. Sextán myndavélar geta skilað 1,7 milljörðum króna á einu ári.**

**LÖGREGLAN** Tvær stafrænar hraðamyndavélar voru teknar í notkun í júlí á þessu ári og mynda þær hraðakstursbrot á Vesturlandsvegi, milli Akranesvegar og Borgarness. Nýlokið er uppsetningu þriðju hraðamyndavélarinnar, sem staðsett er í Hvalfjarðargöngum.

Unnið er að uppsetningu sex hraðamyndavéla sem verða teknar í notkun eftir fjórar til sex vikur. Tvær myndavélar verða á Sandgerðisvegi, tvær á Garðskagavegi og tvær í Fáskrúðsfjarðargöngum. Sjö myndavélar verða síðan settar upp á næsta ári þannig að samtals verða þær sautján á landinu að meðtalinni einni myndavél á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ljóst hvar síðustu sjö verða staðsettar en það verður skipulagt á grundvelli áhættumats.

Hraðamyndavélarnar tvær á Vesturlandsvegi skiluðu allt að 55 milljónum króna í heildarsektarfjárhæðir á þremur mánuðum frá júlí og fram í lok september á þessu ári. Sextán hraðamyndavélar geta því skilað allt að 1,7 milljörðum króna á ári miðað við heildarfjárhæð sekta og að hraðakstursbrot haldist jafn mörg og á þriggja mánaða tímabilinu í sumar.

Á blaðamannafundi í gær kom fram að tekjur af hraðamyndavélunum væru ekki eyrnamerktar heldur rynnu þær í ríkissjóð. Ekki væri litið á þær sem tekjur heldur kosið að líta á umferðaröryggisþáttinn og áhersla lögð á að ná niður umferðarhraða. „Það er markmiðið,“ segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og bendir á að flesta muni um að borga sektirnar.

Samkvæmt samningi ríkislögreglustjóra, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu hefur alls 218 milljónum króna verið veitt til að herða umferðareftirlit. Auk kaupa á stafrænum hraðamyndavélum er búið að kaupa átta ný lögreglubifhjól, 32 ratsjártæki með myndavélum og ellefu öndunarsýnismæla. Þá hafa tveir starfsmenn verið ráðnir hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi. Þeir vinna úr myndunum úr hraðamyndavélunum. **ghs@frettabladid.is**

## Nepalska þingið:

# Ræðir afnám konungsveldis

**NEPAL, AP** Þjóðþingið í Nepal hóf í gær umræður um afnám konungsveldis í landinu að kröfu maóista, sem hafa þó ekki nægan þingstyrk til að ná fram breyttu stjórnarfyrirkomulagi.

Reiknað er að umræðurnar standi í nokkra daga áður en gengið verði til atkvæða.

Maóistar, sem hafa 87 þingmenn af 328, vilja setja konunginn af án tafar en 132 þingmenn Kongressflokksins vilja bíða eftir kosningu til stjórnlagaþings sem ákveður stjórnarfyrirkomulag landsins til framtíðar.



**MAÓISTAR MÓTMÆLA** Maóistar í Nepal vilja afnám konungsveldis strax. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stærsti flokkur þingsins, flokkur forsætisráðherrans Girija Prasad, er hins vegar andvígur afnámi konungsveldis. **- gb**

NÝR MIÐBÆR GARÐABÆJAR
KYNNINGARFUNDUR 13. OKTÓBER KL. 11



**Tillaga að deiliskipulagi nýs miðbæjar í Garðabæ verður kynnt á opnum fundi í Flataskóla laugardaginn 13. október kl. 11.**

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju bæjartorgi vestan við Garðatorg 7 og bílastæðahúsi undir því. Við torgið verða nýbyggingar fyrir íbúðir, verslanir og þjónustu ásamt nýju húsi fyrir Hönnunarsafn Íslands.

Á fundinum verður tillagan kynnt ítarlega og boðið upp á fyrirspurnir og umræður.

Hægt er að skoða tillöguna og greinargerð með henni á vef Garðabæjar www.gardabaer.is

Allir velkomnir



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

ENNEMM / SIA / NM29866




*Léttar veitingar í boði yfir daginn.*

*Líttu við og þú átt möguleika að vinna helgarferð til Köben fyrir tvo!*

# MEST

**BÝÐUR TIL SÝNINGAR Á ÖLLU ÞVÍ HEITASTA Í LAGNAEFNI Á MARKAÐNUM Í DAG.**

Kynningin fer fram í verslun MEST að Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, fimmtudaginn 11. okt. kl. 10-18 og föstudaginn 12. okt. kl. 10-18.

Á staðnum verða fulltrúar allra helstu framleiðenda lagnaefnis og kynna vöru sína.

*Líttu við og kynntu þér allt það nýjasta í lagnaefni á einum stað!*

Sanistål, hansgrohe, metabo, DURAVIT, EXHAUSTO, RIDGID, Carl F, PURUS, +GF+, TsurumiPump, ESCO, PURMO, BLÜCHER, Danfoss, KAIMANN, GRUNDFOS, KANSAS, wavin

mest – allt til bygginga

# BÓNUS BÝÐUR BETUR




KF Sveitabjúgu 299 kr/kg.
~~399 kr/kg~~. 25% afsláttur




MÓA grillaður heill kjúklingur ca.1150g
489 kr stk. 750 kr/kg. 35% afsláttur.



Spri




KF Hangiframpartur með beini
599 kr/kg. ~~799 kr/kg.~~ 25% afláttur




Bónus Kornbrauð 1 kg 98 kr.
Ath okkar brauð er 1000 gr




KS Ferskur lambahryggur 1049 kr/kg.
~~1398 kr/kg.~~ 25% afsláttur




KS Ferskt lambalæri 844 kr/kg.
~~1298 kr/kg.~~ 35% afsláttur

Kaupfélag Skagfirðinga




Íslenskt ungnautahakk 799 kr/kg.




Danskar svínalundir 1259 kr/kg.
~~1798 kr/kg.~~ 30% afsláttur

BÓNUS

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

**AFGREIÐSLUTÍMI** FÖSTUDAG: 10.00 TIL 19.30

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Bónus ÍS 2 ltr. Vanilla & Súkkulaði 179 kr.




BÓNUS




te & Sprite Zero
2 ltr. 79 kr




Nauta-At Íslenskir ungnautaborgarar
4x80g 398 kr.




Bónus kartöflumús
220g 98 kr.










Frosin sjávarblanda 250g
298 kr.

Frosin hörpuskel 200g
398 kr pakkinn.

Finish uppþvottavéladuft 1 kg
179 kr. 750g + 33% aukamagn.




## Libero bleiur, vsk af og rúmlega það! 25% afsláttur.

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

HEIMASÍÐA BÓNUS ER: **BONUS.IS** AÐALSÍMI BÓNUS: **588 8699**

BÓNUS



**HLEÐUR TÖSKUM Á HÖFUÐ** Ferðalangur á járnbrautarstöðinni í Dhaka, höfuðborg Bangladess, fær aðstoð við töskuburð hjá einum fjölmargra íbúa borgarinnar sem þannig vinna fyrir sér. NORDICPHOTOS/AFP

Orkuskólinn á Akureyri í samstarf við bandarískan tækniháskóla:

# Samvinna á mörgum sviðum

**MENNTAMÁL** RES Orkuskólinn á Akureyri og tækniháskólinn Colorado School of Mines í Bandaríkjunum hafa undirritað samstarfsyfirlýsingu um rannsóknir og kennslu í auðlinda- og orkumálum. Samkomulagið kveður á um samvinnu á sviði kennara- og nemendaskipta, dvöl gistiprófessora í hvoru landi fyrir sig, samvinnu um rekstur sumarskóla og samvinnu um rannsóknir á sviði auðlinda- og orkumála.

Björn Gunnarsson, akademískur forstöðumaður RES Orkuskóla, segir undirritunina mikilvæga enda sé um virta og þekkta stofnun að ræða. „Þetta er viðurkenning fyrir okkur hér og sýnir að sóst er eftir samvinnu við okkur. Samningurinn er líka mikilvægur vegna þess að í Colorado eru fleiri háskólar og stofnanir sem við hyggjumst hafa samvinnu við.“




**FRÁ UNDIRRITUN** Fulltrúar RES Orkuskóla og Colorado School of Mines undirrita samkomulagið.

Björn hyggur á ferð til Coloradoríkis í nóvember til að ræða við forsvarsmenn háskólans sem ætla að koma á laggirnar stofnun sem sérhæfir sig í sjálfbærri þróun í Colorado. „Þeir líta til okkar sem fyrirmyndar og vilja að við tökum þátt í þessari stofnun með beinum eða óbeinum hætti.“ Björn segir að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fari líklega í opinbera heimsókn til Colorado í boði fylkisstjórans á næstunni til að fylgja málinu frekar eftir. **- shá**

Tvítugur maður ákærður:

# Hrækti og hótaði lögreglunni

**DÓMSMÁL Karlmaður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir að hafa í hótunum við lögreglumenn, meðal annars að hóta þeim lífláti.**

**Atburðurinn átti sér stað í lögreglubifreið á Akureyri 27. maí. Verið var að flytja manninn frá Strandgötu á lögreglustöðina við Þórunnarstræti. Hann er einnig ákærður fyrir að hafa hótað að vinna fjölskyldum lögreglumannanna mein og hrækt framan í annan þeirra. Maðurinn er ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni og var málið gegn honum þingfest í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær.** **- jss**



**Á NATO-ÞINGI** Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu, annar f.v. ásamt fleiri fyrirmennum á NATO-þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forsætisráðherra Albaníu:

# Albanía stefnir í ESB og NATO

**UTANRÍKISMÁL Sali Berisha, forsætisráðherra Albaníu, átti fund með íslenskum starfsbróður sínum Geir H. Haarde í Ráðherrabústaðnum á þriðjudagsmorgun. Þeir ræddu meðal annars undirbúning Albaníu fyrir inngöngu í NATO og Kosovodeiluna. Þeir héldu síðan báðir ávarp á ársfundi Þingmannasamtaka NATO í Laugardalshöll.**

**Í ávarpi sínu sagði Berisha aðlögun Albaníu að evrópsku og Evrópu-Atlantshafssamstarfi vera „stærsta verkefni þjóðar sinnar á þessari öld,“ en fyrrnefnda markmiðinu hyggjast Albanar ná með inngöngu í Evrópusambandið og því síðarnefnda með NATO-aðild.** **- aa**



**VIÐHORFIN KÖNNUÐ** Forystumenn VM; Örn Friðriksson og Helgi Laxdal.

Vélstjórar og málmtæknimenn:

# Undirbúa samningagerð

**VINNUMARKAÐUR** Félag vélstjóra og málmtæknimanna, VM, hefur skipað samninganefndir vegna yfirvofandi kjarasamninga og verða viðhorf og forgangsröðun félagsmanna könnuð á næstunni. Vélstjórar og málmtæknimenn eru með tæpa þrjátíu kjarasamninga sem ná til um fjögur þúsund félagsmanna. Þessir samningar verða lausir um og eftir áramót.

Í tilkynningu frá VM segir að kaupmáttur reglulegra launa hafi aukist um 10,1 prósent að meðaltali frá ársbyrjun 2004 til júlí 2007. Þeir sem hafi aðeins fengið umsamdar lágmarkshækkanir og ekki notið launaskriðs hafi í dag lakari kaupmátt sem nemur 2,6 prósentum en fyrir síðustu samninga. Er þá ekki tekið tillit til skattbreytinga. **- ghs**

# Nýtt fangelsi kostar rúma tvo milljarða

**Áætlaður kostnaður við fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði fyrir 64 fanga nemur rúmlega tveimur milljörðum króna. Þarfagreiningu er lokið og fjármagni hefur verið veitt til frumathugunar. Næsti liður er útboð verksins.**

**FANGELSISMÁL** Áætlaður kostnaður við nýtt fangelsi sem fyrirhugað er að reisa á Hólmsheiði nemur 2.134 milljónum króna. Þessi áætlun er samkvæmt þarfagreiningu á nýju fangelsi sem lokið var við að gera fyrr á þessu ári.

„Til þess að unnt sé að taka endanlega ákvörðun um þetta þá þarf að gera svokallaða frumathugun sem er, samkvæmt verklagsreglum fjármálaráðuneytisins, fyrsti áfangi verklegra framkvæmda,“ segir Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri. „Næsta skref er því að gera þessa frumathugun, sem er um það bil sex mánaða vinna. Til þess höfum við fengið fjármagn á fjárlögum. Í hana verður farið alveg á næstunni.

Að frumathugun lokinni þarf að taka pólitíska ákvörðun um hvort reisa eigi umrætt fangelsi, enda er verkið tilbúið til útboðs þegar frumathugun er lokið.“

Í ávarpi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við opnun viðbótarhúsnæðis á Kvíabryggju fyrr í þessum mánuði ræddi hann meðal annars um áætlun dómsmálaráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar um endurnýjun og nýbyggingar fangelsa í landinu.

Þar kom fram að liður í þeirri áætlun væri „nýtt fangelsi með 64 klefum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem verði gæsluvarðhald, afplánun í skamman tíma, meðferðar- og sjúkradeild“.

Í ávarpi dómsmálaráðherra kom enn fremur fram, að hann hefði rætt áætlunina á fundi ríkisstjórnarinnar daginn fyrir opnunina á Kvíabryggju.

„Í lok þeirra umræðna staðfesti ríkisstjórnin, að áfram yrði unnið að uppbyggingu fangelsanna í landinu í samræmi við áætlunina. Hraði framkvæmda ræðst að sjálfsögðu af fjárveitingum,“ sagði Björn þá.

Samkvæmt drögum að húsrýmisáætlun fyrir nýtt fangelsi á Hólmsheiði er áætlað að heildarstærð þess verði rúmlega fimm þúsund fermetrar. Gert er ráð fyrir að fangelsið rúmi 64 fanga eins og að ofan greinir. Stærð hvers fangapláss verður 79 fermetrar og heildarkostnaður við hvert pláss nemur 33,3 milljónum króna og um 420 þúsund krónum á hvern fermetra.



**NÝBYGGINGAR OG ENDURBÆTUR** Lokið er þeim áfanga byggingar og endurnýjunar fangelsins á Kvíabryggju sem dómsmálaráðuneyti og Fangelsismálastofnun höfðu á áætlun sinni. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri voru á staðnum við það tækifæri. Nú er hafin vinna við áætlun um byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði.

**jss@frettabladid.is**




Stríðskostnaður Afríkuríkja síðustu tvo áratugi hindrar framfarir:

# Viðheldur vítahring fátæktar

**SENEGAL, AP** Gífurlegur kostnaður af styrjöldum víðs vegar í Afríku hefur haldið aftur af efnahagsþróun í löndum álfunnar.

Stríðskostnaður álfunnar síðustu tvo áratugina nemur um það bil 300 milljörðum bandaríska dala, eða um 18.000 milljörðum króna samkvæmt mati bresku hjálparsamtakanna Oxfam og tveggja annarra minni samtaka, Safeworld og International Action on Small Arms.

Þetta gerir rúmlega þúsund milljarða íslenskra króna á hverju einasta ári að meðaltali.

„Þetta eru peningar sem Afríka á erfitt með að missa,“ segir Ellen Johnson Sirleaf, forseti Líberíu, í inngangi að nýútkominni skýrslu samtakanna þriggja, þar sem fjallað er um kostnaðinn af á þriðja tug styrjalda sem geisað hafa síðustu tvo áratugi í Afríku.

„Upphæðirnar eru skelfilegar: Það gjald sem Afríka greiðir gæti staðið straum af lausn á HIV- og alnæmisvandanum í Afríku, eða veitt íbúum hennar bæði menntun og vatn ásamt forvörnum og meðferð við berklum og malaríu,“ skrifar Sirleaf.

Að meðaltali hefur efnahagur stríðshrjáðra ríkja Afríku dregist saman um fimmtán prósent á þessu tímabili, en því lengur sem styrjaldirnar standa, þeim mun hærri er yfirleitt kostnaðurinn. **- gb**



**HERMENN Í LÍBERÍU** Í nýrri skýrslu frá Oxfam er reynt að leggja mat á það hve mikið styrjaldir í Afríku hafa kostað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Sjóður 10, úrval innlendra hlutabréfa, er góður valkostur fyrir þá sem vilja fjárfesta á innlenda hlutabréfamarkaðnum, enda veitir hann mun meiri áhættudreifingu en fjárfesting í einstökum félögum. Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands. Ef litið er til ávöxtunar síðustu þriggja ára er sjóðurinn með hæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á Íslandi.

| Sjóður 10 31%* | ÞINN ÁVINNINGUR<br>• Góð ávöxtun<br>• Mikil áhættudreifing<br>• Eign þín í umsjá sérfræðinga |
|---|---|

*Nafnávöxtun sl. 3 ára á ársgrundvelli m.v. 28.09.07, skv. www.sjodir.is. Sjóður 10 – úrval innlendra hlutabréfa er fjárfestingarsjóður skv. III. kafla laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsing og úrdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á www.glitnir.is/sjodir.

**FJÁRFESTU Í SJÓÐUM Í NÆSTA ÚTIBÚI, Á WWW.GLITNIR.IS EÐA Í SÍMA 440 4900**

GLITNIR

„ORÐRÉTT“

*Flóknar reglur*

**„Mjög erfitt er að sjá að nokkur rök séu fyrir ýmsum skrautlegum og ótrúlegum reglum. Reglur um lyfjakostnað eru svo flóknar að maður spyr sig hvort nokkur hugsun búi að baki.“**

PÉTUR BLÖNDAL ALÞINGISMAÐUR UM REGLUR Í HEILBRIGÐISKERFINU UM GREIÐSLUÞÁTTTÖKU ALMENNINGS.

**24 stundir, 11. október.**

*Kaninn vantrúaður*

**„Í Ameríku trúa menn því ekki að jarðhiti geti séð heimilunum fyrir orku. Látum þau koma til Reykjavíkur.“**

BRIAN KEANE, FORSETI SAMTAKANNA SMARTPOWER, UM NOTKUN VISTVÆNNA ORKUGJAFA

**Fréttablaðið, 11. október.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR, FORMAÐUR HEIMDALLAR

## *Sér eftir meirihlutanum í borginni*

„Það hefur margt drifið á daga mína undanfarna vikur og mánuði og þar hefur pólitíkin leikið aðalhlutverkið. Í byrjun september var ég stödd á þingi Sambands ungra sjálfstæðismanna á Seyðisfirði, einum fallegasta bæ á landinu. Þar var góður vinur minn kjörinn formaður SUS. Í lok mánaðarins var ég svo endurkjörin sem formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, ásamt góðum félögum, og lít bjartsýnum augum hvað það starf varðar,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar.



„En það sem á hug minn allan í dag er fall meirihlutans í Reykjavík. Í mínum huga er mikil eftirsjá í því að Sjálfstæðisflokkurinn fari frá völdum í borginni. Hann hefur ekki fengið tækifæri til að sanna hvað í honum býr og sýna og sanna hvers megnugur hann er til að stýra borginni. Það er mér efst í huga í dag enda er pólitíkin mitt aðaláhugamál.“

Erla Ósk er mikill áhugamaður um körfubolta. „Körfuboltinn er eitt af því sem skiptir mig miklu máli og ég hef mikinn áhuga á. Ég held með Snæfelli sem nýlega var krýndur bikarmeistari í Höllinni á afmælisdaginn minn en ég varð þrítug 30. september. Það hittist svona skemmtilega á og þetta var mjög skemmtilegur dagur. Ég er núna búin að færa mig af vellinum og upp á pallana og er bara áhangandi sem er líka mjög gaman. Snæfell er liðið mitt af æskuslóðunum í Stykkishólmi en ég er fædd og uppalin þar.“

## NAFNAGIFT:
### LOFTFÖR GÆSLUNNAR



Nöfn þyrla og flugvéla Landhelgisgæslunnar eru úr goðafræði. Notkun og beyging nafnanna hefur vafist fyrir mörgum, sérstaklega þar sem oftast eru notaðir einkennisstafir þeirra í umfjöllun um loftförin. Landhelgisgæslan gaf því út leiðbeiningar um notkun nafnanna. Á heimasíðu Gæslunnar má til dæmis lesa útskýringu á nafni TF-LIF. „Líf, önnur stærri þyrla Landhelgisgæslunnar, sem hefur einkennisstafina TF-LIF, heitir eftir Líf, goðsögulegri kvenveru sem lifði af Ragnarök. Einnig er hún sögð vera sú sem hjúkrar.“

## SJÓNARHÓLL
VAL NEWSWEEK Á FLOTTUM NÖRDUM

### *Sammála um flottheit Kára*



**SIF REYNISDÓTTIR**
Gullsmiður

„Ég er bara mjög sammála hvað þetta varðar, Kári er mjög flottur nörd,“ segir Sif Reynisdóttir gullsmiður um val tímaritsins Newsweek á tíu áhrifamestu vísindamönnum veraldar á líftæknisviði.

„Það er margt mjög flott við hann Kára. Hann er fær vísindamaður en líka íþróttagarpur. Ég sé hann stundum í World class og greinilegt að hann hugsar mjög vel um heilsuna. Svo á hann líka mjög flotta krakka,“ bætir Sif við.

# Nemendur fegra skólaumhverfið

**Allir nemendur í 2. bekk grunnskóla Reykjavíkur gróðursetja haustlauka á skólalóðum eða í nánasta umhverfi síns skóla í tilefni umhverfisdags menntaráðs Reykjavíkurborgar. Ef allt fer vel munu um 2.000 haustlaukar blómstra sem krókusar í vor. Þessir nemendur Fellaskóla tóku saman haustlaufin sem hafa fallið af trjánum þegar þau fóru út til að setja niður haustlaukana og voru alls ekki ókát með að brosa sínu blíðasta á sama tíma fyrir Völund Jónsson, ljósmyndara Fréttablaðsins.**



**HAUSTLAUFIN FJARLÆGÐ** Nemendur Fellaskóla settu niður haustlauka og tóku til á skólalóðinni sinni.



**ALLIR TAKA ÞÁTT** Um 2.000 haustlaukar verða gróðursettir við grunnskóla Reykjavíkur sem munu blómstra sem krókusar í vor.



**DUGLEGIR KRAKKAR** Tveir umhverfisdagar eru ár hvert í grunnskólum Reykjavíkur og þá taka allir til hendinni.



**TRÖPPURNAR HREINSAÐAR** Það væri ekki gott að hrasa laufunum sem söfnuðust höfðu í tröppunum og meiða sig. Því er nú betra að hafa varann á og hreinsa þau upp.



**MEÐ GÓÐAN POKA Á BAKINU** Þegar búið er að tína saman mikið af laufblöðum þarf að losa sig við þau með einhverjum hætti.


Gorenje
í þvottahúsið



Gorenje þurrkari
Barkalaus
Þvottamagn 7 kg.
Rakaskynjari
Ryðfrí tromla
Stórt hurðarop (34 sm)
Krumpuvörn
Hægt að tengja framhjá vatnssafnkút, beint í niðurfall.
Kr. 66.500

PAKKATILBOÐ
118.900
D72225 + WA72125



Gorenje þvottavél
Þeytivinduhraði 1200 sn.
Þvottamagn 7 kg.
Forþvottur
Sparnaðarkerfi
Barnalæsing
Íslenskar leiðbeiningar
Kr. 64.900

PIPAR • SÍA • 71903

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYÐARFJÖRÐUR | REYKJANESBÆR |
|---|---|---|---|
| Rönning | Rönning | Rönning | Rönning |
| Borgartúni 24 | Óseyri 2 | Nesbraut 9 | Hafnargötu 52 |
| Sími 562 4011 | Sími 460 0800 | Sími 470 2020 | Sími 420 7200 |

RÖNNING
www.ronning.is

Opnunartími: mánudaga - föstudaga kl. 09.00 - 18.00 • Laugardaga kl. 11.00 - 16.00

Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.




**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - LETTLAND

Ísland og Lettland mætast í hörkuleik í undankeppni EM 2008 á Laugardalsvelli kl. 16:00 á laugardag.
Forsala aðgöngumiða verður í gegnum miðasölukerfi á midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið!
Mætum öll, skemmtum okkur og styðjum við bakið á strákunum...

**...við erum öll í íslenska landsliðinu!**

KSÍ 1947 60 2007

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · Vodafone · VÍS · www.getraunir.is · Icelandair

MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 13. OKT.
Sæti á rauðu svæði kr. 4.000
Sæti á bláu svæði kr. 3.000
Sæti á grænu svæði kr. 1.500

FORSALA TIL OG MEÐ 12. OKT.
Sæti á rauðu svæði kr. 3.500
Sæti á bláu svæði kr. 2.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.000

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið.
Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

# ERUM FLUTT AÐ SUÐ

# TROÐFULL BÚÐ AF O





Hljóðlát **Whirlpool** AAA UPPÞVOTTAVÉL
**Verð áður kr. 69.995 – Tilboð kr. 49.995**

**Whirlpool** 187sm KÆLIR OG FRYSTIR
**Verð áður kr. 72.995 – Tilboð kr. 49.995**

**Whirlpool** Tölvustýrð 1400sn ÞVOTTAVÉL – ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**Verð áður kr. 64.995 – Tilboð kr. 44.995**

**Philips** Senseo KAFFIVÉLARNAR vinsælu verða með
**FLOTTUM GJAFAPAKKA** meðan birgðir endast
Glös og kaffi fylgir ásamt nýju Cappuchino kaffi

**AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM**






**PHILIPS**
sense and simplicity

Powered by ambi light



## OPIÐ FÖSTUDAG OG LAUGARDAG KL. 10-18

# ÐURLANDSBRAUT 26

# OPNUNARTILBOÐUM



**Philips** ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR – **Verð frá kr. 1.995**

**Philips** 32" LCD SJÓNVARP með PixelPlus 2 High Definition myndtækni, Digital Natural Motion og miklu meira
**Verð áður kr. 149.995 – Tilboð kr. 119.995**



**DeLonghi** Sjálfvirk Espressó KAFFIVÉL með tveimur kötlum og stafrænu stjórnborði
**Verð áður kr. 67.995 – Verð nú kr. 49.995**
Þrír pokar af kaffibaunum fylgja meðan birgðir endast!

Úrval **Kenwood** HRÆRIVÉLA með **20% afslætti**

**Panasonic** ÖRBYLGJUOFN
**Verð áður kr. 12.995 – Tilboð kr. 8.995**



**Casio** 7 milljón punkta MYNDAVÉL
**Verð áður kr. 19.995 – Tilboð kr. 14.995**

Sýnum VEKJARAKLUKKUR sem vekja þig með „dagsbirtu og fuglasöng“!

**AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM**









**Allir viðskiptavinir okkar fá hinn frábæra geisladisk HEIMILISTÓNAR að gjöf meðan birgðir endast!**



**REYKJAVÍK**
SUÐURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

**AKUREYRI**
GLERÁRGÖTU 36
460 3380

**HÚSAVÍK**
GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

**SELFOSS**
EYRARVEGI 21
480 3700

**Heimilistæki**

ht.is



**Vefurinn:** Old Version

Finnst þér nýjasta útgáfan af uppáhaldsforritinu þínu rusl? Finndu gamlar útgáfur ótal forrita á OldVersion.

www.oldversion.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: KRISTINN R. ÞÓRISSON, MEÐSTJÓRNANDI GERVIGREINDARSETURS HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

## *Heimsyfirráð á tónleikum og heili í krukku*

Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík stendur fyrir gervigreindarhátíð í Borgarleikhúsinu á morgun. Þar verður meðal annars fyrirlestur frá dr. Yngva Björnssyni, nýkrýndum heimsmeistara í gervigreind, keppni milli gervigreindarverkefna nemenda við skólann og tónleikar þar sem landskunnir tónlistarmenn berjast um heimsyfirráð við vélvitund.

Kristinn R. Þórisson, meðstjórnandi Gervigreindarsetursins, segir fyrirlestur Yngva, sem sigraði ásamt Hilmari Finnssyni í alþjóðlegri keppni gervigreindarforrita í lok júlí, vera einn af hápunktum hátíðarinnar. „Gervigreindarsetrið er forsenda þess að gera einhverjar rannsóknir á gervigreind á alþjóðlegum mælikvarða, og með þessum heimsmeistaratitli er setrið komið á kortið. Þarna sigruðum við háskóla á borð við India Institute of Technology, Stanford og fleiri stóra háskóla.“

Kristinn segir þetta þó aðeins byrjunina, setrið sé byrjað með öflugt samstarf við íslensk fyrirtæki og stefni enn lengra með það. „Svona setur hjálpar til við að setja þungavigt í rannsóknir á þessu sviði sem er eitt það hraðast vaxandi innan upplýsingatækni í dag.“

Keppnina segir Kristinn fara þannig fram að nemendur sendi inn lýsingu á verkefni sínu og dómnefnd spyrji síðan þátttakendur spjörunum úr. Að því loknu ákveði hún hver vinnur. Sigurvegarinn fær fimmtíu þúsund króna peningaverðlaun í boði tölvuleikjaframleiðandans CCP ásamt verðlaunagripnum, sem er lítill plastheili í krukku.

„Gervigreind er vinsæl í dag og mörgum finnst hún spennandi því þetta er eitthvað nýtt sem menn hafa ekki kynnt sér áður,“ segir hann. „Hún hefur ákveðið nýjabrum sem aðrar greinar innan upplýsingatækninnar, eins og tölvuöryggi og nettækni, hafa ekki.“



### TÆKNIHEIMURINN

**Leikfimileikur um jólin**



Nintendo ætlar að gefa út heimaleikfimileikinn sinn Wii Fit í byrjun desember í Japan. Leiknum fylgir jafnvægispallur, svipað útlítandi og baðvog, sem nemur hvernig spilarinn stendur eða hallar sér. Þannig er til dæmis hægt að spila leiki sem snúast um að skalla fótbolta, renna sér á skíðum eða gera armbeygjur. Evrópubúar fá leikinn ekki fyrr en á næsta ári.

**Rannsaka tölvuleikaofbeldi**

Breska ríkisstjórnin hefur komið af stað viðamikilli rannsókn á áhrifum ofbeldisfullra tölvuleikja á börn. Rannsóknin, sem mun einnig skoða hvernig best sé að vernda börn fyrir varasömu efni á internetinu, verður að mestu leyti gerð í barnaskóla í austurhluta Lundúna. Niðurstaðna er að vænta innan árs.

**Boeing-þotum frestað**



Boeing-flugvélasmiðjan hefur frestað afhendingu á fyrstu 787 farþegaþotunum um hálft ár. Vandræði við samsetningu vélanna, sem ganga undir nafninu Dreamliner, er helsta ástæðan fyrir seinkuninni. Fyrstu vélarnar verða afhentar japanska flugfélaginu All Nippon í nóvember eða desember á næsta ári.

**Grænfriðungar fylgjast með hvölum á netinu**

Meðlimir Grænfriðunga nota gervihnetti og internetið til að fylgjast með nítján hnúfubökum á leið sinni frá Suður-Kyrrahafinu í átt að Suðurskautinu. Þetta gera þeir til að sýna Japönum fram á að ekki þurfi að drepa hvali til að rannsaka þá. Hægt er að fylgjast með ferð einstakra hvala á vefsíðu samtakanna, en þó ekki í beinni útsendingu. Það er gert til þess að japanskir hvalveiðimenn geti ekki notað tæknina til að finna hvalina og veiða þá.

**Halo 3 seldist fyrir átján milljarða á einni viku**

Tölvuleikurinn Halo 3 fyrir Xbox 360 leikjatölvuna seldist fyrir þrjú hundruð milljónir dollara, sem samsvarar rúmum átján milljörðum króna, á fyrstu vikunni sem hann var í hillum verslana. Yfir þrjár milljónir manna hafa spilað þennan geysivinsæla geimskotleik á netinu síðan hann kom út hinn 25. september.





„Ólafur Páll er vissulega gagnrýninn á margt sem gert hefur verið hérlendis í nafni náttúrunýtingar, jafnt sem náttúruverndar. ... Vera kann að einhverjum svíði slík gagnrýni en hún er þó málefnaleg í alla staði og undirbyggð skýrum rökum og traustri fræðilegri greiningu.“

Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur, Lesbók Morgunblaðsins

Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is


# isTorrent-vefurinn í skoðun hjá lögreglu

Mál sem varða isTorrent-vefinn eru í skoðun hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Ekki fengust upplýsingar um hvað nákvæmlega er verið að athuga, en Arnþrúður Þórarinsdóttir, lögfræðingur hjá lögreglunni, staðfesti að „mál séu í gangi hjá þeim sem varða þessa síðu“.

Svavar Lúthersson, framkvæmdastjóri isTorrent ehf., sem stofnað hefur verið í kringum vefinn, segist ekki hafa heyrt af rannsókn lögreglunnar. „Ég hef ekkert frétt af þessu, þeir hafa ekki talað við mig.“ Hann segist ekki geta ímyndað sér nákvæmlega hvers vegna lögreglan sé að rannsaka vefinn, en hann hafi ekki miklar áhyggjur af því.

Á isTorrent-vefnum má nálgast ýmiss konar höfundarréttarvarið efni, eins og bíómyndir, tónlist, sjónvarpsþætti, forrit og tölvuleiki. Ekkert efni fer þó í gegnum sjálfa síðuna heldur er þar aðeins að finna skrár sem hjálpa notendum að ná í gögn frá hverjum öðrum.

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáíss, Samtaka myndrétthafa á Íslandi, segir samtökin hafa lagt fram kvörtun við lögregluna fyrr á þessu ári. „Við sendum Svavari bréf frá lögfræðingi okkar í lok síðasta árs og báðum hann um að loka síðunni því við teldum að 95 prósent efnisins þar væri í leyfisleysi rétthafa. Hann varð ekki við þeirri beiðni og við ákváðum því að gera lögreglunni viðvart.“

Hann segir Smáís langt í frá þá einu sem hafi lagt fram kvörtun til lögreglunnar. „Ég veit að til dæmis félag kvikmyndagerðarmanna og íslensk hugbúnaðarfyrirtæki hafa gert það sama.

Meðal íslensks efnis sem notendur isTorrent eru að dreifa eru allir diskar sem Sálin hans Jóns míns hefur tekið upp, kvikmyndin Köld slóð, kvikmyndirnar Dalalíf og Nýtt líf og sjónvarpsþættirnir Næturvaktin.

Friðrik Skúlason, einn þeirra sem gagnrýnt hafa starfsemi isTorrent á opinberum vettvangi — meðal annars kallað forsprakka síðunnar þjófa og glæpagengi — segir óleyfilegt niðurhal á vírusvarnarhugbúnaði sínum í gegnum isTorrent nema milljónum króna.

„Við erum að athuga okkar stöðu, og hvort hægt sé að finna hverjir settu þetta í dreifingu upphaflega. Þannig getum við sett fram skaðabótakröfu á viðkomandi.“

salvar@frettabladid.is



**NIÐURHAL** Framkvæmdastjóri Smáíss telur að langstærstur hluti þess efnis sem dreift er með hjálp isTorrent vefjarins sé án leyfis rétthafa. Samtökin séu meðal þeirra sem kvartað hafi yfir vefnum til lögreglunnar.



**SVAVAR LÚTHERSSON** Framkvæmdastjóri isTorrent ehf.



**FRIÐRIK J. SKÚLASON** Segir vírusvarnarhugbúnaði sem fyrirtæki hans á dreift í leyfisleysi í gegnum isTorrent-vefinn.



**SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON** Framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi.

Optimus Maximus loks á leið í búðir eftir tvö og hálft ár í þróun:

# Lyklaborð á hundrað þúsund

Eitt allra dýrasta og flottasta lyklaborð heims er nú loksins á leið í verslanir. Lyklaborðið, sem heitir Optimus Maximus, er búið litlum skjá undir hverjum einasta takka sem sýnir hverju sinni hvað hann táknar. Það kostar litlar hundrað þúsund krónur.

Helsti kosturinn við Optimus-lyklaborðið er að hægt er að skipta um myndir á tökkunum að vild, til dæmis láta alla stafi breytast í hástafi þegar Shift-takkanum er haldið niðri, eða sýna hvaða flýtiskipun hver takki framkallar í forritum eins og Photoshop.

Lyklaborðið var fyrst kynnt á internetinu í júlí árið 2005, og naut mikillar athygli græjuáhugamanna um allan heim. Á rúmlega tveggja ára þróunarferli, þar sem útgáfu var seinkað trekk í trekk, efuðust margir um að Optimus-lyklaborðið yrði nokkurn tímann eitthvað meira en góð hugmynd á pappír. Spurningunni verður vonandi svarað þegar fyrstu eintökin verða seld í desember næstkomandi.

- sþs





42PT85
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími 0,001 ms
2 Stafrænir sjónvarpsmóttakarar
100Hz
199.900
160 GB UPPTÖKU DISKUR
LG
259.900
50PC52
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1.500
Svartími innan við 1ms
169.900
42PC52
42" Plasma sjónvarp
Upplausn 1024x768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500
Svartími innan við 1ms
Stór góð sjónvörp
179.900
42LC51
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 5ms
135.900
37LC51
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
109.900
32LC51
32" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 5.000:1
Birtustig 450
Svartími 6ms
105.900
26LC51
26" LCD sjónvarp
Upplausn 1366x768
Skerpa 800:1
Birtustig 500
Svartími 3ms
259.900
42LY95
42" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
Stafrænn móttakari
149.900
37LF65
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1920x1080 Full HD
Skerpa 5.000:1
Birtustig 500
Svartími 8ms
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG Life's Good

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.548 **+0,32%**

**Fjöldi viðskipta:** 331
**Velta:** 3.462 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **NÝHERJI** | +4,09% | **TEYMI** | -2,18% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | +2,05% | **ATLANTIC PL.** | -1,86% |
| **ALFESCA** | +0,08% | **FØROYA BANKI** | -1,79% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 11,32 -0,70% ... Bakkavör 67,70 +0,00% ... Eimskipafélagið 39,90 +2,05% ... Exista 35,90 +0,14% ... FL Group 26,90 +0,00% ... Glitnir 29,20 +0,34% ... Icelandair 26,65 -0,56% ... Kaupþing 1.182 +0,77% ... Landsbankinn 43,25 +0,12% ... Straumur-Burðarás 21,15 -0,24% ... Össur 106,00 +0,00% ... Teymi 6,74 -2,18%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Neyddur til að kaupa

Þórólfur Árnason, fyrrverandi forstjóri Icelandic Group, vann mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem sagði að hann ætti rétt á að kaupréttarsamningur við hann yrði uppfylltur. Þórólfur hóf störf í maí 2005 og var sagt upp í október sama ár. Í lok maí var gengi Icelandic 11,35. Segjum sem svo að Þórólfur hefði fengið kauprétt á 50 milljónir á genginu 9 án frekari trygginga. Þá hefði hann þurft að punga út um 450 milljónum króna. Miðað við síðasta viðskiptagengi Icelandic væri virði þess hlutar í dag 294 milljónir króna. Ætli Þórólfur verði neyddur til að kaupa hlutinn eftir dóm héraðsdóms?



### Hver verður í Kína þá?

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur verið sérstaklega iðinn við að sinna útrás íslenskra fyrirtækja. Síðast var hann í Kína og fylgdi eftir verkefnum Eimskipafélagsins og Glitnis. Átti hann fund með mörgum háttsettum embættismönnum og opnaði þannig íslenskum kaupsýslumönnum dyr að hinu kommúníska Kína þar sem meðbyr stjórnvalda skiptir sköpum. Á fundi með varaborgarstjóra Qingdao sagði Ólafur að þeir myndu fylgja góðu samstarfi Kínverja og Íslendinga eftir að ákveðnum tíma liðnum. Reynsluboltinn vissi að þetta yrði túlkað sem framboðsyfirlýsing og því bætti hann við: Ef við verðum þá báðir í embætti.

## MARKAÐSPUNKTAR

Kaupthing Bank Luxembourg S.A., dótturfélag Kaupþings banka hf., hefur undirritað samning um kaup á Robeco Bank Belgium, litlum belgískum banka sem sérhæfir sig í einkabankaþjónustu og eignastýringu.

Teymi hefur selt áttatíu prósent af hlut sínum í Hands Holding. Á sama tíma keypti Teymi allt hlutafé í Landsteinum Streng ehf. og Hugi Ax af félaginu. Eignarhlutur Teymis í Hands Holding minnkar úr 48,7 prósentum í 14,5 prósent.

Glitnir varð söluhæsti aðilinn á norræna hlutabréfamarkaðinum OMX í nýliðnum september. Bankinn annaðist þá 6,6 prósent allra hlutabréfa sem seld voru í OMX-höllinni samkvæmt tilkynningu.

# Gefa út skuldabréf í Mexíkó

Kaupþing hefur gefið úr skuldabréf fyrir 2,3 milljarða mexíkóskra pesóa, eða um 12 milljarða króna. Þetta er í fyrsta skipti sem Kaupþing gefur út skuldabréf í rómönsku Ameríku og í fyrsta skipti sem norrænn banki gefur út skuldabréf í Mexíkó. Auk Kaupþings koma BBVA Bancomer og Lehman Brothers að útgáfunni.

Kaupþing tilkynnti einnig um útgáfu á víkjandi skuldabréfi upp á fjögur hundruð milljónir Bandaríkjadala, um 24 milljarða íslenskra króna, í gær.

Í Vegvísi Landsbankans segir að kjör bréfsins séu um 125 punktum yfir skuldatryggingarálagi Kaupþings. Fjármögnunin sé því nokkuð dýr.

Greining Glitnis segir mestu skipta að útgáfan komi á mikilvægum tíma, opni nýjan markað fyrir Kaupþing og er á ásættanlegum kjörum miðað við verðlagningu á fjármagni í heiminum í dag. **- hhs**



**ÞÓRÐUR SVERRISSON FORSTJÓRI NÝHERJA** Gefið verður út nýtt hlutafé að nafnvirði 55 milljónir króna á genginu 22 til þess að fjármagna að hluta kaup Nýherja á TM Software. Gengi bréfanna hækkaði um 4,1 prósent í gær og endaði í 22,90 krónum á hlut. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Nýherji kaupir TM Software

**Straumur selur Nýherja 77 prósent í TM Software á 1,3 milljarða króna. Nýherji býðst til að kaupa á sömu kjörum útistandandi hluti í fyrirtækinu.**

Nýherji hefur samið um kaup á 77 prósentum af hlutafé í upplýsingatæknifyrirtækinu TM Software (TMS) af Straumi, FL Group og Tryggingamiðstöðinni. Hluturinn kostar 1,3 milljarða króna, en miðað er við að heildarverð hlutabréfa í TMS sé 1,7 milljarðar.

Straumur hafði milligöngu um kaupin, en þau eru háð bæði niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykkis samkeppnisyfirvalda.

Að sögn Þórðar Sverrissonar, forstjóra Nýherja, verður TMS rekið sem dótturfélag Nýherja, en velta samstæðunnar eftir kaupin verður um 13 milljarðar króna og starfsmenn um 750 talsins. Í tilkynningu um kaupin kemur fram að hjá TMS starfi 280 manns og að tekjur fyrirtækisins á árinu séu áætlaðar um 2,5 milljarðar króna.

„Veltuaukningin nemur um 25 prósentum, en af því TMS er þjónustufyrirtæki bætist þarna við töluvert af starfsfólki,“ segir Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja. Hann segir félagið tilbúið að kaupa þá hluti sem eftir standa á sömu kjörum og samið var um nú. „En svo er hluthöfum náttúrulega frálst að eiga áfram hlut sinn í TM Software. Þeir ráða því.“

Þórður segir markmiðið með kaupunum að styrkja stöðu Nýherjasamstæðunnar á sviði rekstrarþjónustu, hýsingar og þróunar sérhæfðra hugbúnaðarlausna. „Með kaupum býðst viðskiptavinum fullkomin heildarþjónusta á sviði upplýsingatækni. Kaupin styrkja stöðu félagsins og til verður fremsta hýsingarfyrirtæki og öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins.“

Nýherji ráðgerir að gefa út nýtt hlutafé, 55 milljónir króna að nafnverði, til þess að fjármagna kaupin að hluta. Hlutaféð verður boðið til kaups á genginu 22 krónur á hlut og eru því 1.210 milljónir króna fjármagnaðar með sölu hlutafjár.

Greiðsla fyrir þau 77 prósent sem keypt hafa verið er því að 32,35 prósentum greidd með hlutabréfum í Nýherja en 67,65 prósentum í peningum. „Áformað er að verja allt að 25 milljónum að nafnverði hlutafjár til að greiða hluthöfum í TMS en 30 milljónir verða boðnar núverandi hluthöfum í Nýherja,“ segir í tilkynningu. Eftirstöðvar kaupverðsins verða fjármagnaðar með lánsfé og úr sjóðum félagsins. Gengi bréfa Nýherja hækkaði um rúm fjögur prósent í Kauphöll Íslands í gær og endaði í 22,9 krónum á hlut. **olikr@frettabladid.is**

# Skoða tvíhliða skráningu

Straumur fjárfestingarbanki er að skoða möguleika á því að skrá bréf bankans utan landsteinanna. Um tvíhliða skráningu yrði að ræða þar sem bréf bankans yrðu sömuleiðis skráð í Kauphöll Íslands.

„Við erum að íhuga þetta,“ segir Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Straums, og bætir við að það sé eðlilegt framhald af ákvörðun bankans að færa hlutabréf bankans í evrur.



**WILLIAM FALL, FORSTJÓRI STRAUMS**

Bankinn stefndi að evruskráningu 20. september síðastliðinn fyrst skráðra félaga. Bankinn varð hins vegar að fresta áætlunum sínum þegar Seðlabankinn gerði athugasemdir við skráninguna. Ekki liggur fyrir hvenær af evruskráningunni verður en vonir standa til að félög sem skráð eru í Kauphöllina geti það undir lok mánaðar.

„Skráning í aðra kauphöll er liður í evruskráningunni. Það eykur aðgengi erlendra hluthafa að félaginu líkt og við höfum stefnt að,“ segir Jóhanna. Hún sagði málið ekki langt komið en helst komi til greina að skrá bréfin í Vestur- og Mið-Evrópu. **- jab**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| rakaþéttir/6 kg | | |

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

E000479

Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

# HEILIRSTURTU KLEFAR

Komnir aftur!

Fylgir hverjum klefa: Ömmustöng Stór handsturta Hitastýrð blöndunartæki




**Kanntaður**
heilopnun 80x80 og 90x90
8mm hert öryggisgler
allan hringinn




**Trapísulagaður**
hornopna
8mm hert öryggisgler
allan hringinn
80x80




**Rúnaður**
6mm hert öryggisgler
allan hringinn
80x80 og 90x90

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr meirihluti í Reykjavík:

## Endurnýjun lífdaga Reykjavíkurlistans

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Reykjavíkurlista-samstarfið endurnýjaði lífdagana í gær, með aðild Margrétar Sverrisdóttur fyrir hönd óháðra í Frjálslynda flokknum. Eftir sautján mánaða samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, sem flokksmenn lofuðu reglulega fyrir gagnkvæmt traust, sprakk samstarfið á einkavæðingu orkuútrásar.

Þrátt fyrir að nýr meirihluti sé kominn er REI-málinu ekki lokið og verða flokkarnir fjórir að koma sér saman um stefnu Orkuveitunnar í útrásarverkefnum og hvernig rétt sé að tengja það þátttöku einkaaðila. Það fer vel á því að Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri græns, muni stýra heildarstefnumörkun á því sviði. Hún er sá borgarfulltrúi í fyrrverandi minnihluta sem helst hefur haldið málinu á lofti og fengið lof fyrir, jafnt frá pólitískum samherjum sem andstæðingum.

Þó verður að segjast að staða Svandísar í þessum nýja meirihluta er jafnt nýstárleg og athyglisverð. Hún á að stýra heildarstefnumörkun Orkuveitunnar, en það er fulltrúi Samfylkingarinnar sem verður formaður stjórnar Orkuveitunnar. Dagur B. Eggertsson hefur sagst sammála Birni Inga Hrafnssyni um að Orkuveitan eigi ekki að selja hlut sinn í Reykjavík Energy Invest. Það var meirihluti sjálfstæðismanna sem vildi losa borgina úr áhættusömum fjárfestingum REI og því getur orðið flókið að leysa úr því máli á þann hátt sem almenningur sættir sig við. Þá kemur í hlut Svandísar að vera pólitískur staðgengill borgarstjóra og leiða starf meirihlutans í sameinuðum borgarstjórnarflokki. Í raun er verið að búa til nýtt starf; varaborgarstjóra, því áður voru einungis til þrjú leiðtogahlutverk, en vandast málið þegar samstarfsflokkarnir eru orðnir fjórir.

*Þó verður að segjast að staða Svandísar í þessum nýja meirihluta er jafnt nýstárleg og athyglisverð.*

Geir H. Haarde forsætisráðherra gerði það að umtalsefni í gær að fjórir stjórnmálaflokkar standa að nýjum meirihluta í Reykjavík og sagðist sannfærður um að samstarf fjögurra flokka yrði brothætt. Sjálfstæðismenn hafa gjarnan alið á glundroðakenningunni um að því fleiri flokkar sem þurfi að vinna saman í stjórn, þeim mun meiri glundroði verði á stjórnarháttum, og líkur aukist á að stjórnarsamstarfið slitni. Eins og sást í gær dugir að tveir deili. Það sem skiptir máli er því ekki hversu margir eiga aðild að samstarfi heldur hversu stór meirihlutinn er. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks eru sjö og því er stór meirihluti ómögulegur án þeirra þátttöku. Nú, líkt og í gær, er nægjanlegt að einum borgarfulltrúa sé snúið til að meirihlutinn falli á ný. Meðal annars verður áhugavert að fylgjast með hvernig nýr meirihluti, með Frjálslynda innanborðs, finnur lendingu í framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson og Kristján Hjálmarsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sýnikennsla í haustskreytingum

Laugardaginn 13. október 14:00 verður Hjördís Reykdal Jónsdóttir með sýnikennslu hvernig nota megi efni úr skóginum í skreytingar og kransa. Kennslan verður í salnum á Elliðavatnsbænum við Elliðavatn.

Ekið er inn í Heiðmörk um Rauðhóla (408 Heiðmörk) og beygt til hægri eftir brúnna að bænum. Þátttökugjald er 1000 krónur.



Skógræktarfélag Reykjavíkur

www.heidmork.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óvænt truflun

Óvænt hlé var gert á blaðamannafundi nýmyndaðs borgarstjórnarmeirihluta við Tjörnina í gær, þegar félagar úr stétt ógæfumanna ruddust með háreysti inn á sjónarsviðið. Í sinni stuttu stjórnartíð lagði Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ríka áherslu á að draga úr ónæði af ógæfumönnum í miðborginni og beitti til þess umdeildum aðferðum. Ekki heyrðist hvort mennirnir væru að berjast fyrir að fá vínkælinn í Ríkinu aftur í gang en það er óneitanlega táknrænt að um leið og Vilhjálmur er fallinn frá völdum spretta tveir ógæfumenn fram og veitast að nýjum borgarstjóra í beinni útsendingu. Vonandi er þetta ekki fyrirboði.



### Ekki þú heldur ég

Það voru aftur á móti engir rónar í Ljárskógum þar sem Vilhjálmur og félagar gerðu grein fyrir sinni afstöðu. Sambandsslitum fylgja jafnan sárindi og vönduðu sjálfstæðismenn Birni Inga Hrafnssyni ekki kveðjurnar. Sjálfur kvaðst Björn Ingi hafa sagt Vilhjálmi að „þetta snerist ekki um hans persónu“ (sígild lína þegar segja á einhverjum upp) en allt kom fyrir ekki. Gísli Marteinn Baldursson sagði að þau væru samt „svekkt og reið“ yfir framgöngu Björns Inga. Fátt er þó svo með öllu illt að ei boði nokkuð gott, til dæmis býst fráfarandi borgarstjóri við að geta farið oftar í golf.



### Græna grasið

Fyrrverandi borgarfulltrúar naga sig kannski í handarbökin yfir að hafa kvatt borgarstjórn fyrir grænni gresjur. Steinunn Valdís Óskarsdóttir væri þá í lykilstöðu nú í stað þess að vera óbreyttur þingmaður. Árni Þór Sigurðsson hljóp úr ráðhúsinu yfir á Alþingi til liðs við stjórnarandstöðuna, en staða hans væri óneitanlega sterk innan borgarstjórnar. Þá tók Stefán Jón Hafstein sér frí frá störfum í borgarstjórn til að vinna fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu til 2009. Spurning hvort hann fer ekki að fá heimþrá?

bergsteinn@frettabladid.is

## Hvaða bull var þetta?



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Samruni orkufyrirtækja

Jæja, það fór þá svo að nýr meirihluti hefur myndast í borgarstjórn Reykjavíkur. Allt út af deilunum um Orkuveituna. Ólgan og andstaðan í samfélaginu var bæði af pólitískum og tilfinningalegum ástæðum. Það sem réð úrslitum var að almenningi blöskraði að nokkrum handvöldum einstaklingum var ætlað að hafa forkaupsrétt á hlutabréfum í hinu nýja fyrirtæki á lægra gengi en aðrir. Og það var enn og aftur verið að bruðla og ráðskast með eignir, sem tilheyra almenningi og samfélaginu. Lagalegar og siðferðilegar spurningar þar að lútandi endurspeglast í þeim athugasemdum sem umboðsmaður Alþingis hefur nú lagt fram.

### Áhættustarfsemi

Ef rétt og skynsamlega hefði verið staðið að þeim samruna sem varð milli REI, dótturfyrirtæki Orkuveitunnar og Geysir Green, hefði því máli sennilega verið tekið með skilningi. Jafnvel með undirtektum. Í versta falli með þegjandi þögninni. Eftir arfavitlausa aðferðarfræði, sem ég veit ekki hverjum er um að kenna, gerði borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna fyrst og fremst veður út af þessum samruna, á þeirri forsendu að fyrirtæki í eigu samfélagsins eigi ekki að taka þátt í áhættustarfsemi. Sú afstaða er skrítin í ljósi þess að það var Guðlaugur Þ Þórðarson, fyrrum borgarstjóri og núverandi heilbrigðisráðherra sem hafði forystu um stofnun REI, á vegum Orkuveitunnar. Það var heldur ekki hægt að skilja annað en Vilhjálmur borgarstjóri væri sömu skoðunar um hlutverk REI. Hann sat hinsvegar einn uppi með þá skoðun í sínum hópi og því fór sem fór.

Rökin af hálfu sjálfstæðismanna í borgarstjórn eru þau að það fari ekki saman að reka fyrirtæki í þágu almennra borgara, sem er í þeirra eigu, og leggja peninga í áhættustarfsemi. Það sé verk einkafyrirtækja og peningamannanna.

Þessi viðhorf urðu banabiti fráfarandi meirihluta. Og að því leyti misskildi misskildi borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna almenningsálitið. Hversvegna má ekki fyrirtæki á vegum borgarinnar sem er að auki eitt það arðsamasta í landinu, færa út kvíarnar út fyrir landsteinana? Það er ekki eins og verið sé að veðja og pranga með undirstöður OR. Áhættufjármagnið sem sett var í samrunafélag REI og Geysir Green, stefnir ekki rekstri Orkuveitunnar í hættu þó illa fari.

Jarðhitinn er sameiginleg auðlind. Hann er og á að vera í almannaeign. Og sömueliðis það hugvit og þekking sem því er samfara. Ég held einmitt að sú ákvörðun að færa auðmönnum nánast öll verðmæti væntanlegrar útrásar, arðinn af auðlindinni, á silfurfati, hafi skapað andúðina á þessu ráðabruggi. Mega fyrirtæki í eigu almennings aldrei hagnast? Er það eitthvað lögmál, að þegar gróði er annarsvegar þá sé um að gera að bjóða auðkýfingum að veisluborðinu? Hvaða pólitíska bull er þetta?

Það hefði verið röng ákvörðun ef borgarstjórnin hefði dregið í land og selt sinn hlut. Hún átti að segja og segir vonandi nú: Við viljum reyna þessa útrás. Við viljum að almenningur í þeim sveitarfélögum sem standa að Orkuveitunni njóti góðs af verkefnum erlendis. Verði jafnvel heimilt að kaupa hlut í fyrirtækinu.Við viljum hætta að hlaða undir fámennan hóp auðmanna á Íslandi og gera útrás á upp á eigin spýtur. Við eigum þetta fyrirtæki, Orkuveituna, og við eigum þekkinguna, mannauðinn og reynsluna. Ef einhverjir ríkir menn vilja leggja í púkkið og vera með, þá veri þeir velkomnir. En án forréttinda, án kauprétttarsamninga.

### Miskildu andstöðuna

Borgarstjórnaflokkur sjálfstæðismanna misskildi þá andúð sem þetta mál hefur vakið meðal almennings. Fólk er ekki á móti þeirri viðleitni Orkuveitunnar að taka þátt í útrás og áhættuverkefnum erlendis. Íslendingar eru hinsvegar búnir að fá sig fullsadda af einkavæðingu og einkavinavæðingu, þar sem riddarar hringborðsins eru fámennur hópur auðkýfinga, sem getur lagt fram fimm hundruð milljónir í dag til að græða milljarða á morgun. Og aukinheldur er það foraktanlegt, þegar til þess eru notuð opinber fyrirtæki, sem eru í eigu almennings. Það erum við, Reykvíkingar, sem höfum byggt Orkuveituna upp. Við viljum áfram að vatnsauðlindirnar séu í eigu samfélagsins en við viljum ekki að nokkrir útvaldir einstaklingar, í krafti einkavæðingar, fái arðinn og eignirnar nánast að gjöf og skipti með sér ránsfengnum.

Það var að sjá og heyra fram á síðustu stundu að borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna áttaði sig ekki á þessum veruleika. Það varð honum að falli. Hann gróf sér sína eigin gröf. Og bylti Vilhjálmi í leiðinni.

## *Meirihlutinn féll á einkavæðingunni*

**UMRÆÐAN**

Borgarstjórn



KRISTINN H. GUNNARSSON

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í borgarstjórn Reykjavíkur féll í gær vegna ágreinings um einkavæðingu orkuauðlindarinnar. Áform sjálfstæðismanna í borgarstjórninni og í bæjarstjórn Reykjanesbæjar voru orðin deginum ljósari. Annars vegar ætluðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og höfðu af lítillæti sínu tilkynnt það sem ákvörðun meirihlutans, að selja hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík Energy Invest. Þá yrði það fyrirtæki að fullu í eigu einkaaðila. Hins vegar sendi Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, frá sér fréttatilkynningu og upplýsti að ætlunin væri að skipta Hitaveitu Suðurnesja hf. í tvö hlutafélög. Virkjanir og þá væntanlega virkjunarréttindi í eigu hitaveitunnar yrðu í öðru hlutafélaginu og það að öllu leyti í eigu Reykjavik Energy Invest, REI.

Þar með voru áformin skýr, virkjanir og tengd réttindi, sem nú eru í eigu Hitaveitu Suðurnesja hf. yrðu einkavædd að fullu. Ég tók þetta mál upp á Alþingi í gærmorgun og vakti athygli á þessari stöðu málsins. Umræðurnar leiddu það mjög skýrt í ljós að enginn meirihluti er fyrir því á Alþingi að hefja einkavæðingu orkufyrirtækja í eigu hins opinbera. Næsta skref er að setja löggjöf um orkulindirnar og tryggja eignarhald þjóðarinnar á þeim sem nú eru í opinberri eigu og þjóðinni sanngjarnan hlut arðsins af nýtingu allra orkuauðlinda. Fall meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur þýðir að einkavæðing Hitaveitu Suðurnesja hf. er væntanlega úr sögunni í bili og gerir það að verkum að ráðrúm gefst á Alþingi til nauðsynlegrar lagasetningar. En þá verður hinn sýnilegi meirihluti líka að vinna sitt verk og láta ekki Sjálfstæðisflokkinn koma í veg fyrir lagasetningu. Einkavæðing orkulindanna getur farið fram að óbreyttum lögum. Hitt á eftir að koma í ljós hvort gömlu minnihlutaflokkarnir í borgarstjórn Reykjavíkur hafi keypt nýjan meirihluti því verði að viðhalda einkavinavæðingunni sem gaus upp í hinum fyrri meirihluta og varð til þess upphaflega að upp úr sauð. Einkavinavæðing getur líka fellt meirihluta.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*

**Kjúklingur** stendur alltaf fyrir sínu og matreiða má ótal mismunandi rétti úr kjúklingakjöti. Nýlega kom út bók um kjúklingarétti eftir Lindu Fraser þar sem finna má ýmsar hugmyndir.







Margt verður í boði sem gleður augu og kitlar bragðlauka gesta á sýningunni MATUR-INN.

# Myndarlegt matartorg

***Sýningin MATUR-INN 2007 er haldin nú um helgina í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Hún mun endurspegla fjölbreytnina í norðlenskri matarmenningu auk þess að vera uppskeruhátíð.***

„Hér verður ekkert vakúmpakkað heldur fær fólk að komast í snertingu við matinn og finna bæði lykt og bragð,“ segir Ólína Freysteinsdóttir. Hún er í forsvari fyrir eyfirska félagið Matur úr héraði er stendur að sýningunni MATUR-INN 2007.

Þegar Ólína er spurð hvað það sé sem einkenni norðlenskan mat svarar hún kankvís: „Það á nú að koma í ljós á sýningunni,“ Hún segir hverja sýslu fyrir sig vera þar með svæði. „Samtökin Matarkista Skagafjarðar er með sérstakt sýningarrými og þar er fjöldi fyrirtækja á bak við. Sama má segja um Þingeyska matarborðið sem að minnsta kosti tólf standa að. Svo eru hátt í 30 fyrirtæki á Akureyri sem eru með og að sjálfsögðu eyfirskir bændur sem eru stórir matvælaframleiðendur. Við verðum með myndarlegt matartorg þar sem uppskera haustsins er borin fram og boðin til sölu. Þar verða matvæli á borð við gulrætur, kartöflur, paprikur, sultur, reyktan silung og eitt og annað. Auk þess verða vinnustofur á sýningunni þar sem meðhöndlun ýmissa matvæla verður sýnd, svo sem íslenskra sveppa. Friðrik V verður með nokkrar vinnustofur, hann kynnir skyr, saltfisk, reykingu og fleira. Hinn eini sanni Júlli á Dalvík ætlar að sýna hvernig á að koma elskunni á óvart í eldhúsinu. Svo verða vínkynningar líka þannig að það er margt í boði.“

Jafnframt sýningunni keppa matreiðslumenn í kennslueldhúsi VMA. Keppt verður um titilinn matreiðslumaður ársins og margt fleira gert sem gleður augu og kitlar bragðlauka gesta. Ólína kveðst verða vör við mikinn áhuga fyrir sýningunni MATUR-INN sem stendur á laugardag og sunnudag, frá kl. 11-17 báða dagana. Hún tekur fram að um sölusýningu sé að ræða og það sé ókeypis inn. *gun@frettabladid.is*


Steingrímur afgreiðir viðskiptavinina léttur í lund og af mikilli lipurð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Steini á sínum stað

***Fastir viðskiptavinir fiskbúðarinnar við Sundlaugaveg geta tekið gleði sína á ný því Steingrímur Ólafsson er kominn aftur í afgreiðsluna.***

„Já, ætlarðu að fá tvö hundruð grömm í viðbót. Þú ert sem sagt á bíl,“ og fleiri álíka og græskulausar athugsemdir heyrast nú aftur í fiskbúðinni við Sundlaugarveg. Þangað er nefnilega hinn gamalkunni afgreiðslumaður Steingrímur Ólafsson kominn aftur. Hann var búinn að vera hluti af stemningunni í búðinni í yfir tuttugu ár þegar hann hvarf þaðan í fyrra og fór að vinna í fiskheildsölu. En fyrir nokkrum dögum var hann kominn aftur á sinn stað og byrjaður að atast í fiskinum og fólkinu í kringum sig. „Ég kann því mjög vel að vera byrjaður hér aftur og finnst ótrúlega gaman að hitta gömlu kúnnana,“ segir hann kátur. *- gun*

## Uppskrift Giacomo Gallina

### KK-turninn

**Dökkt brauð (t.d. sólkjarna- eða fjölkornabrauð)**
**2 mozzarellaostar frá Galbani**
**1 pakki mini-mozzarella frá Galbani**
**1 krús Saclà Oven roasted tómatar**
**grænar steinlausar ólífur**
**fersk basilíka**

**ANSJÓSUSMJÖR**
**100 g mýkt smjör**
**30 g mascarponeostur (Galbani)**
**3 söltuð ansjósuflök í olíu (þerrið olíu frá)**
**ögn af nýmöluðum pipar**

Mýkið smjör í nokkrar sekúndur í örbylgjuofni og hrærið þar til það verður kremkennt. Bætið mascarpone-osti og mörðum og söxuðum ansjósunum saman við og þeytið allt vel saman þar til úr verður jöfn blanda. Smakkið til með pipar.

Skerið brauð út í litlar hringlaga sneiðar með þar tilgerðu hringformi (sbr. piparkökuform) og ristið sneiðar á bökunarplötu í ofni. Kælið og smyrjið með ansjósusmjörinu. Skerið mozzarellaostana í þunnar sneiðar (í tveimur stærðum, þá venjulegu og mini-úgáfuna af ostinum). Þerrið „Bei tipi“-tómatana, skerið í þykkar sneiðar og látið mestu olíu drjúpa af þeim á eldhúspappír. Fyllið ólífur með ansjósusmjöri og raðið upp brauðturninum í eftirfarandi röð: brauð – mozzarellasneið (venjuleg), basilíkulauf – „bei tipi“-tómatsneið – mozzarellasneið (lítil) – og ólífa á toppinn. Uppskriftin dugar í um það bil 15 stykki.




**Svefn og heilsa** býður upp á fría þrýstijöfnunarmælingu sem greinir hvaða dýna hentar þér best. Síðan eru alltaf einhver tilboð í gangi í tilboðshorni verslunarinnar.

# Jakkinn langbestur

***Hárgreiðslumaðurinn Óli Boggi fylgist gríðarlega vel með allri tísku hvort sem er í hárgreiðslu eða fatnaði og kaupir sér gjarnan föt þegar hann ferðast til útlanda. Hann gerði sín bestu kaup í New York síðastliðið vor.***

„Þegar ég var í New York í apríl var ég að skoða hvað væri að gerast í tískunni fyrir sumarið. Þá rakst ég á jakka í Hugo Boss búð sem ég keypti mér og hann er líklega bestu kaup sem ég hef gert lengi því ég er varla búinn að fara úr honum síðan,“ segir Óli Boggi glaður í bragði.

„Jakkinn er svona hversdags mittisjakki í einhvers konar dökkfjólubrúnum lit og ég held að ég hafi aldrei notað neina flík eins mikið,“ bætir hann við. „Reyndar var ég að koma frá New York aftur núna á dögunum og keypti mér annan jakka sem á örugglega eftir að verða í harðri samkeppni við þennan. Það á eftir að koma í ljós en hann er líka alveg svakalega flottur.“

Eitt af því sem Óli Boggi er sérstaklega mikið fyrir eru skór og segir hann að oft geri hann mjög góð kaup í skófatnaði. „Samt geta skórnir líka verið verstu kaup sem ég geri því ég hef lent í því að kaupa mér skó sem ég hef kolfallið fyrir þegar ég er einhvers staðar úti og fundist þeir ógeðslega flottir. Svo kem ég heim og ætla að fara að nota þá en kemst þá að því að þeir passa illa og eru jafnvel ekki næstum eins flottir og mér fannst þegar ég keypti þá,“ segir hárgreiðslumaðurinn og hlær.



Óli Boggi hárgreiðslumaður ferðast mikið til útlanda og gerir þar sín bestu kaup en hefur einnig gert slæm kaup á ferðalögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

sigridurh@frettabladid.is

DÍVA

Vera
Hársport
Díana Design

Rut Kolla
Hárstúdío Kollu
Naglahorn Rutar
Hverfisgata 125 v/hlemm • Sími 551 0102

NÝJAR VÖRUR

Jakkar
Stuttkápur
Úlpur
Pelsar
Húfur
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16



Frábær tilboð eru á reiðhjólum í Markinu þessa dagana og þau fást með tuttugu til þrjátíu prósenta afslætti.

# Reiðhjól á tilboði

***Verslunin Markið í Ármúla býður upp á hausttilboð á reiðhjólum fyrir alla fjölskylduna og kjörið tækifæri að finna sér hjól fyrir næsta sumar.***

Á tilboðinu má finna fjallahjól, borgarhjól og barnahjól á tuttugu til þrjátíu prósenta afslætti þannig að ódýrustu hjólin á útsölunni eru á rúmar 9.000 krónur en það eru barnahjól. Góð fjallahjól með 24 gírum og dempara eru á tilboði á 30.000 krónur.

Nú er bara að skella sér af stað og gera góð kaup fyrir næsta sumar.

*- sig*

## Merkjavörur með miklum afslætti

NÝJAR VÖRUR Í SPORT OUTLET.

Sport Outlet á Vínlandsleið 2-4 í Grafarholti er með frábæra lagersölu þar sem unnt er að kaupa dýrindis merkjavöru á 50 til 70 prósenta afslætti. Verslunareigendur voru að taka upp nýjar vörur í merkjunum Ticket to Heaven, Skunkfunk, ncd:), Mustang Jeans, Speedo og Puma, og hægt að gera verulega góð kaup á fallegum fatnaði fyrir alla fjölskylduna.



Sport Outlet er opið alla virka daga frá 12 til 18 og laugardaga frá klukkan 12 til 16.

## Skósprengja

TOPPSKÓRINN ER MEÐ STÓRA ÚTSÖLU UM ÞESSAR MUNDIR Á MIKLU ÚRVALI AF SKÓM.

Útsöluvörurnar eru meðal annars frá Skóverslun Steinars Waage og Kaupfélaginu og er boðið upp á þekkt vörumerki á borð við Ecco, Peter Kaiser, Ara, Lloyd og Zinda. Allar vörur eru á minnst helmingsafslætti og er því hægt að gera góð kaup. Verslunin er til húsa á Vínlandsleið 6 í Grafarholti og boðið er upp á að senda í póstkröfu.



## Myndarammar á tilboði í Mjódd

MYNDVAL Í MJÓDD BÝÐUR UPP Á BREITT ÚRVAL RAMMA. NÚ ERU ÞEIR ALLIR Á 20 PRÓSENTA AFSLÆTTI FRAM Á MÁNUDAG.



Í Myndvali að Álfabakka 14 fást rammar í stærðum frá 9x13 cm upp í 70x100 cm. Sumar myndir passa vissulega illa í staðlaða ramma en slík vandamál er auðvelt að leysa með því að skera karton utan um þær og afgreiðslufólkið í Myndvali sker karton í hvaða stærð sem er eftir óskum viðskiptavina. Tuttugu prósenta afsláttur er af öllum römmum í Myndvali fram á mánudag og því er gott tækifæri fyrir þá sem vilja gefa myndir í jólagjöf að skella sér á ramma á góðu verði.

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!

Viltu breyt'eikkurru?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi

SIRKUS



Haffi Haff er litríkur persónuleiki

# ÍSLENSKIR STRÁKAR ERU HRÆDDIR VIÐ MIG

12. OKTÓBER 2007

■ Hollywood-stíll á Ragnhildi Steinunni ■ Dansað á gamla Apótekinu ■ Gulla Halldórs fílar Kate Moss ...

PIPAR • SÍA • 71167

FRAMTÍÐARHEIMILIÐ
ER KOMIÐ Í PRODOMO

*Prodomo er ný verslun sem býður nýjustu hönnun í ljósum og rafbúnaði og háþróaðan stjórnbúnað fyrir lýsingu, tónlist, mynd og hita.*

*Hlíðasmári 1 / 200 Kópavogur*
*Sími 520 4545 / www.prodomo.is*
*prodomo@prodomo.is*

PRODOMO

# fréttir

## Heyrst hefur



### Jón eða John? ...

Íslendingar eru farnir að stunda það að tala ensku þegar þeir hringja og panta sér borð á veitingastöðum borgarinnar því enskumælandi fólk fær frekar borð en innfæddir. Nú þýðir ekki lengur að vera sr. Jón, veitingahúsaeigendur snobba greinilega meira fyrir John.



### Bjarni í ritstjórastól

Bjarni Brynjólfsson, fyrrum ritstjóri Séð og heyrt, er kominn í ritstjórastól á Iceland Review og Atlantica. Lífið leikur við hann en fyrr í vikunni bárust fregnir af því að hann og Elín Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Birtings, hefðu náð sáttum en hún sakaði hann um þjófnað í fyrra. Eitt helsta slagorð Séð og heyrt, Gerir lífið skemmtilegra, er komið úr smiðju Bjarna. Nú er bara spurning hvort hann geti gert lífið skemmtilegra á ensku?



### Völli í Kína

Undrakokkurinn Völundur Snær Völundarson var á ferð í Kína á dögunum þar sem hann keypti húsgögn og húsbúnað fyrir nýja veitingastaðinn sinn, Oceano, sem á að opna í janúar. Fyrir á hann staðinn Sabor sem opnaði í mars. Sögusagnir segja að Oceano verði stærsti veitingastaður á Grand Bahama og ekkert verði til sparað til að gera hann sem glæsilegastan. Það ætti því ekki að væsa um Orlando Bloom og félaga en þeir eru reglulegir gestir hjá Völundi.

SiRKUS

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
martamaria@frettabladid.is
**Snæfríður Ingadóttir**
**Indíana Ása Hreinsdóttir**
indiana@frettabladid.is
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir
kristina@frettabladid.is
**Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000
**Sölustjóri** Bergur Hjaltested
512 5466 bergurh@365.is







RAGNHILDUR STEINUNN VEKUR ATHYGLI:

# Í HOLLYWOOD-SAMFESTINGI

Það virðist vera sama hverju Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir klæðist, alltaf er hún jafn smart. Hún vakti gríðarlega athygli síðasta vetur þegar hún klæddist fatnaði frá Birtu Björnsdóttur í undankeppnunum þegar verið var að velja Eurovisionlagið 2007. Síðasta laugardag hóf þátturinn Laugardagslögin göngu sína en Ragnhildur Steinunn stýrir honum ásamt Gísla Einarssyni. Í fyrsta þættinum klæddist hún gallasamfestingi frá merkinu Arden B.

„Þennan samfesting keypti ég í Hollywood á dögunum þar sem ég var stödd í fríi. Mér fannst hann svo fallegur að ég varð að kaupa hann," segir hún þegar Sirkus sló á þráðinn til hennar. Hún lét þó ekki duga að kaupa einn því hún keypti annan nákvæmlega eins samfesting, bara í öðrum lit. Þegar hún er spurð að því hvort henni finnist klæðaburður skipta miklu máli í sjónvarpi segir hún að hann verði að vera í samræmi við umfjöllunarefni og stemningu hverju sinni.

Klæðir þú þig öðruvísi í sjónvarpinu en dags daglega? „Já, ég er nú yfirleitt bara í gallabuxum og strigaskóm yfir vinnudaginn en svo fer maður kannski í eitthvað aðeins fínna þegar útsendingin skellur á," segir hún.

Færðu mikil viðbrögð frá fólki vegna klæðaburðar? „Já, það er alveg ótrúlegt hvað fólk virðist pæla mikið í því í hverju maður er. Mér finnst það hins vegar bara mjög gaman, sérstaklega þegar eldri konur hringja og biðja um fataráð."

Eyðir þú miklum tíma í að finna þér föt fyrir vinnuna? „Ég er nú oftast frekar fljót að ákveða í hverju ég ætla að vera hverju sinni en stundum væri ég alveg til í að mæta bara í ruslapoka." Þegar hún er spurð að því hvort Sjónvarpið sé með eigin stílista neitar hún því. „Sminkurnar á RÚV eru reyndar mjög duglegar að segja fólki hvað virkar á skjánum og hvað ekki."

*martamaria@frettabladid.is*



RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR ER HÉR Í HÖNNUN BIRTU BJÖRNSDÓTTUR. HÉR ER HÚN MEÐ KÆRASTANUM, HAUKI INGA.



RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR ER HRIFIN AF GALLASAMFESTINGUM OG Á FLEIRI EN EINN. HÚN MÆTTI Í ÞESSUM Á FRUMSÝNINGU Á DÖGUNUM.

DAGMAR UNA ÓLAFSDÓTTIR, EIGINKONA EYÞÓRS ARNALDS, Á VON Á SÍNU FYRSTA BARNI Á ANNAN Í JÓLUM.

# Sannkölluð jólakúla

„Það eru allir rosalega spenntir og bíða eftir jólapakkanum. Þetta verða stór jól fyrir okkur," segir Dagmar Una Ólafsdóttir, eiginkona Eyþórs Arnalds, en þau eiga von á sínu fyrsta barni saman annan í jólum. Kúlan er því sannkölluð jólakúla. Dagmar Una hefur í nógu að snúast þangað til barnið kemur í heiminn en hún rekur verslunina Munthe plus Simonsen á Vatnsstígnum ásamt móður sinni og systur auk þess sem þau Eyþór eru að gera upp hús sitt í Þingholtunum. Þau hafa þó alls ekki sagt skilið við sveitasæluna og halda því tvö heimili og þannig í fjölbreytnina.

### Menntuð sem jógakennari

Spurð hvernig samstarfið gangi í versluninni segir Dagmar Una forréttindi að fá að starfa með fjölskyldu sinni. „Auðvitað koma samt tímabil þegar við erum ekki sammála en þá ræðum við málin og finnum skynsamlegar lausnir. Þannig gengur það líka best segir hún, en Munthe plus Simonsen er dönsk hönnun. „Þær Naja Munthe og Karen Simonsen hanna alla línuna en Karen á rætur að rekja til Íslands og því má segja að um íslenska hönnun sé að ræða," segir Dagmar Una brosandi og bætir við að fötin í versluninni séu klassísk og falleg fyrir allar konur á öllum aldri en Dagmar klæddist einmitt kjól frá Munthe plus Simonsen á brúðkaupsdaginn.

Dagmar Una er menntuð sem jógakennari frá skóla í Bretlandi. Hún starfaði sem slíkur úti og líkaði vel. „Þegar ég kom heim fórum við mamma og systir mín beint í þennan verslunarrekstur enda hafði þetta verið draumur okkar lengi. Það er samt aldrei að vita nema maður fari aftur að kenna síðar. Ég er í meðgöngujóga núna og er opin fyrir öllu," segir Dagmar Una að lokum.

*indiana@frettabladid.is*



ÓFRÍSK Dagmar segir alla í skýjunum yfir erfingjanum sem væntanlegur er í heiminn um jólin. MYND/VÖLUNDUR




Í tilefni af viðurkenningunni **„Fastest Growing Business“** sem Rekkjan heilsurúm hefur hlotið frá King Koil og heimsóknar framkvæmdarstjóra King Koil til Íslands verða öll heilsurúm frá King Koil

**seld með 20-25% afslætti næstu daga!**




**20-25%**
AFSLÁTTUR!

Good Housekeeping Promises
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

| AVERY | AVERY | AVERY | AVERY | AVERY |
|---|---|---|---|---|
| Spine support | Spine support | Spine support | Spine support | Spine support |
| (Full XL 135x203) | (Queen size 153x203) | (King size 193x203) | (Twin XL 97x203) | (Cal King size 183x213) |
| kr. 84.800 | kr. 89.900 | kr. 129.800 | kr. 68.900 | kr. 129.800 |

## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kíropraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



## SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is



Garðar Kjartansson og Gunnar Traustason ætla að búa til magnaðan skemmtistað. MYND/VÖLUNDUR



Áður var veitingastaðurinn Apótekið rekinn í húsinu.

## GUNNAR TRAUSTASON OG GARÐAR KJARTANSSON OPNA ELDHEITAN SKEMMTISTAÐ

# 30 fermetra bar!





Á dögunum keyptu Gunnar Traustason og Garðar Kjartansson veitingastaðinn Apótekið. Þeirra fyrsta verk var að loka staðnum og hafa framkvæmdir staðið síðan þá. Áætlað er að staðurinn verði opnaður um næstu mánaðamót. Báðir eru þaulreyndir í skemmtanabransanum en Garðar opnaði Nasa á sínum tíma og þar unnu þeir félagar saman. Þeir vita því alveg hvað þeir eru að gera.

„Við vorum búnir að hugsa þetta út í gegn þegar við fengum Hallgrím Friðjónsson arkitekt til liðs við okkur. Við hentum því út sem fyrir var en ætlum þó að halda í gamla sjarmann sem fylgir húsinu og betrumbæta það með nútímalegri „design“ innréttingum,“ segir Gunnar. Staðurinn verður opinn á fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöldum en einnig verður hægt að halda einkasamkvæmi á staðnum þess utan. Gunnar lofar mjög góðri stemningu en á staðnum verður dansgólf og 30 fermetra bar. Nafnið á staðnum er enn þá leyndarmál en því verður ljóstrað upp í Sirkus í næstu viku.

martamaria@frettabladid.is

SKÍFU LISTINN

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Forever | – | Pavarotti |
| 2 | Pictures | ↑ | Katie Melua |
| 3 | All The Last Souls | ↓ | James Blunt |
| 4 | Human Child/Mannabarn | – | Eivör |
| 5 | Human Child | ↑ | Eivör |
| 6 | Pottþétt 44 | – | Ýmsir |
| 7 | Life in Cartoon Motion | ↓ | MIKA |
| 8 | Íslandslög 1-6 | – | Ýmsir |
| 9 | Íslandslög 7 | ↓ | Ýmsir |
| 10 | Frágangur | ↑ | Megas og Senuþjófarnir |
| 11 | Magic | N | Bruce Springsteen |
| 12 | Cortes 2007 | – | Garðar Thor Cortes |
| 13 | Dabbi T | ↓ | Dabbi T |
| 14 | Graduation | ↓ | Kanye West |
| 15 | Curtis | ↓ | 50 Cent |
| 16 | Shake It Good | N | Jagúar |
| 17 | Echoes, Silence, Patience | N | Foo Fighters |
| 18 | All The Last Souls cd+dvd | ↓ | James Blunt |
| 19 | Magni | ↓ | Magni |
| 20 | Dylan | N | Bob Dylan |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku – Stendur í stað

## VINSÆLUSTU LEIKIRNIR

| | |
|---|---|
| 1 | Fifa 08 |
| 2 | Neverwinter Nights 2 Betrayer |
| 3 | World in Conflict |
| 4 | Enemy Territory:Quake Wars |
| 5 | Sims 2 Bon Voyage |
| 6 | Company of Heroes Opposing Fronts |
| 7 | Medal of Honor Airborne |
| 8 | NBA Live 08 |
| 9 | Counter-Strike Source |
| 10 | Skate |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Spider-man 3 |
| 2 | Arthur og Minimóarnir |
| 3 | TMNT |
| 4 | Köld Slóð |
| 5 | Simpsons Season 10 |
| 6 | Zodiac |
| 7 | Wild Hogs |
| 8 | Latibær |
| 9 | Blades Of Glory |
| 10 | 300 |
| 11 | Delta Farce |
| 12 | 28 Weeks Later |
| 13 | Perfect Stranger |
| 14 | Little Miss Sunshine |
| 15 | Spider-man Trilogy |
| 16 | Apocalypto |
| 17 | John Tucker Must Die |
| 18 | Shooter |
| 19 | An Extremely Goofy Movie |
| 20 | Prison Break Season 2 |

Listinn gildir 11. október - 18 október 2007

Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

Nældu þér í eintak






SAND
WOMAN

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

COS OPNAR Í KÖBEN

# Lúxusútgáfa af H&M

Þær eru fáar íslensku snótirnar sem sleppa því að líta inn í verslunum H&M á ferðum sínum um erlendar stórborgir. Þessar draumaveiðilendur tískumeðvitaðra kvenna, þar sem hillurnar svigna undan klæðilegum kræsingum á námsmannaverði, hafa kostað ófá yfirvigtarkílóin á flugstöðvum en innihald þrútinna innkaupapokanna hefur að sama skapi hlotið að launum aðdáunarstunur í vinkvennahópum. Lágt vöruverðið hefur gert maraþonfataveiðiferðirnar mögulegar án þess að nokkur hafi verið kallaður á fund með þjónustufulltrúanum til þess að ræða bólginn yfirdráttinn. Fyrir næstu borgarferð getur hins vegar reynst nauðsynlegt að hækka heimildina á krítarkortinu, því sænski fatarisinn opnaði í septemberlok splunkunýja lúxusbúð, Cos - Collection of Style, ofarlega á Strikinu í Kaupmannahöfn. Dönsku fatahönnuðirnir Rebekka Bay og Michael Kristensen hafa hannað fjórar ólíkar línur fyrir veturinn þar sem aðaláherslan er lögð á mínimalísk, skandinavísk snið, milda liti og undurfalleg efni eins og silki, leður og kasmír. Gæðastaðallinn er miklum mun hærri en í systurversluninni H&M og verðið því líka ofurlítið hærra en maður á að venjast en hver er svo sem að telja danskar krónur og aura þegar hægt er að fá dúnmjúka leðurkjóla, partípils og hnausþykkar prjónapeysur í anda Marc Jacobs á einum og sama staðnum og eiga samt afgang fyrir eins og einni tösku og skópari?

Verslunin er á Østergade 35, í nágrenni við þekktar hönnunarbúðir efst á Strikinu sem skýrist, að sögn hönnuðanna, af því að gæði framleiðslunnar á heima í félagi við dýrari merkin sem þar er að finna þótt verðið sé öllu viðráðanlegra.

Verslunin sjálf var teiknuð af breska arkitektinum William Russell, sem er einna helst þekktur fyrir að hafa hannað útlit búða Alexanders McQueen. Hjá Cos lagði William áherslu á óformlega og stílhreina innanhússhönnun í anda fatnaðarins en gætti þess að hafa nokkra hægindastóla og bækur við höndina svona ef viðskiptavinirnir þyrftu á ofurlítilli pásu að halda frá innkaupunum.

*http://www.cosstores.com/*







**HVER MYNDI EKKI VILJA EIGA TÚRKÍSLITAÐA LEÐURTÖSKU?** Þessi er úr haustlínunni frá cos og er ansi eiguleg.

solid hár

Bráðvantar hressan og skemmtilegan nema á hárgreiðslustofuna Solid Hár sem getur byrjað strax

Sími 551 0808

Laugarvegi 176 Reykjavík

Endilega komið við eða hafið samband í síma: 869-6921 Selma eða 821 2601 Laufey.

borgin mín REYKJAVÍK

Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari

## Elska að búa í Reykjavík!



MORGUNMATURINN: Léttjógúrtdrykkur frá MS með banana og kirsuberjum, beint úr ísskápnum.
SKYNDIBITINN: Sushi og pítur berjast um hylli mína. Er ekki hægt að gera raunveruleikasjónvarp úr því?
LÍKAMSRÆKTIN: World Class í Laugum ber nafn með rentu. Þessi aðstaða er á heimsmælikvarða, og það er Orri Pétursson, þjálfarinn minn, líka.
SKEMMTUNIN: Þar sem ég er plötusnúðurinn.

VERSLUNIN: Melabúðin býr yfir einhverjum sjarma sem er smám saman að hverfa úr íslensku verslunarlífi.
RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA: Grillið á Hótel Sögu.
BEST VIÐ BORGINA? Stutt á milli staða, mikil aksjón alls staðar, listalíf í miklum blóma, allir svo duglegir og fallegir. Ég elska að búa í Reykjavík.

*- mmj*






DASK
LAUGAVEGUR 86-94 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 552 8090
ÞRJÁR THOMAS BURBERRY YFIRHAFNIR.
HANGA Á 22 MILLIMETRA TOGVÍR.
NIKE
ADIDAS ORIGINALS
AMERICAN APPAREL
DR. DENIM
KSUBI
ACNE JEANS
THOMAS BURBERRY
SURFACE 2 AIR
ANDERSEN & LAUTH

TÍSKULÖGGAN HAFFI HAFF FLUTTIST NÝLEGA TIL ÍSLANDS FRÁ SEATTLE Í BANDARÍKJUNUM. HAFFI, SEM ER OPINI
FUNDIST ÍSLENDINGAR HAFA HRÆÐST SIG Í FYRSTU EN ÞAÐ SÉ NÚ BREYTT. ÍSLENSKIR HOMMAR VIRÐAST ÞÓ EN

# FJÖLBREYTNI GERIR LÍFI

Ég nældi mér í gráðu í tískufræðum í skóla í Los Angeles," segir tískugúrúinn Haffi Haff sem nýlega flutti til Íslands. Haffi, sem starfar hjá MAC í Smáralind, talar íslensku enda hálfur Íslendingur og hálfur Bandaríkjamaður. Hann bjó í Seattle til 19 ára aldurs þegar hann flutti til LA en þaðan fór hann um leið og skólanum lauk. Haffi segist ekki hafa fundið sig í Seattle eftir námið og ákvað því að koma til Íslands. „Mig hafði alltaf langað að koma hingað til að búa en mamma býr hér. Ég hafði samt oft komið í heimsókn." Haffa líkar vel við land og þjóð en hann segir að það hafi tekið hann smá tíma að kynnast fólkinu.

## Gay-samfélagið lokaður lítill heimur

„Þetta er búið að vera skemmtilegt en líka mjög erfitt. Ég er svo opinn og í fyrstu var eins og fólk væri hrætt við mig og hleypti mér ekki að sér. Það er hins vegar breytt. Nema gay-strákarnir, þeir skilja mig ekki. Enda hef ég verið á lausu síðan ég kom," segir Haffi hlæjandi. „Ég veit ekki hvort íslenskir strákar eru hræddir við mig en þeir hafa allavega ekki nálgast mig hingað til. Gay-samfélagið er allt öðruvísi, miklu stærra og opnara í Seattle en á Íslandi. Þar geturðu farið út á götu og séð einhvern sem þér finnst aðlaðandi og athugað hvort þú fáir réttu merkin til baka. Svona eins og í „straight" samfélaginu hér," segir Haffi og bætir við að gay-samfélagið á Íslandi sé lokaður lítill heimur. „Ég er ekki kominn þar inn og þarf þess heldur ekki. Ég þarf ekkert að taka þátt í öllu," segir hann hugsandi en bætir við: „Það getur verið erfitt að vera alltaf á lausu og eiga engan möguleika á að deita og ég verð oft einmana þótt ég eigi fullt af vinum. En ég hef fjölskyldu mína sem ég elska en mamma og pabbi komu mér þangað sem ég er í dag auk þess sem amma er besta vinkona mín," segir hann en viðurkennir að hann sakni stundum Seattle. Aðspurður hvort hann hafi verið í alvarlegu sambandi segist hann aðeins hafa verið með einni mannskju. „Ég var með strák úti í LA en við bjuggum saman í eitt ár. Við vorum mjög líkir en samt ólíkir og sambandið gekk ekki upp," segir hann og bætir við að hann sé ekki að leita eftir einhverju líkamlegu. „Fyrir mig skiptir athygli mestu máli, það hvort hinn aðilinn veiti mér athygli. Útlitið skiptir ekki öllu. En það eru margir sætir strákar hérna. Og þeir „straight" eru oftast sætastir," segir hann hlæjandi.

## Dreymir Eurovision-sigra

Haffi vekur athygli hvar sem hann fer fyrir skemmtilegan og öðruvísi stíl. Hann segist alltaf hafa haft áhuga á tísku og hönnun, alveg frá því hann var lítið barn. „Tíska er mitt líf. Sumir hafa áhuga á bílum en hjá mér er það tíska og allt sem snýst um „image". Það hljómar grunnhyggið en er það ekki. Þetta snýst um að vera maður sjálfur. Ég hef alltaf getað búið til hluti úr engu en þegar ég var lítill höfðum við oft ekki mikið á milli handanna svo maður varð að redda sér. Mér finnst gaman að breyta til og ég get ekki verið eins alla daga. Fjölbreytni gerir lífið skemmtilegra." Haffi segir Íslendinga framarlega þegar kemur að tísku en að oft séu of margir eins til fara. „Svoleiðis er það alls staðar en þar sem Ísland er lítið sést það auðveldlega hér. Hins vegar eru líka margir sem skera sig úr og flestir Íslendingar eru mjög meðvitaðir um tísku," segir Haffi sem sjálfur kaupir sín föt í Popcorni á Laugaveginum, Kolaportinu, Zöru og jafnvel Hagkaupum. „Ég elska fötin í Popcorn og Zara kom mér á óvart auk þess sem ég skammast mín ekkert fyrir að versla í Hagkaupum. Ég elska líka Kolaportið og finn mér þar fullt af flottum fötum á góðu verði," segir hann og hlær að þeim fullyrðingum að hann myndi passa betur niður á Laugavegi en í verslunarmiðstöð í úthverfi. „Ég elska vinnuna mína og fólkið hér í Smáralind er



HAFFI HAFF „Mér finnst gaman að breyta til og ég get ekki verið eins alla daga."



MIKKI MÚS „Þennan geðveika Mikka mús-bol fékk ég í versluninni Popcorn á Laugaveginum. Trefillinn er í rauninni rö

fjölskyldan mín. Laugavegurinn er náttúrlega meira kúl en ég veit það ekki. Þar er meira af túristum en hér hitti ég fólkið í landinu," segir Haffi sem er alltaf að. Ef hann er ekki í Smáralind að gefa konum útlitsráð er hann gjarnan heima hjá sér að endurskipuleggja íbúðina sína. „Ég er alltaf að pæla og færa til húsgögn. Ég er svona eins og Monica í Friends. Sentimetri hér og sentimetri þar og ég sé þvílíkan mun. Ég er svona Haffi Stewart," segir hann brosandi en bætir við að takmark hans í lífinu sé að ná árangri. „Mig langar að sigra í Eurovision svo það er aldrei að vita nema maður poppi upp í sjónvarpinu einn daginn. Einnig langar mig að klára íbúðina mína og hanna mína eigin fatalínu en aðaltakmarkið er að ná

# tækni og afþreying

FÖSTUDAGUR 12. OKTÓBER 2007



NORDICPHOTOS/GETTY




Tilboð,
frá 16.900,- stgr.

Sjáðu sjónvarpsefni beint um gervihnött með búnaði frá okkur

Búnaður fyrir heimilið og sumarbústaðinn

Leiðandi í
- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660 - oreind@oreind.is

www.oreind.is

# Sneggri með Snarfer

Forritið „Snarfer“, sem kalla mætti Snarfara á íslensku, er sniðugt tæki til að leita upplýsinga. Auðvelt er að nálgast forritið á netinu og hlaða því niður.



Snarfer-forritið sparar tíma og auðveldar leit á efni eftir áhugasviði.

Snarfer er ný leið til að safna saman RSS-gögnum þar sem markmiðið er að ná hraða, skilvirkni og að einfalda notkun. RSS-gögn, eða mötun (RSS feed), er safn gagnasniða sem notað er til að gefa út efni sem er oft endurnýjað eða breytt eins og til dæmis bloggfærslur, fréttir og rafræn gögn eins og tónlist og myndbönd fyrir i-pod, mp3 spilara og tölvur. Eins og gefur að skilja er magn þessa efnis gífurlegt og afar erfitt ef ekki ómögulegt að komast yfir að skanna það. Það sem Snarfer gerir er að leita að efni sem þú skilgreinir á þínu áhugasviði og leitarorðum sem þú skilgreinir og síðan flokkar forritið það niður og auðveldar þér þannig að skoða og finna efni sem hentar þér. Nánari upplýsingar má finna á www.snarfware.com.

- hs

## Vélmennadans



Vélmenni dansa listilega á tæknisýningu í Nanjing í Kína. Vélmennin átta sem eru hvert um 25 cm á hæð voru búin til af hópi nema við vísinda- og tækniháskóla Kína.



**● USB-LYKILL ÚR VIÐI** Hver segir að tæknigræjur þurfi að vera úr óspennandi gráu stáli? Hönnun á jafn vel við í tækniheiminum sem annars staðar eins og vel má sjá á þessum skemmtilega USB-lykli eftir Guido Ooms og Karin van Lieshout. Þau skötuhjú velja hvern viðarbút sérstaklega fyrir USB-lyklana svo þeir njóti sín sem best á annars frekar einhæfum skrifstofum og tölvuverum. www.bijzondermooi.nl






Þessi tölva markaði upphaf tölvualdar á Íslandi en hún var tekin árið 1964. F.v., Þórhallur M. Einarsson, Ragnar Ingimarsson, Helgi Sigvaldason, Oddur Benediktsson og Magnús Magnússon.

# Smátölva var þá hýst í nokkrum skápum

**Í dag þykir tölva sem er tveggja til þriggja ára vera orðin gömul og púkaleg. Oddur Benediktsson, prófessor í tölvunarfræði, hefur fylgst með sögu tölvunnar frá því þær fyrstu komu til landsins árið 1964.**



„Ég vona að ég eigi eftir að upplifa að geta talað við tölvurnar og þær tali við mig, því ég lærði aldrei að pikka almennilega,“ segir Oddur Benediktsson, prófessor í tölvunarfræði.

Oddur Benediktsson, prófessor í tölvunarfræði, hefur fylgst með sögu tölvunnar síðan í árdaga tölvubransans. Hann vann hjá Háskóla Íslands þegar fyrstu tölvurnar komu til landsins árið 1964. Tölvurnar voru tvær og fór önnur til Háskóla Íslands þar sem hún var notuð í alls konar tölfræði, til að reikna almanakið og reikninga landmælingamanna og auk þess til að kenna verkfræðinemum og öðrum forritunarmálið FORTRAN. Hin vélin var notuð af svonefndum Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr) til að meðhöndla þjóðskrána og reikna skattana, til útskrifta á reikningum og ýmsum skýrslum.

Tölvan sem Háskólinn fékk var af gerð IBM 1620 og var fyrsta „smáa vísindatölvan“ (e. small scientific computer) sem var fjöldaframleidd. Það sem hét smátölva þá þurfti að hýsa í nokkrum stórum skápum á stærð við eldavél í veitingahúsi. IBM 1620 hafði 40 kílóbæta minni en hörðu diskarnir geymdu tvö megabæti. Þá voru tölvurnar mjög dýrar og kostuðu á við stórt einbýlishús. „Í nútímaskilningi væri þetta bara flugnaskítur,“ segir Oddur, „alveg frá byrjun má segja að formúlan; tölvuafköst miðað við prís hafi þúsundfaldast á fimmtán ára fresti. Frá því 1964 hafa afköstin þúsundfaldast þrisvar sinnum og afkastaaukningin er orðin um milljarður. Ein flott samlíking er að ef þú eyddir þúsundkalli í tölvu árið 1964 þá fékkstu eitt gramm, í dag fengirðu þúsund tonn.“

Oddur spyr blaðamann um aldur og segir í framhaldi: „Þegar þú varst níu ára voru diskarnir 20 megabæti, en í dag eru þeir 20 gígabæti. Fyrstu diskarnir í tölvu Háskólans geymdu tvö megabæti og þótti rosaleg framför. Í dag þykir tölva sem er tveggja til þriggja ára gömul vera orðin lítil og púkaleg. Í engum öðrum greinum samfélagsins, svosem í flugvélum og bílum, er neitt sem jafnast á við þessa getuaukningu.“

Frumbernsku nútímagagnavinnslu má rekja til ársins 1890 þegar bandaríska manntalið var sett á IBM gataspjöld. Þá var hægt að telja úr því og raða og flokka vélrænt. Gatspjaldavinnsla með manntalið byrjaði ekki á Íslandi fyrr en 1952, en upplýsingarnar á gataspjöldunum var seinna hægt að nota í fyrstu tölvunum sem komu til landsins. Annað upprunalegt hlutverk tölva var á sviði eðlisfræði og geimrannsókna, útreikningum á gangi tungls og himintungla. „Fyrstu stóru útreikningarnir sem gerðir voru í tölvu voru þegar Bandaríkjamenn reiknuðu út kjarnorkusprenginguna í svokölluðu Manhattan project árið 1943-1944. Það voru fyrstu massívu reikningarnir. Rússarnir sendu svo Spútnik geimfarið upp í byrjun 8. áratugarins og þá þurfti mikla útreikninga til að reikna ferlana.“

Fyrstu tölvuhlunkarnir voru dýrir og erfiðir í notkun. Á 8. áratugnum komu á markað ýmsar fjölnotavélar t.d. af gerðinni PDP11, þar sem 20 til 50 manns gátu setið við skjái sem tengdust við eina tölvu. Við þetta varð allt miklu ódýrara og praktískara. Þá var líka kominn vísir að tölvunetum þar sem sérstakar línur voru lagðar milli tölvanna svo þær gætu haft samskipti sín á milli. Að vísu var bandaríski herinn farinn að gera tilraunir með ARPANET upp úr 1960 og flugfélögin byrjuðu snemma að notast við bókunarnet að sögn Odds.

Einkatölvubyltingin hófst svo í blábyrjun 9. áratugarins þegar Macintosh og PC-tölvur komu á markað. Þá voru tölvurnar orðnar nógu litlar, ódýrar og afkastamiklar til að verða að markaðsvöru fyrir almenning. Fljótlega var farið að tengja þær saman. Árið 1986 komst fyrsta tenging Íslands við internetið á milli Hafrannsóknastofnunar og Evrópska Unix-netsins í Hollandi. Háskóli Íslands var svo tengdur við Hafrannsóknastofnun og þar með hófst þróun íslenska netsamfélagsins Isnet og almennt tölvusamband við umheiminn hófst.

Oddur Benediktsson hefur verið kallaður guðfaðir íslensku tölvubyltingarinnar og er sjötugur að aldri. Því er ekki nema von að blaðamaður spyrji hvort hann eigi ekki erfitt með að fylgjast með öllum þeim nýjungum sem spretta upp. „Ég er svona manískur upplýsingafíkill þannig að ég hef reynt að fylgjast með nýjum forritunarmálum eins og Java og Python og ýmsu öðru, en ég hef ekki gaman af bloggi og irki. Hins vegar notaði ég tölvupóst strax og hann komst í gagnið. Þá gat maður haft samband við samstarfsmenn sína innanlands og líka í útlöndum. Ég vona að ég eigi eftir að upplifa að geta talað við tölvurnar og þær tali við mig því ég lærði aldrei að pikka almennilega,“ segir Oddur að lokum.

- nrg

DELL MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA™ HOME PREMIUM




Intel Core™2 Duo inside™ Dual-core. Do more.

XPS

# LANGAR ÞIG Í EINA?

- Intel® Core™2 Duo T7100 Santa Rosa örgjörvi
- 1,80GHz, 800MHz FSB, 2MB L2 Cache
- 1GB 667MHz Dual Channel DDR2 vinnsluminni (2x512)
- 1GB Intel Turbo Memory Flash Cache
- 13,3" UltraSharp WXGA (1280x800) TrueLife skjár
- Innbyggð 2,0 mega pixel myndavél
- 128MB nVidia GeForce Go 8400M GS skjákort
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- 8X DVD+/-RW geisladrif ásamt hugbúnaði
- Intel þráðlaust netkort a/g/n
- Innbyggt TrueMobile 355 Bluetooth
- HD hljóðkort með hátölurum & hljóðnema
- 2x USB 2,0, IEEE 1394a FireWire, Infrared
- VGA, HDMI, ExpressCard tengirauf
- 8-1 minniskortalesari
- Windows Vista Home Premium
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

**Ein léttasta og þynnsta fartölva sem þú getur fengið. XPS M1330 er sérstaklega þægileg í meðförum og hentar því fullkomlega í skólann. Hún fæst í 3 frábærum litum; rauð, svört og glansandi perluhvít.**



## XPS M1330 KOSTAR 169.900,-*

DELL™

GOTT FÓLK

*** FYRIRVARAR:** Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc. Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

EJS www.ejs.is

# Upplýsingatækni á faglegum grunni

**Skýrslutæknifélag Íslands er félag þeirra sem starfa við eða hafa áhuga á upplýsinga- og eða fjarskiptatækni. Eitt af meginmarkmiðum er að breiða út þekkingu og skapa faglega umræðu.**

Ský, eins og Skýrslutæknifélag Íslands er kallað í daglegu tali, hefur verið starfrækt frá árinu 1968 og fagnar því fertugu á næsta ári. Stofnfélagar voru um hundrað talsins en nú eru fullgildir félagar rúmlega níu hundruð.

„Félagið er félag allra þeirra sem starfa við eða hafa áhuga á upplýsinga- og eða fjarskiptatækni. Félagið er óháð öðrum stofnunum eða hagsmunasamtökum og er rekið á félags- og ráðstefnugjöldum,“ segir Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri félagsins, sem segir jafnframt eitt af markmiðunum vera útbreiðsla þekkingar á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni og vettvangur fyrir faglega umræðu.

„Við stöndum fyrir fjölda funda og ráðstefna þar sem viðfangsefnin tengjast gjarnan því sem er helst á döfinni í samfélaginu. Þar má sem dæmi nefna netþjónabú og þriðju kynslóða-síma,“ segir Hólmfríður og nefnir næstu ráðstefnu sem ber vinnuheitið Netið í vasann. Ráðstefnan fer fram 30. október og fjallar um aðlögun vefsíðna fyrir minni skjái eins og þriðju kynslóða-síma og aðra litla netvafra.

Auk ráðstefnu- og fundarhalds gefur félagið einnig út tímaritið Tölvumál einu sinni til tvisvar á ári og birtir greinar reglulega á vefsíðu félagsins.

Ský á fulltrúa í Persónuvernd, ásamt því að vera með fulltrúa í verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins og fjarskiptaráðs samgönguráðuneytisins.

Einnig starfa ýmsir hópar og nefndir innan félagsins. „Hugtakið upplýsinga- og fjarskiptatækni er víðfeðmt og innan félagsins eru ýmsir hópar og nefndir með mjög virka starfsemi,“ segir Hólmfríður og heldur áfram: „Þar má meðal annars nefna faghópinn Fókus sem fjallar um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, faghóp um árangursríka vefstjórnun, hóp um fjarskiptamál og nýlega stofnaðan öryggistæknihóp auk nefnda á borð við orðanefnd og siðanefnd,“ segir Hólmfríður og nefnir einnig hóp innan félagsins sem kallast UT-konur.

„UT-konur-hópurinn er hópur kvenna innan upplýsinga- og fjarskiptatækni og markmiðið er að gera hlut kvenna á þessu sviði sýnilegri.“ Annar athyglisverður hópur sem Hólmfríður nefnir hefur verið lengi í bransanum og tekur ekki við hverjum sem er.

„Til að komast í öldungadeild félagsins þarftu að vera búinn að vera í bransanum í tuttugu og fimm ár. Hópurinn heldur úti vef um sögu upplýsingatækninnar og leitar nú að húsnæði undir sambærilegt safn. Breytingar eru svo örar innan þessa geira að tiltölulega nýr búnaður er þegar kominn með sögulegt gildi,“ segir Hólmfríður sem segir einnig heilmikla sögu liggja að baki nafni félagsins.

„Heiti félagsins hefur vakið undrun margra en það er dregið af skýrslutæknivélum sem voru forveri tölvunnar. Þessar vélar voru notaðar á Íslandi frá árinu 1949 og við stofnun félagsins voru þær mun algengari en tölvur, enda kom fyrsta tölvan til landsins árið 1964, aðeins fjórum árum áður en félagið var stofnað,“ segir Hólmfríður.

Nánari upplýsingar um Skýrslutæknifélag Íslands og viðburði á vegum félagsins er að finna á heimasíðu félagsins: www.sky.is

*rh@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**Sóley Jensdóttir, aðstoðamaður framkvæmdastjóra og Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Skýrslutæknifélags Íslands, segja félagsmenn vera af fjölmörgum sviðum þjóðfélagsins.**






**37 milljarðar fyrirspurna fóru fram í gegnum Google í ágúst.**

# Google langstærsta leitarvélin

Smiðir Óska eftir íslenskumælandi smiðum eða vönum mönnum í fjölbreytta inni sem útivinnu. Uppl. í s: 660 2990

**Aktu Taktu Skúlagötu**
Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

Zatrudnimy osoby do filetowania ryb. Wymagane doswiadczenie. Bardzo dobre wynagrodzenie. Tel. 899 8033

Wink hársnyrtistofa óskar eftir nema. Uppl. á staðnum.

Vantar þig vinnu og jafnvel leiguíbúð líka, leitum að starfsmanni í ísbúð frá 12-19 virka daga og einnig aðrahverja helgi. Góð laun fyrir réttan aðila og íbúð með lágri leigu. Uppl. í síma 660 1770.

Starfskraftur óskast. Helst vanur. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn í Kópavogi í dagvinnu. Helst ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 564 2325.

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0242, Benidikt.

## Atvinna óskast

**Stúlka utan að landi óskar eftir vinnu**
**Stúlka leitar að vinnu frá og með 01.11.'07 Er vön að vinna og hörkudugleg. Vinna sem kemur til greina eru afgreiðslustörf, aðstoðarmaður í eldhúsi, ummönnun og margt fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 849 3320 Halldóra.**

Smiði vantar vinnu. Vinnum með gifs, parket og fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 847 0638.

Par á 30 aldrinum óskar eftir að komast í vinnu út á landi/sveit, eða 2 fyrir 1. Húsnæði þarfa að fylgja. S. 845 6061.

Vélstjóri (408hö) /háseti óskast á 45 tonna dragnótabát róið frá vestfjörðum. Uppl. Í síma 852 9394 og 892 9394.

Er að leita að húsasmið til taka mig á samning. Er 18 ára strákur og búinn með 4 annir í skóla. Er duglegur. Sími 849 4703 Sigurjón.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Karlmenn óskast! Sérstaklega þeir með dýpri raddirnar!**
**Sönghópurinn Norðurljós leitar að bössum til að taka þátt í skemmtilegu og lifandi söngstarfi. Æfingar eru haldnar á mánudagskvöldum frá 20:00-22:00 í Hofstaðskóla Garðarbæ. Nánari upplýsingar fást hjá formanni kórsins, Þorgerði Einarsdóttur, í síma 694 2034 & 535 2506 ( gerða@gamar.is ). Einnig er hægt að kíkja á heimasíðu kórsins ( http://www.123.is/nordurljos/ )**

## Ýmislegt

Fyrirgefðu Freyja Rós. Nafn Snorra átti ekki að vera á Umslaginu!!

## Einkamál




**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenzkur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.




**MIÐBORG**
**Sími 533 4800**



Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is
Björn Þorri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

**Norðurbrú 2, íbúð 101 - Laus strax**
**Til sölu eða leigu**







Glæsileg 116,7 fm. 3ja herbergja íbúð í húsi byggðu 2004. Eignin skiptist í anddyri, stofu, borðstofu, eldhús – stáltæki, eyja og háfur -, baðherbergi, barnaherbergi, svefnherbergi, þvottahús. Eikarparket á gólfum, flísar á baði. Sérstæði í sameiginlegri bílageymslu ásamt sérgeymslu í sameign.

Frum




FASTEIGNIR &FYRIRTÆKI
Fyrirtækjasala Íslands
Valgeir Kristinsson, hrl., lögg. faseignasali
Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.fyrirtaekjasala.is

**FYRIRTÆKI Í KÆLIVÉLAVIÐGERÐUM.**
Til sölu kælivélaverkstæði með mikla sérstöðu. Mjög góð aðstaða og starfsumhverfi. Nánari upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu okkar en EKKI í síma. Einstakt tækifæri.

**SPORTBAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.**
Til sölyu vinsæll staður, vel staðsettur í 250 fm leiguhúsnæði. Góður búnaður á staðnum. Fullt vínveitingaleyfi. Sanngjarnt verð. Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

**HEILDSALA - SMÁSALA Í RENNILÁSUM.**
Til sölu þekkt verslun og heildverslun í rennilásum og öðrum vörum til fataiðnaðar. Fyrirtækið hefur starfað í yfir 20 ár og hefur mjög góða framlegð. Kjörið tækifæri fyrir fyrirtæki. í svipuðum rekstri. Er í mjög rúmgóðu húsnæði. Hefur mikla sérstöðu á markaði. Er með traust umboð og vandaða vöru. Frábært tækifæri fyrir rétta aðila. Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.

**INNFLUTN. FYRIR HÓTEL, VEITINGAH. OG SPÍTALA**
Til sölu heildverslun sem þjónustar hótel og veitingahús og fl. Flytur inn vörur í háum gæðaflokki. Góð umboð og frábært verð. Upplýsingar á skrifstofu.

**NÝTT Á SKRÁ - ÞEKKT HÁRSNYRTISTOFA.**
Var að koma á skrá, falleg og velstaðsett hársnyrtistofa, 5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar, nánast allt nýendurnýjað. Staðsetning mjög góð. Frábært tækifæri.

**HVERFIS-PÖBB Í EIGIN HÚSNÆÐI.**
Til sölu hverfis-pöbb í ca 240 fm eigin húsnæði, flott innréttað. Mjög góð aðkoma og bílastæði. Stór verönd og skjólveggir fyrir utan plássið. Allt sér. Nú er lag. Endilega leitið upplýsinga.

**GLÆSILEGT HEILSUSTUDIÓ.**
Nýtt og glæsilegt heilsustudió með fullkomnustu tækjum sem völ er á í dag. Rúmgott og bjart húsnæði á svæði 108. Frábær aðstaða. Stórgott tækifæri.

**KÓPAVOGUR - HÁRSNYRTISTOFA.**
Þekkt stofa í rúmgóðu húsnæði með 6 stóla og 2 vaskstóla, snyrtistól og margt fleira. Flott stofa með mikla þjónustu. Sanngjarnt verð

**TÍSKUVERSLUN Á LAUGAVEGINUM.**
Til sölu af sérstökum ástæðum vel staðsett tískuverslun, sem verslar með notaðan innfluttan kventískufatnað. Allt eigin innflutningur. Gott verð og einstakt tækifæri.

**ÍS OG VEITINGAR.**
Til sölu góður og vel staðasettur veitingarekstur í hverfi 108. Staðurinn tekur um 30 manns í sæti. Góðir vaxtarmöguleikar. Mjög gott verð.

**HÁRGREIÐSLUSTOFA Í GRÓNU HVERFI**
Til sölu falleg og þekkt hárgreiðslustofa mjög vel staðsett, í skemmtilegu húsnæði. 6 vinnustöðvar og 2 vaskstólar og allur búnaður mjög góður. Verð 7 millj.

**HEILSUSDTÚDÍÓ - SNYRTISTOFA.**
Til sölu glæsilegt heilsustúdíó og snyrtistofa með góðan tækjakost. þekkt stofa í skemmtilegu húsnæði. Staðsetning mjög góð. Mikið að gera. Frábært verð.

**BÓNSTÖÐ - MIÐSVÆÐIS.**
Til sölu bónstöð í hverfi 105. Er í góðu rúml. 80 fm leiguhúsnæði. Mikið um fasta viðskiptavini, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Mjög sanngjarnt verð.

**HÁRSTOFA - EINSTAKT TÆKIFÆRI**
Til sölu af sertökum ástæðum mjög þekkt hárstofa með 5 vinnustöðvar og 2 vaskstóla og góður búnaður á hreint ótrúlegu verði, eða aðeins kr. 3,1 millj. Það gerist ekki betra.

**SÓLBAÐSSTOFA MEÐ LUXUSBEKKJUM**
Til sölu vinsæl sólbaðsstofa á mjög góðum stað. Allt nýir Ergoline bekkir með sjónvarpi, auk þess er þarna naglasnyrting og ásetning. Staðsetning: verslunar og þjónustumiðstöð. Sami eignadi frá upphafi. Mikil viðskipti.

**BARNAFATAVERSLUN MEÐ TOPP MERKI.**
Til sölu skemmtileg barnafataverslun með vinsæl og flott vörumerki fyrir 0-16 ára í nýlegu leiguhúsnæði miðborginni. Glæsileg vara - góð sala. Topp tækifæri.

**GLÆSILEG SNYRTISTOFA og VERSLUN:**
Til sölu þekkt og einkar glæsileg stofa á frábærum stað með góða aðkomu. Góður tækjakostur. Tilvalið fyrir 2 snyrtifræðinga og naglafræðing. Skemmtilegt tækifæri.

**VINSÆLL SKYNDIBITASTAÐUR í hverfi 108**
Til sölu þekktur skyndibitastaður í austurborginni með fína afkomu. Vel tækjum búin Bullandi traffic. Liggur vel við allri umferð. Tekur yfir 30 manns í sal.. Gott dæmi.

**HÁRGREIÐSLUSTOFA Í HVERFI 101..**
Til sölu þekkt hárgreiðslustofa vel staðsett, 5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar og allur búnaður mjög góður. Verð 5,5 - 6 millj.

**Fjöldi annarra fyrirtækja á skrá!**
**Leitið nánari upplýsinga. - Sjáið: www.atv.is**

Frum

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

## ATVINNA

**Heggur ehf**
Trésmiðir
vantar smiði á verkstæði og í aðra inni vinnu.
Getum einnig bætt við okkur nema eða aðstoðarmanni á verkstæði.
Upplýsingar í síma 893 1424 & 862 1524

**Atvinna í boði:**
Háseta og netamann vantar á Sigurborg SH12 sem er að hefja togveiðar.
Góð laun í boði.
Uppl. gefur ómar í s. 847 8026.

Hvað er að frétta?



Beint í farsímann eða í vefpósti_

www.visir.is

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

RE/MAX
EIGNASTÝRING S: 534 4040
Síðumúli 27, 108 R • www.remax.is • eignastyring@remax.is



Frum

# BARÐASTAÐIR - REYKJAVÍK

Glæsileg 166 fm. íbúð á tveimur hæðum á efstu hæð í lyftuhúsi auk rúmgóðs stæðis í bílageymslu og 25 fm. sérbyggðs bílskúrs. Eignin er öll hin vandaðasta með fallegum vönduðum innréttingum og gólfefnum. Tvö baðherbergi eru í íbúðinni auk þvottaherbergis. Tvennar svalir og stórglæsilegt útsýni. Stutt á golfvöllinn og í alla þjónustu.

*Erlendur Davíðsson, löggiltur fasteignasali.*

## ATVINNA

www.netto.is

### Starf á póstafgreiðslu

Nettó leitar að starfsmanni í póstafgreiðsluna.
Póstafgreiðslan er opin frá kl.10-18 virka daga.

### Starf við almenn afgreiðslustörf

Nettó leitar að starfsmönnum á afgreiðslukassa.
Verslunin er opin frá kl.10-19 virka daga.

*Leitað er að duglegum og kurteisum aðilum. Ekki verra að umsækjendur séu konur komnar yfir miðjan aldur.*

*Upplýsingar veitir verslunarstjóri í versluninni Þönglabakka 1 eða í síma 510-3400*

netto
Mjódd Reykjavík

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

## ATVINNA

### Tannlæknastofa

Óskum eftir aðstoðarstúlku í fullt starf á tannlæknastofu á höfuðborgasvæðinu(112 R.) Fjölbreytt starf sem felur m.a. í sér móttöku, símavörslu og þrif á tannlæknastól og tækjum. Viðkomandi þarf að hafa ánægju af mannlegum samskiptum, reglusamur og stundvís. Nánari upplýsingar í síma 8646472

### Firma BYGGINGAFELAG GYLFA OG GUNNARS HF poszukuje pracownikow

z swiadczeniem lub bez do sekcji ogrodniczej. Wzakres obowiazkow wchodzi ukladanie plytek , trawy sadzenie sadzonek(ifrastruktura zewnetrzna).Nasza firma zapewnia dlugi okres zatrudnienia,.Wszelkie informacje mozna uzyskac pod numerem telefonu 6937323(Arek po polsku)Dziekujemy za kontakt

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is





# SMIÐIR

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir smiðum vönum uppsteypu, einnig smiðum í utanhúsklæðningar. Mikil mælingavinna framundan. Nánari upplýsingar veittar í síma 562-2991 einnig er hægt að senda fyrirspurn á gunnar@bygg.is og gudjon@bygg.is

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.

**www.bygg.is**

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

## TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

### Vík á Kjalarnesi

Tillaga að deiliskipulagi fyrir lóð meðferðarheimilisins að Vík á Kjalarnesi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er landnotkun svæðisins “svæði fyrir þjónustustofnanir”.
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja, innan þess til gerðs byggingarreits, eina til þrjár samtengdar byggingar fyrir u.þ.b. 20 – 30 $m^2$ íbúðareiningar ásamt sameiginlegri aðstöðu eins og setustofu, borðstofu, þvottaaðstöðu o. fl. Hámarksgólfflötur hvers húss eru 700 $m^2$. Heimilt verði að byggja allt að þrjár hæðir ásamt kjallara fyrir geymslur. Hámarks fermetrafjöldi bygginga eru 3000 $m^2$
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur

Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadal.
Breytingar felast í því meðal annars að hámarkshæð húsagerðar C verður hækkuð um 30 cm, kvistir verða heimilaðir á húsagerð C en þó með þeim takmörkunum sem fram koma á uppdrætti, litaval er skilyrt í skilmálum en þeir litir sem átt er við er að þök, þakkantar og vindskeiðar eiga að vera dökk grá (sjá litanúmer á uppdrætti). Að öðru leiti er vísað til áður samþykktra deiliskipulagsskilmála.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Holtavegur 8 - 10

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtaveg 8 – 10 vegna auglýsingaskilta, annars vegar á hús og hins vegar á lóð.
Sótt er um að setja upp skilti, merkt A, B og C á uppdrætti, ásamt skiltum á hús. Einungis kemur fram auglýsing um starfsemi innan lóðar á skiltunum. Skilti A og B: skiltaflötur er fjórir metrar á lengd, tveir metrar á hæð og miðast efri brún á skilti við handlista á efri bílapalli. Skilti C er ljósaskilti, þrír sinnum þrír, sem fest er á steyptan kant við bílakjallara, hæsti kóti á skilti er tuttugu og níu komma sextíu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **12. október 2007 til og með 23. nóvember 2007.** Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***.
Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.
**Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. nóvember 2007. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

Reykjavík, 12. október 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# ÓDÝRAST Í KRÓNUNNI

## MATARKARFAN ER ÓDÝRARI Í KRÓNUNNI!




**Þú færð meira í Krónunni!**

*Samkvæmt frétt Morgunblaðsins 11. okt. 2007 er matarkarfan 1.156 kr. ódýrari í Krónunni en Bónus og 2.019 kr. ódýrari en í Nettó. Heildar matarkarfan kostar 9.156 kr. í Krónunni en 10.312 kr. í Bónus og 11.175 kr. í Nettó.

KRÓNAN fyrst og fremst ...

... ódýrust*

# Virðing og umburðarlyndi

**UMRÆÐAN**
Borgaraleg gifting


SIGURÐUR HÓLM GUNNARSSON

Gunnar Jóhannesson, sóknarprestur á Hofsósi, skrifar kostulega grein í Fréttablaðið 28. september síðastliðinn, þar sem hann fer mikinn gegn Siðmennt – félagi siðrænna húmanista á Íslandi. Gunnar lýsir yfir áhyggjum sínum yfir því að guðleysingjunum í Siðmennt hafi verið hleypt inn í Fríkirkjuna til að gefa saman par borgaralega. Leiðinlegt þykir mér að Gunnar hafi áhyggjur af því að trúleysingjar heimsæki kristilegar kirkjur en mun alvarlegra þykir mér þó að lesa þær rangfærslur sem Gunnar fer með um Siðmennt, stefnu félagsins og markmið.

**Um virðingu**

Presturinn á Hofsósi heldur því fram í grein sinni að Siðmennt sé með þátttöku sinni í borgaralegri giftingu, sem haldin var í Fríkirkjunni, að sýna kristinni kirkju og eigin félagsskap óvirðingu. Hann segir orðrétt: „Enda þótt Siðmennt kunni að bera takmarkaða virðingu fyrir kirkjunni þykir mér skrýtið að hún skuli ekki bera meiri virðingu fyrir eigin félagsskap og gildum. Þegar beðist er undan athöfn sem þessari þá er Siðmennt auðsýnd meiri virðing en hún auðsýnir kirkjunni – og eigin félagsskap.“ Síðar í greininni segir Gunnar að trúverðugleiki Siðmenntar „hafi beðið hnekki í samhengi þessa máls“.

Í fyrsta lagi á ég erfitt með að sjá hvernig Siðmennt er að sýna kirkjunni óvirðingu með því að taka þátt í borgaralegri athöfn í Fríkirkjunni með leyfi kirkjunnar sjálfrar. Í öðru lagi var það ekki Siðmennt sem valdi staðsetningu athafnarinnar eins og Gunnar gefur í skyn. Parið sem um ræðir hafði einfaldlega samband við félagið og óskaði eftir aðstoð við að framkvæma borgaralega athöfn. Parið hafði sjálft áður bókað Fríkirkjuna og fengið leyfi til að halda borgaralega giftingu þar. Umrætt par hafði í fyrstu ætlað að halda athöfnina í Salnum í Kópavogi en þar á bæ kærðu menn sig ekki um að hýsa borgaralega giftingu þar sem slík athöfn hafði aldrei verið framkvæmd áður. Hvað áttu forsvarsmenn Siðmenntar að gera? Neita því að aðstoða parið vegna þess að athöfnina átti að halda í kirkju? Ég hefði nú haldið að óvirðing og skortur á umburðarlyndi hefði falist í slíkum viðbrögðum.

**Staðlausar staðreyndir**

Gunnar segist hafa sérstakar áhyggjur af trúverðugleika Siðmenntar í „ljósi þeirrar staðreyndar að Siðmennt [... hafi verið stofnað] sem mótvægi við íslensku Þjóðkirkjuna“. Þetta eru fréttir fyrir okkur sem höfum starfað í Siðmennt til margra ára. Enda segir í stefnuskrá Siðmenntar, sem Gunnar segist hafa lesið, að: „Siðmennt styður opið, víðsýnt og fjölþætt samfélag og telur að lýðræði sé besti kosturinn til að vernda mannréttindi bæði gagnvart einræðissinnuðum forréttindahópum og umburðarlitlum fjöldahreyfingum.“ Stofnun Siðmenntar hefur ekkert með Þjóðkirkjuna eða aðra trúarsöfnuði að gera.

Fyrir utan þessa staðlausu „staðreynd“ segir Gunnar það vera „augljóst markmið félagsins að lágmarka sýnileika trúar í samfélaginu“. Hvar presturinn fær þessar upplýsingar veit ég ekki en þær koma í það minnsta ekki úr stefnuskrá Siðmenntar. Siðmennt er málsvari húmanisma á Íslandi og berst fyrir trúfrelsi og þar með fyrir hlutleysi yfirvalda þegar kemur að lífsskoðunum.

**Siðmennt fagnar öllu góðu samstarfi**

Frá upphafi hefur Siðmennt haft það á stefnu sinni að bjóða upp á borgaralegar eða veraldlegar athafnir á borð við nafngjafir, fermingar, giftingar og útfarir. Opinber stuðningur við slíkar veraldlegar athafnir er næstum enginn hér á landi. Siðmennt hefur ekkert hús til yfirráða og engan starfsmann. Mest allt starf Siðmenntar fer fram með sjálfboðavinnu. Við fögnum því öllu jákvæðu samstarfi sem okkur býðst. Ég vil því þakka Fríkirkjunni sérstaklega fyrir samstarfsviljann og það umburðarlyndi að hleypa guðleysingjum inn í guðshús. Slíkt umburðarlyndi er greinilega ekki að finna í öllum vistarverum almættisins.

*Höfundur er varaformaður Siðmenntar.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Brotalöm í tryggingakerfinu

**Brynja Hafþórsdóttir skrifstofumaður skrifar:**

Hverra hagsmuna er verið að gæta í íslensku tryggingakerfi? Húseign mín er ónýt, jafn ónýt og ef hefði kviknað í henni. Ekkert í stöðunni nema rífa húsið. Við brunatjón kemur skyldutrygging til sögunnar og ef viðkomandi fasteign er brunatryggð, fylgir henni sjálfkrafa viðlagatrygging. En húsið mitt er ónýtt af völdum myglusveppa sem eiga sér upptök í skriðkjallara undir húsinu. Sparisjóðurinn lánaði mér fyrir húsinu með 1. veðrétti í húsinu, hvað get ég annað gert en að halda áfram að borga af húsi sem fljótlega verður ekki lengur til? Á bankinn að gjaldfella lánið? Hvernig á hann að tryggja að hann fái það sem honum ber? Verð ég að kveikja í húsinu til að fá það sem ég tel að mér beri? Ég get ekki búið í ónýtu húsinu þar sem það gerir mig fárveika og bý því inni á ættingjum með dóttur mína. Sonur minn og barnshafandi tengdadóttir eru farin líka og eiginmaðurinn og faðir minn hírast enn í eitruðu húsinu. En húsið er ekki ónýtt af völdum bruna eða náttúruhamfara og því stend ég uppi allslaus með milljóna skuld á bakinu og takmarkaða möguleika á að komast á réttan kjöl. Greiðslumat stjórnar lántöku og ekki fæ ég hátt greiðslumat með þessa skulda fyrir eitthvað sem brátt verður ekki lengur til. Þetta verður að laga og það sem fyrst.

## Hamingjusamir Íslendingar

Samkvæmt rannsókn, sem gerð var af samtökum sem kallast New Economics Foundation and Friends of the Earth, eru Íslendingar hamingjusamastir Evrópubúa. Norðurlandabúar komu hlutfallslega best út úr rannsókninni og var Svíþjóð í öðru sæti og Noregur í því þriðja. Danmörk var einnig ofarlega á listanum, í sjötta sæti. Könnunin náði til 30 landa innan Evrópu og var meðal annars mæld lífsgleði Evrópubúa. Það er spurning hvort veður hafi haft áhrif á lífsgleði Íslendinga en einmuna blíða ríkti hér á landi þann tíma sem könnunin var gerð á meðan rigndi eins og hellt væri úr fötu á frændur okkar. Einnig hefur verið bent á þá staðreynd að sífellt fleiri Íslend-ingar ganga til viðskipta við SPRON og eins og alþjóð veit er ánægjan hvergi meiri en meðal þeirra.

## Þvílík heppni!

Kona í Sandgerði, sem óskar nafnleyndar, varð fyrir því óláni nýlega að týna hundinum sínum á ferðalagi um Norðurland. Hún lýsti eftir hundinum í Degi og fékk svar um hæl. Kona á bóndabæ í nágrenni við Grenivík lét vita af hundi sem hafði verið að sniglast í kringum heimili hennar og lýsingin í blaðinu gat átt við. Konan fékk hundinn sinn og ákvað í framhaldinu að koma við í verslunni Jónsabúð á Grenivík og fá sér bita. Hún keypti auk þess skafmiða og borgaði með SPRON-kortinu sínu. Það má með sanni segja að hún hafi verið hundheppin því að á skafmiðanum var vinningur upp á eina milljón. Ekki fylgir sögunni hvað konan ætlar að gera við peningana en það má gera ráð fyrir að hundurinn verði verðlaunaður á einhvern hátt. Er nema von að viðskiptavinir SPRON séu jafnánægðir og raun ber vitni?



## AF NETINU

### Eldri borgarar á hakanum

**Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur skrifar:**

Ég er búinn að leita í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2008 að framlögum til kjarabóta aldraðra vegna kosningaloforða stjórnarflokkanna. En þessi framlög finnast ekki. Þrátt fyrir stór loforð um kjarabætur aldraðra er ekki ein króna til þess að uppfylla þau, aðeins framlög til þess að efna samkomulagið, sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar gerði við LEB. Samkvæmt því er dregið úr tekjutengingum og í samræmi við ákvörðun sumarþingsins er nú afnumin skerðing tryggingabóta vegna atvinnutekna 70 ára og eldri en bætur 67-70 ára á vinnumarkaði eru áfram skertar.

Unnt er að breyta fjárlagafrumvarpinu á þingi en er það ekki heldur mikil hógværð af ráðherrum Samfylkingar að koma ekki inn einni krónu í frumvarpið til þess að bæta kjör aldraðra. Vonandi stendur þetta til bóta. En ég tel að bæta eigi kjör aldraðra strax í haust. Því var lofað og við það á að standa. Allar upplýsingar liggja fyrir, m.a. frá kjaranefnd FEB.

Fjárlagafrumvarpið var samið snemma eftir kosningar. En Samfylkingin kom samt inn í frumvarpið framlögum til aðgerða í þágu barna og ungmenna. Eins hefði mátt koma inn framlögum til aldraðra, ef vilji hefði verið fyrir hendi. LEB segir, að eldri borgarar hafi gleymst í eldhúsdagsumræðunum. Þeir virðast einnig hafa gleymst í fjárlagafrumvarpinu.

# Íslensk orkufyrirtæki – útrásin

**UMRÆÐAN**
Orkumál


STEFÁN ARNÓRSSON

Íslendingar hafa um langt árabil verið liðtækir að aðstoða fátæk ríki við að byggja upp eigin þekkingu til að nýta jarðhita. Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna er sterkasta dæmið um þessa aðstoð en mörg fleiri dæmi mætti nefna eins og virkjanir í El Salvador og Kenya. Þessi aðstoð er af hinu góða. Hún miðar að því að hjálpa fátækum þjóðum til sjálfshjálpar til að nýta eigin jarðhitaauðlindir.

### Útrás og þróunaraðstoð

Í frétt í Morgunblaðinu 29. september sl. las ég að Reykjavík Energy Invest (útrásarfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur) hefði ákveðið að styðja jarðhitaverkefni í tveimur Afríkuríkjum um 9 milljarða króna á næstu fimm árum en nú hefur þetta fyrirtæki sameinast Geysir Green Energy. Hver sem vill sér það að þeir sem standa að þessari útrás orkugeirans gera það til að ávaxta eigið fé og þeir sem eiga að borga vextina eru fátækir íbúar Afríkuríkjanna tveggja.

Útrás Íslendinga í orkugeiranum á að víkja fyrir eldri stefnu Sameinuðu þjóðanna, a.m.k. þegar fátæk ríki eiga í hlut. Stefna Sameinuðu þjóðanna er að styðja fátæk ríki til sjálfshjálpar en Bandaríkin og fleiri ríki hafa nánast svelt þessa stefnu í hel og það fyrir allmörgum árum. Ég hef séð það með eigin augum að aðkoma einkaaðila að jarðhitanum í Mið-Ameríkulöndum hefur beinlínis hindrað þessi lönd í því að byggja upp þekkingu hjá sér til að nýta þessar orkuauðlindir og meira að segja spillt því sem Sameinuðu þjóðirnar voru búnar að byggja upp í samvinnu við heimamenn. Þar sem Sameinuðu þjóðirnar voru komnar nógu langt með aðstoð sína fyrir daga sveltistefnunnar í löndum eins og El Salvador og Costa Rica og líka í Kenya í Afríku hafa risið jarðgufuvirkjanir í eigu landsmanna og þeir eru sjálfbjarga.

*Ef íslensk fyrirtæki geta eignast auðlindir og orkuver erlendis, á það að vera gagnkvæmt? Er okkur stætt á öðru?*

Íbúar þeirra fátæku landa sem fá erlend fyrirtæki til að virkja eigin auðlindir geta vænst þess að kaupa raforkuna á hærra verði en væri ef þeir hefðu aflað sér þekkingar til að virkja sjálfir. Útrásin í orkugeiranum er ekki augljóslega göfugt fyrirbæri eins og flestir virðast halda, a.m.k. ekki þegar fátæk þróunarlönd eru annars vegar.

### Filippseyjar og nýtingarréttur orkuauðlinda

Ég hef vitað það um nokkurt skeið að til hefur staðið að einkavæða PNOC-EDC risaorkufyrirtækið á Filippseyjum. (Filippseyjar framleiða næstmest allra ríkja af raforku með jarðgufu. Rafafl jarðgufuorkuvera í þessu landi er nálægt 1900 megawöttum eða eins og allar vatnsaflsstöðvar á Íslandi eftir að Kárahnjúkavirkjun hefur verið gangsett. Mér sýnist það lágt verð á íslenskan mælikvarða að meta PNOC-EDC á 155 milljarða íslenskra króna (rúmlega tvöfalt það verð sem Landsíminn var seldur á) en það er verðmætamatið samkvæmt frétt í Mbl. sunnudaginn 6. október. Íslenskir fjárfestar hafa sýnilega áhuga á því að ávaxta fé sitt í þessu fyrirtæki með því að kaupa hlut í því. Tilgangurinn með því að hafa Orkuveitu Reykjavíkur með í útrásarfyrirtækinu Reykjavík Energy Invest (REI) hlýtur að vera sá að gera útrásarfyrirtækið marktækt á orkumarkaðnum. Án Orkuveitu Reykjavíkur er útrásaraðinn REI vafalaust ekki áhugaverður kaupandi að hlut í PNOC-EDC í augum þeirra sem vilja selja. Ef íslensk fyrirtæki geta eignast auðlindir og orkuver erlendis, á það að vera gagnkvæmt? Er okkur stætt á öðru? Eiga erlend fyrirtæki þá ekki að geta eignast orkuauðlindir okkar og orkuver og hvernig ætla íslensk stjórnvöld að verja eignaraðildina þegar opinbert íslenskt fyrirtæki leikur afgerandi hlutverk í útrásinni?

*Höfundur er prófessor í jarðefnafræði og hefur starfað að jarðhitarannsóknum og jarðhitanýtingu í 40 ár.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Netið bjargaði okkur!

Það er orðið mun algengara að fólk sjái um bankaviðskipti sín á netinu. Þessi þjónusta eykur frelsi viðskiptavinarins og gerir honum kleift að ganga frá sínum málum hvar og hvenær sem er. Það var þakklátur viðskiptavinur SPRON sem hringdi í þjónustufulltrúa bankans og lýsti yfir ánægju sinni með þjónustuna. Málum var þannig háttað að hann var staddur í Bandaríkjunum þegar hann fékk óvænt símtal frá konu sinni. Hún var á Heathrow-flugvelli á leið að hitta mann sinn og hafði lent í því að Visakortið hennar virkaði ekki og hún var ekki með inneign á reikningi sínum. Maðurinn sagði að heimabankinn væri alger himnasending. Þau áttu bókaða skemmtisiglingu um Karabíska hafið daginn eftir og hefði hann ekki notið þjónustu SPRON hefðu þau líklega ekki komist í þá ferð. Það tók hann aðeins tvær mínútur að bjarga málunum.

Þessi ánægði viðskiptavinur lét það fylgja sögunni að hann væri þakklátur SPRON fyrir að hafa þessa þjónustu svona ein-falda því að hann væri ekki mikill tölvumaður. Einnig hrósaði hann bankanum fyrir að hafa þennan reikning líka án krafna um að nýta sér aðra þjónustu bankans.





*Hjartans þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigrúnar Guðmundsdóttur**
Hofsvallagötu 22.

Guð veri með ykkur öllum.

**Sigurjón G. Jóhannesson**
**Áslaug Sigurjónsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Jakob Sigurðarson** **Helga Sjöfn Magnúsdóttir**
**Jóakim Snær Sigurðarson**
**Sigrún Sif Sigurðardóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,*

**Sveinn Rúnar Vilhjálmsson**
Dofrabergi 21, 221 Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 7. október. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigrún Fjeldsted Sveinsdóttir** **Magnús Björnsson**
**Linda Guðrún Sigurðardóttir** **Sævar Örn Gíslason**
**Benjamín Fjeldsted Sveinsson**
**systkini hins látna og aðrir aðstandendur.**



*Systir mín,*

**Þórdís Pálsdóttir**
frá Hjálmsstöðum,

andaðist á dvalar-og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 10. október.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ásgeir Pálsson**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur G. Halldórsson**
frá Kvíslarhóli á Tjörnesi,

verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 13. október kl. 14.00.

**Steinþóra Guðmundsdóttir** **Þórarinn Gunnlaugsson**
**Marý Anna Guðmundsdóttir** **Halldór Sigurðsson**
**Aðalsteinn Guðmundsson** **Jófríður Hallsdóttir**
**Stefán Brimdal Guðmundsson** **Lára Ósk Gunnlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Ragnar Sigurmundsson**
vélstjóri, frá Svínhólum í Lóni, áður til heimilis að Strandgötu 67a, Eskifirði,

lést 4. október að Hulduhlíð. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 13. október kl. 14.00.

**Sigríður Rósa Kristinsdóttir**
**Hafdís Þóra Ragnarsdóttir** **Júlíus Ingvarsson**
**Sigrún Ragna Ragnarsdóttir** **Helgi Jónsson**
**Kristján Ragnarsson** **Katrín Guðmundsdóttir**
**Kristinn Jóhannes Ragnarsson** **Halla Ósk Óskarsdóttir**
**Guðný Hallgerður Ragnarsdóttir** **Jón E. Guðmundsson**
**Kristján B. Sigurðarson**
**Sigurmundur Viðir Ragnarsson**
**Áslaug Ragnarsdóttir** **Guðlaugur Sæbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

**LUCIANO PAVAROTTI**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG 1935**

*„Hafir þú einu sinni séð mig muntu aldrei rugla mér saman við nokkurn annan.“*

***Pavarotti er líklega frægasti óperusöngvari fyrr og síðar. Hann lést 6. september síðastliðinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST**: 12. OKTÓBER 1810

## *Upphaf að Októberfest*



Þennan dag árið 1810 gekk krónprinsinn Lúðvík, sem síðar varð Lúðvík I af Bæjaralandi, að eiga Theresu prinsessu af Sachsen-Hildburghausen. Yfirstétt Bæjaralands bauð af því tilefni íbúum München að taka þátt í hátíðarhöldum sem fram fóru á engi framan við borgarhliðin. Þessi engi voru síðar nefnd Theresenwiese til heiðurs prinsessunni. Þennan gleðilega dag var mikið um dýrðir og lauk honum með kappreiðum sem konungsfjölskyldan fylgdist sjálf með.

Næstu ár varð hefð fyrir því að halda svipaða hátíð á þessum tíma fyrir almenning. Úr varð hið svokallaða októberfest sem haldið er árlega frá því síðla í september og fram til fyrsta sunnudags í október.

Flestir tengja þessi hátíðahöld bjórdrykkju sem er sannarlega orðin fastur hluti af hátíðinni hin síðari ár.

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**: KVENFORSETAR Í MEIRIHLUTA Í FYRSTA SINN

# Hlutur kvenna eykst stöðugt

Við Háskóla Íslands hafa konur verið kjörnar til forystu við sjö af ellefu deildum Háskólans og er þetta í fyrsta sinn sem fleiri konur eru forsetar við deildir skólans. Þetta eru þær Elín Soffía Ólafsdóttir við lyfjafræðideild, Inga B. Árnadóttir við tannlæknadeild, Oddný Sverrisdóttir við hugvísindadeild, Ebba Þóra Hvannberg í verkfræðideild, Sóley S. Bender í hjúkrunarfræðideild og Björg Thorarensen í lagadeild. Bæði Björg og Ebba Þóra eru fyrstu konurnar sem gegna embætti deildarforseta við sínar deildir.

Björg Thorarensen var nýlega kjörin í embætti forseta lagadeildar og tók við embætti af Páli Sveini Hreinssyni prófessor sem skipaður var hæstaréttardómari. Björg er með kandidatspróf í lögum frá lagadeild HÍ og meistarapróf frá Edinborgarháskóla. Hún hefur verið prófessor við lagadeild Háskóla Íslands frá 2002. „Lagadeildin fagnar hundrað ára afmæli lagakennslu á Íslandi á næsta ári svo það var tímabært að kona kæmi að stjórninni,“ segir Björg, sem tók við embætti í lok ágúst.



**KVENFORSETAR OG REKTOR HÁSKÓLA ÍSLANDS.** Frá hægri: Elín Soffía Ólafsdóttir, Inga B. Árnadóttir, Ebba Þóra Hvannberg, Kristín Ingólfsdóttir rektor, Björg Thorarensen, Sóley Sesselja Bender og Oddný Sverrisdóttir.

„Þetta er tímanna tákn og lýsir þeirri þróun sem er annars staðar í samfélaginu,“ segir Björg og vísar í fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum þótt enn vanti töluvert upp á að jafnt hlutfall sé á því sviði. „Að konur séu komnar í meirihluta í stjórnun í öllum deildum Háskólans er skref í rétta átt,“ útskýrir Björg sem segist jafnframt vona að þessar konur séu góðar fyrirmyndir og hvatning fyrir aðrar konur sem geti hugsað sér að fara í stjórnunarstöður. „Konur í lögfræðingastétt eru orðnar mjög margar og lagadeildin er ein þeirra deilda í Háskóla Íslands þar sem kynjahlutföll meðal nemenda eru hvað jöfnust,“ segir Björg sem segir þó lögfræðina, eins og margar aðrar grunngreinar í Háskólanum, hafa verið hefðbundna karlagrein framan af. „Lögfræðin er ein sú fræðigreina sem er hvorki kvenna- né karlagrein í dag,“ segir Björg og bætir við: „Eftir því sem konum fjölgar í lögfræðistéttinni hefur hlutfall kvenna í embættisstéttum aukist. Til dæmis meðal sýslumanna sem áður var dæmigerð karlastétt en í þeim hópi hefur konum fjölgað mjög á síðastliðnum fimm til sex árum. Eins vænti ég sambærilegrar þróunar meðal dómara þar sem jafnt hlutfall kynjanna í náminu hlýtur að endurspeglast í opinberum stöðum þar sem lögfræðipróf er sett sem skilyrði. Þá hafa konur einnig haslað sér völl í lögmannsstörfum, þótt hlutfall þeirra sé þó enn langt frá því að vera jafnt á við karla.“

Fram undan eru miklar breytingar á stjórnkerfi Háskóla Íslands og að sögn Bjargar eiga þessar breytingar einnig við um lagadeildina. „Með stjórnkerfisbreytingum í Háskólanum verður lagadeildin hluti af nýju fræðasviði ásamt félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild. Með þessum breytingum er stefnt að eflingu grunneiningar Háskólans og styrkingu lagadeildar og annarra deilda vegna samkeppni við einkarekna skóla og veita þeim deildum meiri sveigjanleika. Við stefnum að því að halda því forskoti sem lagadeild HÍ hefur, fá til liðs við okkur bestu fræðimenn á öllum sviðum lögfræðinnar í kennslu og rannsóknir og útskrifa færustu lögfræðinga eins og við höfum gert til þessa,“ segir Björg. **rh@frettabladid.is**



# 90 ára afmæli

**Jósef Halldórsson**

húsasmiðameistari 90 ára í dag.

Föstudaginn 12. október 2007 verður Jósef Halldórsson níræður. Hann býður vinum og vandamönnum að halda upp á tímamótin með sér í samkomusal Sunnuhlíðar (niðri) Kópavogsbraut 1 í Kópavogi milli kl. 16 og 19.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ágústa Kristín Jónsdóttir**
Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

andaðist á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 1. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýndan samhug og bestu þakkir til starfsfólks að Hlaðhömrum og á líknardeild Landakotsspítala.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S. HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLISBÖRN



**Hugh Jackman** leikari er 39 ára.



**Ólafur Egill Egilsson** leikari er 30 ára.



**Kirk Cameron** kvikmyndaleikari er 37 ára.


Haustlaukar
50%
afsláttur
Útsala
á haustlaukum
Haustplöntur
50%
afsláttur
3 erikur
stk
999
Kaffi Garður
Heitt súkkulaði með rjóma og kökusneið
450.kr
Soldis
Silkitré & silkiblóm
mikið úrval af fallegum haustgreinum, ávöxtum, ofl.
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind









## STUÐ MILLI STRÍÐA Lifað á brúninni

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** LEGGUR ÆVISÖGURITUN Á HILLUNA



Fyrir nokkrum árum byrjaði ég að blogga. Framan af var ég mjög iðinn við skrifin og naut þess að segja frá því sem á daga mína dreif. Áður en langt um leið var ég meira að segja farinn að leggja mig fram um að gera spennandi hluti, til þess eins að geta síðan um kvöldið sest niður og skrifað spennandi frásögn af mínu viðburðaríka lífi.

Nú er ég nánast alveg hættur að blogga. Ef ég nenni þá set ég þessa pistla mína inn á síðuna, en þá er þá líka allt og sumt. Enda hefur það skilað sér í því að nú líða oft heilu dagarnir án þess að nokkuð markvert gerist. Það má því segja að bloggið hafi leitt til þess að lífið varð allt meira spennandi. Samt sem áður nenni ég ómögulega að fara að blogga aftur.

Um daginn benti vinkona mín mér hins vegar á hvernig ég gæti aftur náð fyrri virkni í líf mitt, án þess að þurfa að setjast niður og blogga á hverju kvöldi. Ég ætti einfaldlega að hugsa allt út frá því að síðar meir myndi ég setjast niður og skrifa ævisögu mína. Þannig væri ég aftur kominn með hvata til að gera spennandi hluti og gæti líka hlakkað til elliáranna þegar ég myndi hafa frá öllu þessu að segja. Þetta fannst mér frábær hugmynd.

Ég setti mig í stellingar og hófst handa á ný. Fór í óvænt ferðalag, gekk á fjall og hlustaði á framandi tónlist. En þá laust því niður í höfuðið á mér. Ef ég er bara að gera sniðuga og skemmtilega hluti til að skrifa um þá, þá ætti ég kannski frekar að gerast rithöfundur. Enda á maður ekki að lifa lífi sínu fyrir neinn annan en sjálfan sig. Ég hef því lagt öll plön um ævisöguritun á hilluna en ætla engu að síður að halda áfram að gera spennandi hluti.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**TILBOÐ 4.999 kr**
Verð áður 6.999,-

## Baby Born Buggy kerra
Flott og sterk Baby Born kerra.
Hægt að brjóta saman.
Með stillanlegum handföngum.



**TILBOÐ 1.699 kr**
Verð áður 2.299,-

## Baby Born hjólasæti



**TILBOÐ 2.499 kr**
Verð áður 2.999,-

## Baby Born kerra
Hægt að brjóta saman.
Hjólin að framan beygja.




## Baby Born brúða
Nú er komin ný og betri Baby Born brúða.
Baby Born fylgja 2 snuð, eitt hvítt og eitt bleikt.
Þegar Baby Born fær bleika snuðið, þá lokar hún augunum.
Hún drekkur, skælir, pissar, kúkar, og má fara í bað/sund eins og áður.

**4.999 kr**



**TILBOÐ 3.999 kr**
Verð áður 4.799,-

## Baby Born hestur
Fallegur og mjúkur hestur með hljóðum. Þegar Baby Born/Baby Boy sest í hnakkinn heyrist tölt hljóð. Strjúkið hestinum um hausinn og hann hneggjar. Hnakkur, slá, bursti og fleira fylgir.

BABY born®



**TILBOÐ 4.999 kr**
Verð áður 5.999,-

## Baby Born bíll
Flottur og sterkur bíll með hljóðum og ljósum.
Mótorhljóð, flauta og lag. Með spotta til að draga. Hægt að opna skottið.



**TILBOÐ 5.499 kr**
Verð áður 6.499,-

## Baby Born hesthús
Fallegt og vandað hesthús úr tré. Með girðingu, gerði og opnanlegu þaki og hliði.



## Baby Born hestvagn og hestur
Flott ljós kviknar og ævintýrastef heyrist frá vagninum. Hægt að losa hestinn frá.
Hestur og vagn 70 cm.

**7.999 kr**



**TILBOÐ 1.399 kr**
Verð áður 1.799,-

## Baby Born fatasett
Peysa, buxur/pils.



**TILBOÐ 1.399 kr**
Verð áður 1.699,-

## Baby Born fatsett með húfu
Flott sett í mörgum litum.



## Baby Born nærföt **1.299 kr**



## Baby Born ævintýrasett
Sett með úlpu, buxum, stígvélum, bakpoka og skordýraboxi.

**TILBOÐ 2.499 kr**
Verð áður 3.299,-



**TILBOÐ 2.199 kr**
Verð áður 2.799,-

## Baby Born garðsett
Regnbuxur, regnhúfa, stívél, kanna og skófla.



## Baby Born glamoursett
Flott sett með pilsi, jakka, skóm, bangsa, „greiðslukortum" og fleira.

**2.199 kr**



## Baby Born Hawai baðsett **1.999 kr**

Gildir til 17. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**! ATH kl. 20.30**
*LJÓÐAPARTÍ #1 - í kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 20.30*
*Kynnir: Ásmundur Ásmundsson*
*Skáld: Markku Paasonen | Sean Bonney | Lars Skinnebach | Kristín Ómarsdóttir | Ingólfur Gíslason | Leif Holmstrand | Eiríkur Örn Norðdahl | Hildur Lilliendahl | Gísli Hvanndal | Una Björk Sigurðardóttir | Jón Örn Loðmfjörð.*
*Mr. Silla leikur ljúfa tóna*
*Partíið er haldið á vegum Nýhils í tilefni af Alþjóðlegri ljóðahátíð í Reykjavík.*

# menning
menning@frettabladid.is













# Ljóðskáld láta í sér heyra

**Hin þriðja árlega Alþjóðlega ljóðahátíð Nýhils fer fram nú um helgina í Þjóðleikhúskjallaranum, Norræna húsinu og á kaffihúsinu Súfistanum. Á hátíðinni má sjá og heyra framsækin ljóðskáld, innlend sem erlend, flytja ljóð sín.**


**LINH DINH** Víetnamskt-bandarískt skáld sem kemur fram á Alþjóðlegri ljóðahátíð Nýhils um helgina.

Meðal þeirra erlendu ljóðskálda sem koma fram á hátíðinni má nefna A. Rawlings frá Kanada, Lars Skinnebach frá Danmörku, Leif Holmstrand frá Svíþjóð og Vilja-Tuulia Huotarinen frá Finnlandi. Íslensk skáld láta líka að sér kveða á hátíðinni en á meðal þeirra verða Kristín Eiríksdóttir og Örvar Þóreyjarson Smárason.

Viðar Þorsteinsson er meðlimur í Nýhil og einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Þetta er í þriðja skipti sem við höldum þessa hátíð og því mætti segja að nú sé komin hefð fyrir henni. Við upplifum líka mikinn áhuga á hátíðinni og það hefur verið vel mætt á hana, þannig að það er klárlega grundvöllur til þess að halda ótrauð áfram.“

Hátíðin veitir gestum sínum tækifæri til að kynnast því sem helst er á döfinni í ljóðagerð beggja vegna Atlantsála. „Við höfum boðið hingað skáldum frá Norðurlöndunum annars vegar og úr hinum enskumælandi heimi hins vegar. Það hefur verið að mestu átakalaust að fá erlend skáld til þess að koma hingað, þau hafa öll verið mjög áhugasöm. Það er enda frekar lítið til af alþjóðlegum ljóðahátíðum á heimsvísu og þessi hátíð því kærkomið tækifæri fyrir þessi skáld til þess að kynna ljóð sín fyrir nýjum áheyrendum og lesendum,“ segir Viðar.

Á hátíðinni býðst íslenskum ljóðaunnendum að kynnast straumum í ljóðagerð sem ekki hafa verið áberandi hérlendis að sögn Viðars. „Á hátíðinni má heyra í skáldum, til dæmis A. Rawlings, sem eru framarlega í sköpun svokallaðs „language poetry“ en það er stefna sem hefur rutt sér nokkuð til rúms í samtímaljóðagerð, sérlega í enskumælandi löndum. Í þessarri stefnu er unnið meira með áferð tungumálsins og samsetningu hljóða fremur en merkingu ljóðanna. Á þessu hefur ekki borið mikið í íslenskri ljóðlist, en stefnan rímar þó að vissu leyti við það sem sum skáldanna í Nýhil, til dæmis Eiríkur Örn Norðdahl, hafa verið að gera.“

Dagskrá hátíðarinnar er glæsileg, en hún hefst með ljóðapartíi í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld kl. 20.30. Á laugardag og sunnudag eru ýmsir viðburðir í boði, þar á meðal upplestrar og málþing. Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar, en dagskrá hennar má kynna sér nánar á www.nyhil.org

vigdis@frettabladid.is

# Nýtt listatímarit komið út

Sjónaukinn heitir tímarit um myndlist sem kom út fyrir fáum dögum og var dreift í verslanir í vikunni. Það er litprentað í stóru broti 23x28 cm og lýtur ritstjórn þeirra Önnu Júlíönu Friðbjörnsdóttur og Karlottu Blöndal. Er fyrsta blaðið tileinkað stofnunum og er 116 síður prentað á tvenns konar pappír. Meginefni er prentað á glanspappír en þýðing alls efnis á ensku er á grófari pappír. Oddi prentar gripinn sem er hinn vandaðasti í frágangi en fyrstu 1.500 eintökunum fylgir DVD-diskur með listaverki: Frásögn Samms úr Avant-Garde Citizens eftir listamenn heftisins. Heftið opnar umræðu um stöðu myndlistar á Íslandi með ávarpi Ásmundar Ásmundssonar myndlistarmanns. Þær stöllur hafa verið í hartnær ár að koma ritinu á koppinn og njóta til þess stuðnings velvildarmanna: margra félaga sinna úr myndlistargeiranum, söfn og gallerí auglýsa glæsilega í ritinu, Ingunn Wernersdóttir hefur lagt þeim til fjármagn og Þýðingarsjóður menntamálaráðuneytisins styður útgáfuna, enda er þetta eina rit íslenskt sem fjallar um myndlist einvörðungu á prenti.



**MYNDLIST** Nýtt tímarit komið út um myndlistarheiminn sem umlykur okkur.

Ritstýrurnar segja markmiðið að festast ekki við ákveðinn hóp eða stefnu enda næg vítin að varast í þeim efnum í sögu íslenskrar myndlistar. Þær halda sig við forn brögð: listamaður heftisins er tvíeykið Libia Castro og Ólafur Ólafsson. Mikið rými fær umfjöllun um ítalska skáldið og kvikmyndagerðarmanninn Pier Paolo Pasolini sem er rammi um grein eftir Hauk Má Helgason. Markús Þór Andrésson sýningarstjóri skrifar hugleiðingu um High Plane IV eftir Katrínu Sigurðardóttur. Þá er ítarleg úttekt á stofnunum í myndlist á Íslandi – 25 að tölu.

Merkileg yfirlýsing – fyrsti hluti – birtist þar frá Stephan Dillimuth, Anthony Davies og Jakob Jakobsen: „Ríkið og stofnanir þess deila nú markmiðum og takmörkunum sem eru svo samofin nýfrjálshyggju og stefnu fyrirtækja að þau hafa orðið ósýnileg. Þessari aukningu og þenslu hugmyndafræði frjáls markaðar inn í allt líf okkar hefur fylgt kerfisbundið niðurrif allra samfélagshreyfinga og ímyndunar sem er andstæð kapítalískum kröfum,“ segir þar. Langt viðtal er við Steingrím Eyfjörð í ritinu og styttra viðtal við gagnrýnandann Claire Bishop. Þá er úttekt á þeim Libiu og Ólafi, viðtöl við safnara, grein eftir sýningarstjórann Önnu Colin um myndlistarmessur heimsins sem nú eru að taka yfir hlutverk listasafna og margt fleira.

Þær stöllur segjast hafa viljað fara með tímarit sitt á pappír í stað þess að halda sig við netútgáfur. Sjónauki fæst í öllum betri bókaverslunum.

- pbb





**SJÓNVARP** Sofie Graaböl í hlutverki sínu en peysan hennar kveikti gríðarlegan áhuga á íslenskum mynstrum víða um Norðurlönd.

# Glæpurinn á sunnudögum

Forbrydelsen – eða Glæpurinn – byrjar á sunnudagskvöld í RUV. Nokkuð langt er síðan Ríkisútvarpið tryggði sér rétt á þessum vinsælu framhaldsþáttum frá Danmarks Radio en í vikunni voru þeir tilnefndir til Emmy-verðlauna og gera menn sér vonir um að Danir fái Emmy í fimmta sinn fyrir þessa áhrifamiklu þáttaröð. Aðeins fjórar þáttaraðir koma til álita sem besta drama og keppa Danir við Suður-Afríkumenn (Home Affairs), Brasilíumenn (Móðirin), og bresku þáttaröðina The Street sem hér var sýnd nýlega og vakti litla eftirtekt þótt þar færi einn fremsti sjónvarpshöfundur Breta, Jim McGovern, sem samdi Cracker og Lakes.

Fyrstu Emmy-verðlaunin fengu Danir fyrir Rejseholdet (Stöð 2) 2002. Ári síðar hreppti Nikolaj og Julie hnossið og 2005 var það Örninn, en þessir þættir báðir voru sýndir hér á RÚV. Að auki er heimildarmyndin Smiling in a War Zone tilnefnd. Emmy-verðlaunin verða afhent 19. nóvember. Sofie Graaböl leikur í Glæpnum lögreglukonu sem við starfslok vegna flutninga er sett í að rannsaka hvarf unglingsstúlku, Nönnu Birk Larsen. Þættirnir nutu gríðarlegra vinsælda í Danmörku og hafa þeir einnig verið sýndir í norska sjónvarpinu. Hafa íslenskir áhorfendur bæði fylgst með Glæpnum á DR og NRK. **- pbb**

Salurinn

**FIMMTUDAGUR 11. OKTÓBER KL. 20**
FJÖLSKYLDUFERÐ TIL AFRÍKU
Miðaverð 1500 kr / ókeypis fyrir börn

**FÖSTUDAGUR 12. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: ÓPERUTÓNLEIKAR
FRÁ ÞJÓÐARÓPERUNNI Í RIGA
Miðaverð 2000 kr / 1600 kr

**LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER KL. 13**
TKTK: FLAUTA OG PÍANÓ
Miðaverð 1500 kr / 500 kr / ókeypis fyrir börn

**SUNNUDAGUR 14. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS
TÓNLIST RICHARDS RODGERS
Miðaverð 2000 kr / 1600 kr.

**SUNNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20**
TÍBRÁ: SELLÓ OG PÍANÓ
TANYA ANISIMOVA og LYDIA FRUMKIN
Miðaverð 2000/1600 kr.

SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

DODGE CHRYSLER Jeep

JDC bílar er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili fyrir Dodge / Chrysler / Jeep / New Chrysler LLC

Vinnustofan í október 2007



FRUMSÝNING
DODGE NITRO
2,8 L diesel / 4,0 L bensín





Frumsýnum Dodge Nitro 2007 - evrópugerð í sýningarsal okkar að Krókhálsi 4.

Einnig erum við með fjölda annarra bíla í sýningarsal frá Jeep, Dodge og Chrysler, m.a. Jeep Commander – diesel, Jeep Grand Cherokee – diesel, Dodge Avenger og Chrysler 300C.

KÍKTU VIÐ OG REYNSLUAKTU




VIÐ ERUM HÉR, Á EFRI HÆÐ HARÐVIÐARVALSHÚSSINS!

Opnunartími:
**Mánudaga - föstudaga**
**10 - 18**
**Laugardaga**
**10 - 14**

JDC bílar hf.
Krókhálsi 4
110 Reykjavík
Sími: 540 6700
jdc@jdc.is
www.jdc.is

JDC bílar

RUMSÝNINGU
OPIÐ:
LAUGARDAG KL. 12-16
SUNNUDAG KL. 13-16

BLÖÐRUR OG FÁNAR FYRIR BÖRNIN!

IH INGVAR HELGASON

# List fæst gefins

Bræðurnir og myndlistarteymið Jake og Dinos Chapman gefa myndlist á Frieze-listahátíðinni sem hófst í gær í Regent‘s Park í London.

Bræðurnir, sem þekktastir eru fyrir óhugnanlega skúlptúra sem gjarnan hverfast um dauða eða limlestingar, hafa í hyggju að bjóða gestum hátíðarinnar að fá teikningar gefins.

Gjörningurinn fer þannig fram að gestir afhenda bræðrunum peningaseðla sem þeir teikna á og skila til baka. Verður þetta hátíðargestum að kostnaðarlausu, utan þess að þeir þurfa sjálfir að koma með seðlana. Sá kostnaður er þó næsta lítill þar sem virði peningaseðilsins margfaldast við athöfnina, enda eru listaverk eftir þá bræður langt frá því að vera gefins undir eðlilegum kringumstæðum.

Dinos Chapman segir gjörninginn ólíkan fyrri vinnubrögðum þeirra bræðra, en að með honum bjóði þeir almenningi fáheyrt tækifæri til að eignast ókeypis list. „Þetta er kannski hálfgerð leti, en að mörgu leyti þykir mér ákjósanlegt að vinna út frá verkum annarra. Þannig er búið að skapa mér ramma sem ég þarf svo að bregðast við og vinna innan. Þetta er ókeypis list, en það gerist ekki oft að listamenn gefi vinnu sína.“

Á hátíðinni í fyrra máluðu bræðurnir myndir af þeim hátíðargestum sem á annað borð kærðu sig um það og gátu jafnframt reitt fram 4.000 pund, sem er andvirði um 500.000 íslenskra króna. Dinos segir verk þeirra bræðra tengjast á milli ára. „Verk okkar í ár er andstæða verksins í fyrra. Nú snúum við kapítalismanum á haus.“

Það má gera ráð fyrir nokkuð mikilli aðsókn í listþjónustu Chapman-bræðra á hátíðinni. „Það er merkilegt hvað skipulegar biðraðir eru fljótar að breytast í vitstola mannhaf,“ segir Dinos, reynslunni ríkari eftir æsinginn sem skapaðist um gjörning þeirra í fyrra. Þar sem gjörningurinn í ár er á öllu viðráðanlegra verði má gera ráð fyrir að æsingurinn verði enn meiri í þetta skiptið.

**vigdis@frettabladid.is**



**GINGERMINGE FRÁ 2001** Verk Chapman-bræðra eru jafnan umdeild.




## NÝJAR BÆKUR

**Í Gagnfræðakveri handa háskólanemum** sem út er komið í fjórðu útgáfu er að finna ýmislegt sem háskólakennarar ætlast til að stúdentar kunni, ýmislegt sem getur skipt sköpum í námi en er þó sjaldan beinlínis kennt. Höfundarnir Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson fjalla um námstækni og vinnubrögð í háskóla, skipulag og frágang námsritgerða, heimildaleit, tilvísunarreglur og heimildaskrár, orðanotkun, þýðingar á erlendu efni, uppsetningu taflna og sitthvað fleira sem huga þarf að í rannsóknum og námi. Hafa höfundarnir gert nokkrar endurbætur á eldra efni og einstök atriði hafa þeir útskýrt frekar eða lagfært eftir ábendingum lesenda. Sérstaka áherslu lögðu þeir á aukna umfjöllun um tilvísanir og heimildaskrár. Boðskapur kversins er sá að um háskólanám og fræðimennsku gildi eins konar leikreglur sem stúdentar verða að tileinka sér í námi sínu, leikreglur sem einnig nýtast í lífinu sjálfu utan háskólaveggjanna. Reynt er að skýra skilmerkilega frá reglum og tækniatriðum sem lítill eða enginn ágreiningur er um og að gefa tóninn um skynsamlega aðferð og góðan smekk þegar kennimörk eru óljós eða aðferðir fjölbreyttar. Gagnfræðakver handa háskólanemum hefur nýst nemendum og kennurum í íslenskum háskólum um árabil. Háskólaútgáfan dreifir.







**Innan lands / Made in Iceland** er ný ljósmyndabók eftir Sigurgeir Sigurðsson ljósmyndara sem kom út síðla sumars á fjórum tungumálum. Fyrri bækur ljósmyndarans eru löngum kunnar og ber þetta nýja safn hans öll einkenni meistarans: landið skartar sínu fegurrsta í myndum hans. Frú Dorrit Moussaieff skrifar formála að verkinu. Bókin er í brotinu 19x19,2 og í mjúku bandi, prentuð og bundin í Odda en Forlagið gefur út.



Salka hefur gefið út matreiðslubók á ensku eftir Völund Snæ Völundarson matreiðslumeistara; **Delicious Iceland**, eða Girnilega Ísland. Á starfsferli sínum hefur Völundur unnið á frægum veitingahúsum á Íslandi og erlendis, svo sem í Frakklandi, Chicago og síðustu sex árin á Bahamaeyjum. Í þessu metnaðarfulla verki blandast saman í máli og myndum einstaklega ljúffengar uppskriftir og veiðisögur. Einnig er tæpt á sögu íslensks matar, og síðast en ekki síst er saga stráksins að norðan sem fór út í heim og deilir nú með okkur sinni fersku og girnilegu sýn á Ísland. Haukur Ágústsson skrifaði textann í bókina og miðlaði af víðtækri þekkingu sinni á íslenskri matarmenningu og þjóðlífi. Haukur er þekktur skólamaður og lagahöfundur og hefur lengi verið virkur þátttakandi í íslensku menningarlífi. Hreinn Hreinsson á heiðurinn af myndunum í Delicious Iceland, hvort sem um er að ræða glæsilega rétti, dramatískt landslag eða villta náttúru. Ívan Burkni Ívansson hannaði bókina en Prentmet prentaði. Hún er í brotinu 18x18 cm.



**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ** Tónleikaröðin Kristallinn fer fram í Þjóðmenningarhúsinu.

# Schubert á laugardegi

**Kristallinn, kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, heldur áfram með öðrum tónleikum vetrarins sem fara fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu á morgun kl. 17.**

**Að þessu sinni verður leikinn Oktett í F-dúr op 166 eftir Franz Schubert. Oktettinn var saminn vorið 1824 og er eitt af glæsilegustu kammerverkum tónskáldsins.**

**Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur.** - vþ



**NICK CAVE** Ein af myndum Árna Torfasonar.

# Sviðsmyndir í Fótógrafí

Mikil gróska hefur verið í tónleikahaldi á Íslandi síðustu ár og hafa fjölmargar heimsþekktar hljómsveitir leikið fyrir landann.

Árni Torfason, ljósmyndari og formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands, hefur verið manna iðnastur við að mynda tónleikaviðburði og hafa sviðsmyndir hans birst víða.

Um síðustu helgi var opnuð sýning í ljósmyndagalleríinu Fótógrafí á nokkrum mynda hans. Á sýningunni má sjá myndir sem Árni tók á tónleikum frá 2002 til 2007. Fótógrafí er til húsa á Skólavörðustíg 4a og er opið frá 12 til 18 á virkum dögum og 10 til 16 um helgar.



**TÓNLEIKAHALD Í SALNUM** Margrét Stefánsdóttir þverflautuleikari og Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Tónleikaröð TKTK

Fyrstu tónleikar vetrarins í TKTK – Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs – verða haldnir í Salnum á laugardaginn kl. 13. Þar koma fram þær Margrét Stefánsdóttir þverflautuleikari og Sólveig Anna Jónsdóttir píanóleikari og flytja verk eftir Carl Czerny, Atla Heimi Sveinsson, Atla Ingólfsson og Robert Muczynski.

Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs var hleypt af stokkunum af Kópavogsbæ í samvinnu við kennara skólans og Salinn haustið 2000 og hefur reynst dýrmætt tæki til símenntunar.

Tónleikarnir eru klukkustundar langir án hlés og er almennt miðaverð 1.500 krónur.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega voru söngtextar í barnasýningunni Gott kvöld kenndir við Davíð Þór Jónsson hér á síðunum í gær. Þeir eru eftir Áslaugu Jónsdóttur. Eru viðkomandi beðin afsökunar á þessari rangfærslu.

# Viltu finna milljón? aftur á fjalirnar

Sýningin Viltu finna milljón? er nú að hefja sitt þriðja leikár í Borgarleikhúsinu. Þessi óborganlegi gamanfarsi hefur gengið fyrir fullu húsi frá því sýningar hófust vorið 2005 og vegna fjölda áskorana hefur verið ákveðið að hafa örfáar sýningar í haust. Landslið grínara fer á kostum í þessu bráðfyndna verki Ray Cooney sem Gísli Rúnar Jónsson þýddi.

Leikarar í sýningunni eru Eggert Þorleifsson, Helga Braga Jónsdóttir, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Bergur Þór Ingólfsson, Gunnar Hansson, Guðmundur Ólafsson, Theodór Júlíusson og Sara Dögg Ásgeirsdóttir sem hefur tekið við hlutverki Mörtu Nordal. Leikstjóri er Þór Tulinius.

Verkið segir frá hjónunum Haraldi og Ingibjörgu, sem leikin eru af Eggerti Þorleifssyni og Helgu Brögu Jónsdóttur. Haraldur hefur unnið hjá skattinum á lúsarlaunum svo lengi sem elstu menn muna og einn daginn finnur hann fulla tösku af peningum. Þetta er vanur maður sem sér að féð er illa fengið, en hann ákveður að þetta sé hans tækifæri til betra lífs og fer beint í að panta flug aðra leiðina út í heim. En málið er vitaskuld ekki svo einfalt og heilmiklar flækjur, lygar og taugaveiklun fylgja í kjölfarið.

Sýningar hefjast á sunnudagskvöld en næstu sýningar verða 19. október og síðan eru fjórar sýningar komnar í sölu í nóvember. - pbb



Hinn vinsæli farsi kemur aftur á svið Borgarleikhússins.


THE BODY SHOP™

Vinsælar vörur með frábærum afslætti 11.–14. október

Nýtt kortatímabil

**Dekurvörur með kókosolíu – 30% afsláttur**
Rakagefandi "Body Butter"-húðnæring með kókosolíu (200 ml), sams konar handsápa (250ml) og baðhanskar í lit aðeigin vali
**Verð nú: 1990 kr.**
Verð áður: 2890 kr.



**Jarðarberja-dekurvörur – 30% afsláttur**
Rakagefandi jarðarberja-"Body Butter"-húðnæring (200ml), jarðarberja-skrúbbkrem (200ml) og baðhanskar í lit að eigin vali
**Verð nú: 2180 kr.**
Verð áður: 3120 kr.



**Jójóba-andlitsvörur – 30% afsláttur**
Þrjár vörutegundir saman: Dagkremið vinsæla (50ml), andlitsvatn (200ml) og hreinsimjólk (200ml)
**Verð nú: 1875 kr.**
Verð áður: 2680 kr.



**Góður ilmur fyrir heimilið – 35% afsláttur**
"Lace"-brennsluker og tvenns konar brennsluolía: "Black Tea" og "Sandalwood"
**Verð nú: 1995 kr.**
Verð áður: 3070 kr.



**Sólgylltur farði og réttu græjurnar – 35% afsláttur**
"Shimmer Squares"-farðinn inniheldur 4 litbrigði. Er hvert þeirra notað eitt og sér sem augnskuggi en hins vegar er þeim öllum blandað saman þegar farðinn er notaður sem kinnalitur. Auðvitað þarf því bæði góðan augnskuggapensil og bursta fyrir andlitið
**Verð nú: 2890 kr.** Verð áður: 4480 kr.





**Ofurtilboð! Það sem herrann þarfnast – með 40% afslætti**
"Face Protector"-rakakrem (100ml), andlitssápa (50ml), gróf andlitssápa (50ml), "Javari"- hár- & sturtusápa (75ml) og herra-snyrtitaska
**Verð nú: 2490 kr.** Verð áður: 4155 kr.

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI**
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

THE BODY SHOP®


MUGISON


RADIOHEAD

## > Í SPILARANUM

**Radiohead** - In Rainbows
**Sometime** - Supercalifragilistic...
**Beirut** - The Flying Club Cup
**Band of Horses** - Cease to Begin
**Mugison** - Mugiboogie

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Stærstu tónleikar Megasar

Megas og Senuþjófarnir koma fram á stórtónleikum í Laugardalshöllinni annað kvöld. „Þetta lítur vel út. Strákarnir eru búnir að taka nokkur gigg saman úti á landi, eitt í Bræðslunni í sumar, síðan á Ísafirði og tvö á Akureyri. Það hefur gengið rosavel. Þeir eru vel þéttir og tilbúnir í þetta," segir tónleikahaldarinn Kári Sturluson. „Þetta verða stærstu tónleikar Megasar sem eru hans eigin, þó svo að hann hafi komið fram á stærri viðburðum."

Samstarf Megasar og Senuþjófanna gat af sér plötuna Frágang, sem var fyrsta plata Megasar í sex ár. Hefur hún selst afar vel og er þegar orðin ein söluhæsta plata Megasar frá upphafi. Ný plata frá þeim er væntanleg næstkomandi mánudag og nefnist hún Hold er mold.

Á tónleikunum í Höllinni munu Megas og Senuþjófarnir flytja allar helstu perlur Megasar í bland við nýju lögin. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er aðgangseyrir 5.900 og 6.900 krónur.

- fb


**MEGAS** Megas og Senuþjófarnir koma fram á stórtónleikum í Laugardalshöll á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



## > Plata vikunnar

Sprengjuhöllin - Tímarnir okkar

★★★★

„Tímarnir okkar er skemmtilegasta íslenska poppplatan í áraraðir. Melódískt og metnaðarfullt popp og frábærir textar."

-TJ



## TÓNNINN GEFINN
### Steinþór Helgi Arnsteinsson

# *Æska, gleði og gaman*

Strax á fyrsta kvöldi Airwaves-hátíðarinnar í næstu viku stíga á stokk tvær íslenskar hljómsveitir sem ég vil sérstaklega mæla með. Báðar tvær endurspegla þær þrótt æskunnar, sköpunargleði, kímni og þrótt hennar. Báðar hljómsveitirnar eru líka einstaklega fjölmennar en ellefu manns eru í hvorri sveit. Tónleikar hljómsveitanna tveggja eru því upplifun út af fyrir sig. Tónleikarnir einkennast af dýnamík og einmitt þessari kímni sem ég nefndi áðan, allir út um allt, allir brosandi og allir í stuði. Svona á æska landsins að vera.

Fyrri hljómsveitin er ættuð úr MR og heitir <3 Svanhvít! (borið fram Minna en þrír Svanhvít) en hún lenti í öðru sæti á síðustu Músíktilraunum. Síðan þá hefur hljómsveitin þroskast gífurlega, spilað víða og er í stöðugri þróun. Textar sveitarinnar eru sérlega skemmtilegir og eins konar ádeila á íslenskan samtíma, allt á mjög gamansaman hátt. Í raun mætti kalla textana pönkaða því þar fá ýmsir þjóðfélagsþættir á baukinn, meðal annars krútt og stjórnmálamenn.

Hin hljómsveitin er Naflakusk úr Hafnarfirði en hún er á dagskrá strax á eftir <3 Svanhvít! Sveitin sú arna hefur verið að vekja lukku á MySpace undanfarið sem endaði með því að Jón Sæmundur, kenndur við Dead, ákvað að fá þær til liðs við Dead Records og brátt er von á þriggja laga stuttskífu frá sveitinni. Naflakusk er að nafninu til stúlknahljómsveit en þær fengu til liðs við sig nokkra stráka því þær „kunnu ekki á trommur og þannig" eins og þær segja sjálfar. Eins og hjá <3 Svanhvít! er gamanið í fyrrúmi en tónlistarlegur metnaður er að sjálfsögðu til staðar hjá báðum sveitum og er reyndar umtalsverður. Hjá Naflakuski mæli ég sérstaklega með danska laginu Mads sem fjallar um norskan MySpace vin þeirra. Einnig er lagið Pálmundur stórfínt en það fjallar um smáhundinn Pálmund sem var bleikur smáhundur en afi hans hét Guðmundur og var líka smáhundur.

Ég held að fáar tvær hljómsveitir séu eins vel til þess fallnar að koma öllum í gott stuð fyrir Airwaves á fyrsta degi hátíðarinnar. Ég get allavega lofað ykkur því að þið farið skælbrosandi út af Grand rokki eftir tónleika þessara tveggja sveita.






# Dylan enn á allra vörum

**Undanfarin ár hafa einkennst af mikilli Bob Dylan-dýrkun og áhuginn á honum virðist ekki vera neitt að minnka á árinu 2007. Trausti Júlíusson skoðaði tvær nýjar Dylan-útgáfur, safnkassann Dylan og viðhafnarútgáfu af tímamótakvikmynd D.A. Pennebaker, Don't Look Back.**


**BOB DYLAN** „Frábær mynd, verst að hún er um mig," á Dylan að hafa sagt um Don't Look Back.

Dylan-æðinu sem hefur einkennt síðustu ár virðist ekkert ætla að linna. Í sumar kom ný útgáfa af kvikmynd D.A. Pennebaker, Don't Look Back, en hún fjallar um tónleikaferð Dylans um England árið 1965 og þykir ein af bestu tónlistarmyndum sögunnar. Í síðustu viku kom svo út ný safnplata sem ber einfaldlega nafnið Dylan, en hún er fáanleg bæði einföld og þreföld.

### Fluga á vegg

Kvikmyndin Don't Look Back er ein af áhrifamestu tónlistarkvikmyndum sögunnar. Bandaríski leikstjórinn D.A. Pennebaker fylgdi Dylan eftir á tónleikaferðalagi hans um England. Kvikmyndin er gerð í „cinema-verité" stíl, Pennebaker elti Dylan um allt með tökuvél á öxlinni. Það er fullt af tónlist í myndinni, en líka er sýnt frá hangsi á hótelherbergjum, blaðaviðtölum, æstum aðdáendum og partíum. Þetta var á þeim tíma þegar Dylan nennti enn að svara spurningum misviturra fjölmiðlamanna og svörin eru oft óborganleg. Myndin er líka gluggi inn í England ársins 1965. Auk Dylans koma við sögu Joan Baez, Donovan, Alan Price (úr Animals), Bob Neuwirth og Albert Grossman, umboðsmaður Dylans á þessum tíma.

### Dylan gaf grænt ljós

Bob Dylan á að hafa sagt um Don't Look Back: „Frábær mynd, verst að hún er um mig." Hann horfði á myndina með Pennebaker þegar nýja DVD-útgáfan var í vinnslu og gaf grænt ljós. Kvikmyndin er fáanleg bæði í einfaldri útgáfu og viðhafnarútgáfu með auka-DVD disk og bók. Kvikmyndin 65 Revisited er á aukadisknum, en hana vann Pennebaker fyrr á þessu ári upp úr þeim 20 klukkutímum af ónotuðu efni sem hann átti frá tónleikaferðinni. Pennebaker hefur reyndar gert fullt af flottum tónlistarmyndum síðan hann gerði Don't Look Back, meðal annars mynd um Monterey Pop-hátíðina árið 1967, Ziggy Stardust and the Spiders from Mars um lokatónleika David Bowie í gervi Ziggys árið 1973 og kvikmyndina 101 um Depeche Mode árið 1989.

### Fínn byrjunarreitur

Nýja safnplatan Dylan er fáanleg í nokkrum útgáfum. Sú flottasta er þreföld viðhafnarútgáfa í fallegum rauðum kassa með lítilli bók og tíu spjöldum í póstkortastærð sem hvert og eitt er til minningar um ákveðinn atburð á ferli Dylans. Á fyrsta disknum eru lög frá árunum 1962-1967, annar diskurinn nær til ársins 1985 og sá þriðji hefur að geyma nýrra efni. Lagavalið er fyrirsjáanlegt þó að það vanti að sjálfsögðu gläs af meistarastykkjum, enda hefur Dylan gefið út yfir 500 lög, en hér eru bara 51. Tekið var tillit til óska aðdáenda sem tjáðu sig á vefsíðunni dylan07.com þegar lögin voru valin.

Það kemur ekkert á óvart á þessu nýja Dylan-safni og eins og fleiri safnplötur gæti það virst hálf tilgangslaust fyrir harða aðdáendur. Það er hins vegar fínn byrjunarreitur fyrir þá heppnu sem enn eiga eftir að uppgötva meistarann...

## BRENNSLAN KRISTÍN Í SNOOZE

„Þema brennslunnar hefur fengið hið einfalda og góða nafn „Bland í poka". Öll þessi lög eru í miklu uppáhaldi hjá mér," segir Kristín Ýr Bjarnadóttir, söngkona Snooze.

**1. Timbaland - Apologize.** „Þetta er flottasta lagið sem er í spilun í dag, punktur.

**2. Justin Timberlake - What Goes Around.** „Mögnuð skífa. Þetta er flott lag og mikill sannleikur í textanum."

**3. J-Z ft. Pharrel Williams - I Just Wanna Love You.** „Eitt af því flottasta frá mega töffaranum J-Z."

**4. Blackstreet - No Diggity**
„Old school-klassík eins og allir vita. Það er bara eitthvað svo ótrúlega „cool" við þetta sound."


**KRISTÍN ÝR BJARNADÓTTIR** Hljómsveitin Queen er í miklu uppáhaldi hjá Kristínu Ýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**5. Nelly Furtado - Say It Right**
„Langbest pródúseraða lagið á þessari annars frábæru plötu. Maðurinn er að sjálfsögðu Timbaland."

**6. Queen - You're My Best Friend**
„Ég er búin að halda lengst af öllu upp á Queen. Freddy Mercury er besti söngvari í heimi. Þetta er bara einn af þessum gullmolum."

**7. Fergie - Big Girls Don't Cry.**
„Þetta er flottasta lagið á þessari sérstöku plötu hennar."

**8. Pink - Dear Mr. President.** „Pink er „rebel" og ég fíla hana. Þetta er melódískt lag og í takt við persónu hennar."

**9. Queen - Love of My Life.** „Ég hreinlega elska þetta lag. Þetta er uppáhaldslagið mitt!"

**10. Amy Winehouse - Rehab.** „Þessi stelpa er þvílíkt efni í söngkonu. Veit ekki með lífsstílinn en hún er fáránlega góð."

# Krakk(a)tónlist á spítti

Platan Alphabetically Arranged með bandarísku sveitinni Best Fwends er eins og nafnið gefur til kynna í stafrófsröð, það er að segja lögunum er raðað í stafrófsröð eftir heitum þeirra. Margir hugsa þá með sér: „Bíddu, er ekki fullt af stöfum í stafrófinu?" Svarið við þeirri spurningu er að sjálfsögðu jú en lögin á plötunni eru líka ógeðslega mörg. Alls 29 stykki og síðan fimm endurhljóðblönduð lög. Því gefur að skilja að lögin eru fæst mjög löng, í raun eru flest lögin rétt um ein og hálf mínúta, sem hefur sína galla og kosti. Á svona fjöllaga plötu er auðvelt fyrir lögin að falla ofan garðs og neðan. Lok D-sins, E-ið, M-ið og B-ið eru bestu hlutar plötunnar á meðan nærri allt S-ið, G-ið og L-ið gera lítið annað en að fara í taugarnar á manni.

Þegar Best Fwends tekst best til er sveitin ein frumlegasta pönk/popp-sveit nútímans þar sem verið er að færa út formið og gera eitthvað krefjandi og skapandi úr því. Platan er spastísk sem gerir það að verkum að hún er vandmeðfarin. Slæmu hlutar hennar eru til dæmis pirrandi og ergjandi og þar er verið að fást við nær algjörlega stefnulausa þvælu.

Alphabetically Arranged er vissulega forvitnileg plata og enn forvitnilegra verður að sjá hvernig Best Fwends mun útfæra þessa tónlist sína á tónleikum en sveitin spilar á Airwaves-hátíðinni í ár. Ég bíð mjög spenntur.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**
**Alphabetically Arranged**
Best Fwends
★★★

Stórskrýtin þemaplata. Hugmyndirnar á plötunni eru samt margar hverjar stórsnjallar og með því skemmtilegra sem heyrst hefur í langan tíma.

## Í BÚNINGSHERBERGINU MANDY MOORE

Kröfur leik- og söngkonunnar Mandy Moore eru þær hógværustu sem þekkjast í tónlistarbransanum. Kunnáttumenn í bransanum segja að líkja megi kröfum hennar við þær sem skólahljómsveit gæti sett fram. Kíkjum á hvað Mandy litla vill hafa í búningsherbergi sínu á tónleikaferðalagi vegna plötunnar Wild Hope.



Átta vatnsflöskur

Ávaxtabakki

Fituskert jógúrt

Gott kaffi



Grænmetisbakki



Rauðvínsflaska

Tólf flöskur af Corona-bjór





**WEAPONS** Hljómsveitin Weapons starfar með frægum upptökustjóra fyrir nýjustu plötu sína.

# Weapons fær góða aðstoð

**Bandaríski upptökustjórinn Gordon Raphael, sem meðal annars tók upp tvær fyrstu breiðskífur bandarísku hljómsveitarinnar The Strokes og fyrstu breiðskífu Reginu Spektor, er staddur á Íslandi til að vinna með hljómsveitinni Weapons.**

**Raphael mun hljóðblanda fyrstu plötu Weapons, A Ditch in Time, í Stúdíó Sýrlandi. Af þessu tilefni ætlar Gordon ásamt Weapons að halda tónleika á Barnum á laugardag klukkan 22. Raphael byrjar kvöldið sem plötusnúður og Weapons tekur síðan við með því að spila efni af plötunni, sem er væntanleg í næsta mánuði.**

# Ný lög frá Barcelona

**Skakkamanage heldur tónleika á Organ í kvöld í samvinnu við sjónritið Rafskinnu og plötusnúðinn Hugin Þór Arason. Á tónleikunum ætlar Skakkamanage að spila ný lög sem voru samin í Barcelona auk laga af fyrstu plötu sveitarinnar, Lab of Love, sem kom út við góðar undirtektir í lok síðasta árs.**



**SKAKKAMANAGE** Hljómsveitin Skakkamanage spilar ný lög á Organ í kvöld.

**Gestir fá einnig forsmekkinn af næsta tölublaði Rafskinnu sem kemur út síðar á árinu. Auk þess mun myndlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Huginn Þór Arason leika sígilda indí- og danstónlist á milli atriða og fram á rauða nótt. Samkoman byrjar klukkan 21 og er ókeypis inn.**


# *Taktu bleikan bíl næst*



# *Ágóði**
## *af hverri pantaðri ferð*
### *í október og nóvember rennur til kaupa á nýju ómtæki fyrir brjóstakrabbameinsleit hjá Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands.*

Í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands hefur Hreyfill/Bæjarleiðir gerst styrktaraðili átaksverkefnis Krabbameinsfélagsins til fjáröflunar vegna bættrar tækni við brjóstakrabbameinsleit.

*Af hverri pantaðri ferð leigubílastöðvarinnar renna 10 krónur, í október og nóvember, til kaupa á nýju ómtæki. Með þessum hætti áætlum við að leggja a.m.k. 1,5 - 2. milljónir til átaksverkefnisins á þessum tíma.

Öll aukning á pöntunum mun gefa auknar tekjur til verkefnisins.

Við höfum í þessu tilefni sérmerkt bílana okkar með bleikum taxaljósum.

„Bleika slaufa" Krabbameinsfélagsins er til sölu í bílum okkar í október og nóvember.

Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!

TAXI HREYFILL BÆJARLEIÐIR 5 88 55 22

Bleika slaufan



OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

# Metsölulisti Eymundsson

**1. Leyndarmálið**
**Rhonda Byrne**



Leyndarmálið virkar. Metsölubókin Leyndarmálið hefur verið númer eitt á metsölulista síðan hún kom út. Bókin sem allir tala um.

**2. Mæling heimsins**
**Daniel Kehlmann**



Ein mest selda bók í Þýskalandi á undanförnum árum og nú er hún loksins komin í íslenskri þýðingu.

**3. Límmiðabók - Latibær leikhús**



Lífgaðu Latabæ við í þessari skemmtilegu límmiðabók með því að líma inn myndir af öllum hinum litríku íbúum Latabæjar.

**4. Þriðja táknið**
**Yrsa Sigurðardóttir**



Glæpasagan vinsæla eftir Yrsu Sigurðardóttur. „Spennandi, heillandi og einstök" segja bandarískir gagnrýnendur.

**5. Konungsbók**
**Arnaldur Indriðason**



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**6. Skipið**
**Stefán Máni**



Skipið hlaut nýlega glæpasagnaverðlaunin Blóðdropann og verður framlag Íslands til Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna 2008.

**7. Viltu vinna milljarð?**
**Vikas Swarup**



Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Bókin sat 28 vikur samfellt í fyrsta sæti kiljulistans.

**8. Svartfugl**
**Gunnar Gunnarsson**



Bakgrunnur Svartfugls er eitthvert frægasta morðmál Íslandssögunnar. Mikil saga af mögnuðu fólki. Íslensk klassík sem á erindi við nýja tíma.

**9. Sér grefur gröf**
**Yrsa Sigurðardóttir**



Óhugnanlegt morð er framið á nýju heilsuhóteli á Snæfellsnesi. Bærinn þar sem hótelið stendur reynist þekktur fyrir reimleika...

**10. Matreiðslubók barnanna**
**Katharine Ibbs**



Ætluð börnum og fjölskyldum þeirra til að eiga góða stund saman í eldhúsinu. Áhersla er lögð á einfaldan og hollan mat en líka það sem börnum finnst girnilegt og gott.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




*„Ég held að Denzel Washington yrði fyrsta val. Hins vegar var mér bent á að eyrun á mér gerðu það að verkum að Will Smith þyrfti að leika mig."*

Tyra Banks spurði þingmanninn **BARACK OBAMA** hvern hann myndi velja til að leika sig í kvikmynd.

# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Hún gaf í skyn að hún væri tilbúin að koma í þáttinn ef okkur dytti eitthvað skemmtilegt í hug. En hún verður líklega að bjarga einhverju Afríkulandi næst þegar við hringjum í hana. Vonandi forgangsraðar hún almennilega og kemur í þáttinn okkar í staðinn."*

**GRÍNISTINN SARAH SILVERMAN um áhuga Angelinu Jolie á að koma í þáttinn hennar á Comedy Central-stöðinni.**



*„Hún les bækur eftir Noam Chomsky og The New York Times frá A-Ö – hún er ofurheili!"*

**COURTNEY LOVE um 15 ára dóttur sína og Kurts Cobain heitins.**

# Vilja brúa kynslóðabilið

**Sprengjuhöllin heldur útgáfutónleika í kvöld í tilefni af útkomu sinnar fyrstu plötu, Tímarnir okkar. *Freyr Bjarnason* hitti meðlimi sveitarinnar í æfingahúsnæði þeirra við Grensásveginn.**



**SPRENGJUHÖLLIN** Sprengjuhöllin er skipuð þeim Bergi Ebba Benediktssyni, Atla Bollasyni, Georgi Kára Hilmarssyni, Sigurði Tómasi Guðmundssyni og Snorra Helgasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Við tökum þetta mjög alvarlega. Við erum búnir að æfa mjög mikið og höfum hist á hverju kvöldi í marga daga," segja meðlimir Sprengjuhallarinnar, sitjandi á gömlu og skítugu teppi í æfingahúsnæði sínu. Greina má mikla eftirvæntingu í andlitum þeirra enda fyrstu útgáfutónleikarnir að verða að veruleika og glæný plata sömuleiðis komin í búðir. „Prógrammið verður vel skipulagt og það verður séð fyrir því að hver einasta mínúta hjá fólki verði skemmtileg. Við lítum svo á að þjóðin sé að kynnast okkur og við séum að opna okkur. Við viljum hvetja fólk sem fer kannski ekki mikið á tónleika til að koma, því þetta verður skemmtileg stund."

**Standa undir væntingum**

Sprengjuhöllin sló fyrst í gegn með laginu Tímarnir okkar sem þótti bæði ungæðislegt og ferskt og síðan þá hefur hver smellurinn á fætur öðrum tröllriðið vinsældalistum. Mikil eftirvænting hefur því verið eftir nýju plötunni, sem var tekin upp af hinum virta upptökustjóra Valgeiri Sigurðssyni. Standa þeir félagar algjörlega undir þeim væntingum því hvert einasta lag á henni hefur burði til að grafa sig djúpt inn í þjóðarsálina um ókomnar stundir. Til að mynda fékk platan fjórar stjörnur hér í Fréttablaðinu sem sýnir að þeir hafa svo sannarlega hitt í mark.

**Sameina alla aldurshópa**

„Margir tala um að það sé einkenni á góðri tónlist að hún sameini fólk," segir söngvarinn Bergur Ebbi Benediktsson einbeittur á svip. „Það hefur verið dálítið þannig að tónlist hefur fengið jaðarstimpil og á tímabili var eftirsóknarvert að ná þessum stimpli. Við viljum meina að ef þetta fer of langt þá sé þetta byrjað að vinna gegn tilganginum með tónlist, sem er að ná fólki saman," segir hann. „Það er svolítið kynslóðabil varðandi hvernig fólk skemmtir sér og fjölskyldufólk fer varla niður í bæ. Þetta finnst okkur leiðinlegt því fólk á að geta skemmt sér saman. Ef platan okkar og tónleikar með okkur eru þess eðlis að unglingurinn og foreldrarnir og jafnvel amman og afinn geta hlustað á, þá væri það dæmi um að okkur hafi tekist mjög vel til."

**Léttara að semja á ensku**

Sprengjuhöllin syngur á íslensku, sem hefur síður en svo verið í tísku á undanförnum árum. Þeir félagar voru þó aldrei staðráðnir í að syngja á íslensku frá byrjun og í raun ákváðu þeir af hafa plötuna eingöngu á móðurmálinu rétt áður en upptökur hófst. „Við áttum mörg lög á ensku og sum lögin voru alveg flottari þannig en mér finnst betri heildarbragur á plötu að hafa þetta allt á sama tungumálinu," segir Bergur Ebbi. „Það er í rauninni ekki léttara að semja texta á íslensku. Það er svo auðvelt að þeir hljómi asnalega. Það er svo mikil hefð fyrir enskum textum og þú mátt segja hluti sem eru hálfasnalegir og ganga einhvern veginn upp." Georg Kári Hilmarsson bassaleikari bætir við: „Íslenskan er hastari og með fleiri atkvæði sem er erfitt að troða inn í. Það tekur svolítinn tíma að ná færni í þessu til að gera þetta þannig að það sé ekki asnalegt."

**Sprengjuhöllin að eilífu**

Þeir félagar eru ekkert uppteknir af heimsfrægð og ætla fyrst og fremst að standa sig hér heima og sjá síðan hvað framtíðin ber í skauti sér. Þeir segjast aldrei ætla að breyta nafni sínu ef þeir spila einhvern tímann erlendis. „Við munum alltaf kalla okkur Sprengjuhöllina. Ég held að það sé strax þar sem fyrstu mistökin byrja hjá hljómsveitum, að búa til eitthvað sem er ekki til staðar. Að búa til nýtt nafn er að reyna að vera eitthvað sem maður er ekki. Maður á frekar að fara bara út, hafa gaman af því, ná sér í reynslu og síðan sér maður hvað gerist."

Tónleikarnir í kvöld, sem verða í beinni útsendingu á Rás 2, verða haldnir í Austurbæ og hefjast stundvíslega klukkan 21. Miðaverð er 1.500 krónur.

# McCartney og Mills eru mætt

Skilnaðarmál bítilsins Sir Pauls McCartney og fyrirsætunnar fyrrverandi, Heather Mills, er aftur komið fyrir dómstóla og nú er reiknað með niðurstöðu innan þriggja vikna.

Samkvæmt breska blaðinu The Sun er talið að hjónin fyrrverandi ætli að gera út um sín mál fyrir dómstólum áður en dóttir þeirra Beatrice verður fjögurra ára gömul sem er í lok þessa mánaðar. Þau komu í hvort í sínu lagi til réttarsalarins í London og komst Heather nánast óséð inn um bakdyrnar en öryggisverðir sveipuðu hana teppi til að koma í veg fyrir myndatökur. Paul virtist hins vegar ögn hressari að sjá og veifaði til ljósmyndara.

Upphaflega var talið að Heather gæti fengið í sinn hlut allt að 200 milljónum punda sem samsvarar 24 milljörðum íslenskra króna en eignir Pauls eru metnar á 825 milljónir punda eða ríflega hundrað milljarða. Hins vegar virðist flest benda til þess að Mills fái töluvert minna í sinn hlut eða rétt tæplega fimmtíu milljónir punda, 6 milljarða íslenskra króna. Reynist sú upphæð á rökum reist verður þetta hins vegar einn dýrasti skilnaður Bretlands. - fgg



**INN UM BAKDYRNAR** Heather Mills lét lítið fyrir sér fara og faldi sig á bak við risavaxna öryggisverði.



**DÝRASTI SKILNAÐUR BRETLANDS** Talið er að skilnaður Sir Pauls og Heather verði einn sá dýrasti í sögu Bretlands.

# Nýdönsk 20 ára

## AFMÆLISTÓNLEIKAR Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI

PIPAR • SÍA




**Borgarleikhúsið**

Mánudaginn 29. október kl. 20.00

**Leikfélag Akureyrar**

Þriðjudaginn 6. nóvember kl.20.00

Forsala aðgöngumiða í Borgarleikhúsinu og á borgarleikhus.is
- og hjá Leikfélagi Akureyrar og á leikfelag.is

Miðaverð 2900 kr.

RÁS 2
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA
THULE

# Randver

Mér finnst hann fá of mikið borgað samanborið við okkur aumingjana!
**Helga H.:** Hann er ofmetinn.
**Margrét:** Mér finnst konurnar alveg frábærar. Þær eru betri en karlarnir.
**Gunnhildur:** Já, ég er sammála því. Bogi er nú líka nokkuð góður, hann er klassískur.
**Helga J.:** Já, Bogi er fínn. Elsku karlinn.

## 07/08

**Margrét:** Já, ég hef áhuga á þessu! Skemmtilegt það skuli koma eitthvað svona íslenskt.
**Helga J.:** Já, ég er hrifin af þessu. Þetta er svolítið skemmtilegt. Þorsteinn stendur alltaf fyrir sínu.
**Helga H.:** Okkur líst vel á þetta en erum ekki búnar að skoða þetta almennilega. Þau eru ofsalega sæt.
**Gunnhildur:** Það er margt sniðugt í þessu og annað ekki gott.

## Spaugstofan

**Gunnhildur:** Ég vil hafa Randver. En það er ágætt að fá þessa gestaleikara.
**Margrét:** Maður horfir alltaf á Spaugstofuna þótt hún sé mismunandi góð. En það var mikil synd að Randver skyldi fara. Maður skilur ekki alveg hvað hann Þórhallur var að hugsa.
**Helga J.:** Ég vildi ekki missa Randver. Hann lék kvenfólkið svo vel, var svo prúður leikari og kom svo fallega fram. Það var ömurlegt að hann skyldi fara.
**Helga H.:** Maður horfir ef maður er heima en það er enginn söknuður þótt maður missi af Spaugstofunni.



## Algjör Sveppi

**Margrét:** Hann er skemmtilegur hann Sveppi. Alltaf svo sætur.
**Helga H.:** Mér finnst hann nú ekki sætur. Meira svona krúttlegur.

## Stelpurnar

**Margrét:** Ég horfi alltaf á þær ef ég hitti á þær. Reyndar fannst mér þær orðnar svolítið kynferðislegar í síðasta þætti og var ekki alveg nógu hrifin af því.
**Gunnhildur:** Mér finnst þær góðar.



**DAN BROWN ÍSLANDS** Óttar M. Norðfjörð er á bókamessunni í Frankfurt. Forlög víðs vegar að úr Evrópu hafa sýnt bók hans, Hnífi Abrahams, mikinn áhuga en henni hefur verið líkt við verk Dans Brown.

# Erlend forlög sýna Óttari áhuga

„Þetta gengur framar björtustu vonum og erlend forlög sýna bókinni mikinn áhuga," segir rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð en hann er staddur á bókamessunni í Frankfurt til þess að kynna skáldsögu sína Hnífur Abrahams. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa margir líkt bókinni við verk Dans Brown en hún kemur út hér á landi í lok mánaðarins. „Ég hef rætt við forlög frá Noregi, Spáni, Finnlandi og Ítalíu sem öll voru spennt. Svo er ég að fara í kvöldmat á morgun með fulltrúum frá Egmont í Bretlandi. Auk þess hefur þýskt forlag, sem gefur út Dan Brown þar í landi, sýnt áhuga. Stærstu fréttirnar eru þó að danskt forlag vildi fá alla bókina senda og er með hana í yfirlestri." Óttar segir að ef danska forlagið ákveði að gera við hann samning gæti það haft mjög jákvæð áhrif. „Ef eitt forlag kaupir bók byrjar boltinn gjarnan að rúlla. Þá fara dómínó kubbarnir að detta. Sérstaklega á þessari hátíð þar sem eitt forlag eltir gjarnan annað. Þá myndi maður bara hætta að vinna og flytja til Kanarí," segir Óttar og hlær. „Nei, nei, ég bíð bara spakur. En þetta er allt mjög jákvætt." **- sók**

# Stafrænn Harrison

Níu plötur frá Bítlinum sáluga George Harrison, þar á meðal All Things Must Pass, eru nú fáanlegar til niðurhals. Þar með er Harrison sjá fjórði og síðasti af Bítlunum sem gefur út plötur sínar á stafrænu formi.

„Það er mjög spennandi að lög George verði loksins fáanleg til niðurhals," sagði Olivia, ekkja Harrisons. „Hann var á sínum tíma byrjaður að endurvinna plötur sínar stafrænt en hafði enga hugmynd um hvernig hinn stafræni heimur myndi breyta því hvernig við nálgumst og hlustum á tónlist."

Bítlarnir eiga enn eftir að gefa út sínar plötur í stafrænu formi. Samningaviðræður þess efnis hafa staðið yfir lengi án þess að niðurstaða hafi fengist.



**GEORGE HARRISON** Bítillinn sálugi hefur gefið lög frá sólóferli sínum út í stafrænu formi.

# Langþráðir tónleikar

Rokksveitin Ask the Slave heldur útgáfutónleika á Dillon í kvöldí tilefni af útkomu fyrstu plötu sinnar, Kiss Your Chora. Ask the Slave hefur áður gefið út eitt lag í Bandaríkjunum á vegum 272 Records.

„Þetta eru langþráðir útgáfutónleikar. Við vorum að vinna þessa plötu frekar lengi og það var mikið að gerast í bandinu, mannabreytingar og annað. Núna er bandið loksins tilbúið að fylgja plötunni eftir," segir söngvarinn Ragnar Ólafsson. „Nýja platan er mjög fjölbreytt. Hún er þung á köflum en stundum næstum angurvær. Meðlimir úr bandinu koma úr mörgum áttum og platan sýnir það dálítið."

Ask the Slave var stofnuð 2004 og skartar fyrrverandi meðlimum úr hljómsveitunum Changer, Andlát, Cam Knox og Squirt. Auk þess hefur Ragnar spilað með tónlistarmönnum á borð við Jens Lekman og Olof Dreijer, meðlimi The Knife.

Útgáfutónleikarnir hefjast klukkan 22 og er frítt inn. Malneirophrenia sér um upphitun. **- fb**



**ASK THE SLAVE** Heldur útgáfutónleika á Dillon vegna plötunnar Kiss Your Chora.
MYND/DAGRÚN AÐALSTEINSDÓTTIR







## > Risapottur hjá Íslenskum getraunum

Það verður sannkallaður risapottur í boði fyrir þrettán rétta hjá Íslenskum getraunum á morgun. Fyrsti vinningur verður um 70 milljónir króna og með aukavinningum gæti vinningspotturinn orðið um 130 milljónir króna. Þar sem hlé er í ensku deildinni um næstu helgi verða landsleikir í riðlakeppni Evrópumótsins í boði á seðlinum og verður meðal annars hægt að tippa á landsleik Íslands og Lettlands sem fram fer á Laugardalsvellinum á morgun.



sport
sport@frettabladid.is

RÚNAR SIGTRYGGSSON HANDBOLTAÞJÁLFARI: ÁMINNTUR VEGNA UMMÆLA UM DÓMARA Í FRÉTTABLAÐINU

# *Kannski fullsterkt að orði kveðið hjá mér*

Tvö mál stóðu upp úr á síðasta fundi aganefndar HSÍ. Þrír leikmanna ÍBV voru dæmdir í leikbönn vegna brottvísana í leik Aftureldingar og ÍBV. Þar af fékk Zilvinas Griese þriggja leikja bann fyrir einstaklega ljótt brot en hann fékk að líta krossinn svokallaða.

Athygli vekur að Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, var áminntur vegna ummæla sinna í Fréttablaðinu eftir leiki Akureyrar og Hauka fyrir norðan. Þá sagði Rúnar: „Þáttur dómaranna er ótrúlegur hérna. Ég er á því að Haukar fái ítrekað endurtekin tækifæri í sókninni upp úr þurru undir lokin. Ég vona að þessir dómarar verði sendir niður um deild," sagði Rúnar við Hjalta Þór Hreinsson, fréttaritara Fréttablaðsins á Akureyri.

„Við höfum tekið svona mál upp áður enda erum við að reyna að stöðva slíkar uppákomur. Mönnum er ekki bannað að tjá sig um dómgæslu en það þarf að vera innan ákveðins ramma og í þessu tilviki er verið að gefa í skyn að dómararnir séu ekki heiðarlegir," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, en hann skaut málinu inn á borð aganefndar eftir að hafa gefið Rúnari tækifæri á að draga orð sín til baka.



„Ég get ekki tekið þetta til baka enda lýgur maður ekki í Fréttablaðinu. Ég tek áminningunni enda var þetta kannski fullsterkt að orði kveðið," sagði Rúnar við Fréttablaðið í gær en hann er samt enn á sömu skoðun.

„Mér fannst þeir breyta um línu og ég var mjög heitur eftir leikinn. Ég vildi fá dómarana niður eða okkur svo við þyrftum ekki að mæta þeim aftur. Ég passa mig næst. Annars finnst mér ekki mikið málfrelsi í þessum reglum."

Lið Akureyrar hefur ekki farið vel af stað í N1-deildinni og aðeins unnið einn leik og tapað þremur. Þrátt fyrir brösuga byrjun ætla Akureyringar ekki að styrkja lið sitt með útlendingum. „Við höfum einfaldlega ekki efni á því og verðum að vinna með þann hóp sem við höfum í höndunum," sagði Rúnar.



**KVEIKJAN** Christian Poulsen fær rauða spjaldið gegn Svíum. NORDICPHOTOS/AFP

Undankeppni EM 2008:

## Danir eiga enn möguleika

**FÓTBOLTI** Danir eiga enn möguleika á að komast í úrslitakeppni EM þótt flestir hafi verið búnir að afskrifa þá. Danir fá eitt tækifæri enn þegar þeir mæta Spánverjum í Árósum á morgun.

„Þetta er einfalt, við verðum að vinna," sagði þjálfarinn Morten Olsen við blaðamenn. Danir eru í fjórða sæti riðilsins með 14 stig, fimm stigum á eftir toppliðum Svía og Spánverja og tveimur stigum á eftir Norður-Írum. Danir eiga að auki leik inni við Spánverja og Norður-Íra.

Christian Poulsen kemur nú aftur inn í liðið eftir þriggja leikja bann en það var einmitt rauða spjaldið hans sem var kveikjan að því að áhorfandi réðst á dómara leiksins í leik Dana og Svía í vor. Morten Olsen fagnar endurkomu hans. „Hann er orðinn betri leikmaður og gerir bæði vörnina okkar og miðjuna betri," sagði þjálfarinn. **- óój**

N1 DEILD KVENNA
Föstudagur 12. október
Valur - FH
Vodafone höllin kl. 20.00

# Þarf ekki að fara í aðgerð

**Logi Geirsson verður frá næstu 4-8 vikurnar. Hann fékk langþráða greiningu á meiðslum sínum í gær. Logi segir niðurstöðuna vera mikinn létti enda er ljóst að hann þarf ekki að fara í aðgerð sem hann óttaðist mjög.**

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Logi Geirsson þarf ekki að fara í aðgerð vegna meiðsla sinna og ætti þar af leiðandi að vera klár í slaginn fyrir EM sem fram fer í Noregi í janúar. Logi hefur verið meiddur í allan vetur og meiðslin komu upp í júlí. Logi hefur þrátt fyrir það ekki fengið almennilega greiningu á meiðslum sínum fyrr en hann kom til Íslands og hitti íslenska lækna.

Logi segir ástæðuna fyrir meiðslunum vera ofþjálfun og ranga meðhöndlun í upphafi. Ef þýskulæknarnir hefðu meðhöndlað hann rétt strax í upphafi væri hann á fullri ferð í dag. Á því verður einhver bið.

„Ég verð frá á bilinu 4-8 vikur. Ég er með bólgur í hnénu, í beininu sjálfu og beinið þarfnast hvíldar. Ég get þrátt fyrir það meðal annars synt en verð að hætta þegar ég finn verki. Ég verð svo í meðferð hjá sjúkraþjálfurum og er þegar kominn á lyf. Meðferðin verður að einhverju leyti hér á landi sem er fínt og gott að komast aðeins í nýtt umhverfi. Því er ekki að neita að mér er gríðarlega létt enda óttaðist ég mjög að þurfa að fara í aðgerð og það voru nokkrar líkur á því," sagði Logi jákvæður sem fyrr við Fréttablaðið í gær en hann ætlar að koma til baka með látum.

„Ég ætla að koma sterkur til leiks í Evrópukeppnina og þar ætla ég að vera frábær. Ég er orðinn verulega hungraður. Þetta er í annað sinn sem ég lendi í löngum meiðslum. Síðast þegar ég kom til baka varð Lemgo Evrópumeistari þannig að það er spurning hvort íslenska landsliðið verði þá ekki Evrópumeistari núna," sagði Logi léttur.



**KLÁR FYRIR EM** Logi Geirsson ætti að vera kominn á fullt í desember og því er fátt sem bendir til annars en að hann verði með handboltalandsliðinu á EM í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stórskyttan úr Hafnarfirði ber íslenskum læknunum Brynjólfi Jónssyni og Sveinbirni Brandssyni vel söguna. „Þeir er frábærir og í framtíðinni ætla ég alltaf að koma hingað þegar ég meiðist. Að mínu mati eru þeir töluvert betri en kollegar þeirra í Þýskalandi til að mynda. Þeir vinna hlutlausara og betur en Þjóðverjarnir. Þetta eru snillingar," sagði Logi. **henry@frettabladid.is**



**HEIMA ER BEST** Stefán Þór Þórðarson er kátur með að vera kominn til ÍA á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

Stefán Þór Þórðarson:

## Gott að vera kominn heim

**FÓTBOLTI** Stefán Þór Þórðarson, leikmaður Norrköping í sænsku 1. deildinni, hefur ákveðið að snúa aftur á æskuslóðirnar og spila með ÍA næsta sumar.

„Ég er mjög ánægður með að spila með ÍA á nýjan leik og mér líst vel á þeirra lið og hugmyndir stjórnarinnar. Þar að auki hef ég unnið með Guðjóni á þremur vígstöðvum og við þekkjum hvor annan út í gegn og hann er ein af ástæðum þess að ég ákvað að velja ÍA," sagði Stefán. Hann viðurkenndi að önnur lið hefðu verið inni í myndinni fram á síðasta dag áður en hann skrifaði undir hjá Skagamönnum.

„Þetta var búið að gerjast lengi með ÍA en það voru líka tvö önnur lið með í spilinu fram á síðustu stundu," sagði Stefán en vildi ekki tjá sig um hvaða lið það voru. **- óþ**

Dida, markvörður AC Milan:

## Í leikbann

**FÓTBOLTI** Nelson Dida, markvörður AC Milan og brasilíska landsliðsins, var í gær dæmdur í tveggja leikja bann í Meistaradeildinni fyrir leikaraskap í leik liðs síns gegn Celtic á dögunum. Dida sýndi dramatísk leiktilþrif og kastaði sér í grasið þegar aðdáandi Celtic hljóp inn á völlinn og klappaði honum létt á öxlina. **- óþ**



ÖMMUPÖNNUKÖKUR
– allir dagar eru sunnudagar
www.ommubakstur.is

Valur nokkrum mínútum frá besta árangri sögunnar í Evrópukeppninni í gær:

# Valskonur yfir í 37 mínútur

**FÓTBOLTI** Valskonur töpuðu 1-3 fyrir Frankfurt í fyrsta leiknum í sínum riðli í 2. umferð Evrópukeppni félagsliða sem hófst í Belgíu í gær.

„Ég er himinlifandi með 80 mínútur því við spiluðum stórkostlega allan þann tíma," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Valsliðsins, eftir leik. Valsliðið var yfir í 37 mínútur í leiknum eða allt frá því að Margrét Lára Viðarsdóttir kom þeim yfir á 43. mínútu leiksins.

Besta knattspyrnukona heims, Birgit Prinz, jafnaði leikinn á 80. mínútu og Petra Wimbersky skoraði síðan tvö á lokamínútunum, það síðara í uppbótartíma. Íslandsmeistararnir voru því aðeins nokkrum mínútum frá því að ná bestu úrslitunum í sögu íslenskar kvennaknattspyrnu.



**17 MÖRK** Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Vals í gær og hefur nú skorað 17 mörk í 11 Evrópuleikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við erum búnar að leggja okkur svo mikið fram í að undirbúa þennan leik. Við ætluðum svo að sigra þetta lið í dag og við spiluðum óaðfinnanlega í 80 mínútur en svo áttum við ekki meira til," sagði Elísabet og bætti við: „Við unnum rosalega góða varnarvinnu og þær komust ekkert áleiðis. Þær voru ekkert tilbúnar í þennan leik og við vissum að það væri möguleiki á því. Það var sorglegt að ná ekki stigi út úr þessum leik því við áttum það svo skilið. Við vissum það að Frankfurt spilar leikinn í 90 mínútur og skorar mikið af mörkum á síðasta korterinu," sagði Elísabet, sem var að byrja að horfa á leik Wezemaal og Everton LFC en Valur mætir þeim á laugardaginn og þriðjudag.

„Við erum að sannfæra sjálfar okkur um að við getum spilað til sigurs á móti hvaða liði sem er. Við höfum ekki talað um neitt annað en Frankfurt undanfarnar þrjár vikur. Nú þurfum við að byrja að tala um Wezemaal. Við þurfum að nýta tímann vel fram á laugardag," sagði Elísabet. **- óój**

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum




**Melissa matvinnsluvél með mörgum möguleikum 500w** 646033
- 1,4l skál
- 1,2l Blandari
- 2 hraðastillingar með púls
- Hnífur úr ryðfríu stáli
- Margir aukahlutir




**Exido eldhúsvog** 246020
- Ryðfrítt stál
- Slekkur sjálfvirkt á sér eftir u.þ.b. 1 mínútu
- Mælir allt að 2kg




**Melissa hraðsuðuketill** 645083
- 1,5 lítra Hraðsuðukanna




**Exido safapressa** 244002
- Öflug Safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa

**Melissa Multimixer** 646045
Undratæki sem gerir nánast allt! Hakkar, blandar, hrærir, sker, mylur og svo margt fleira
Kemur í staðinn fyrir matvinnsluvélina, blandarann, safapressuna og kaffikvörnina.
Með í pakkanum fylgja 4 glös, 2 skálar sem mega fara í örbylgjuofn, 4 lok og uppskriftabæklingur.
Möguleikarnir eru óteljandi með Melissa Multi Mixer!







**Exido handryksuga** 240111
Flott handryksuga
- 4,8v rafhlaða
- Hleðsla dugar í allt að 14 mínútur
- Hægt að festa hleðslutæki á vegg




**Exido ryksuga** 2400010
- 1800w Öflug Ryksuga
- 350w sogkraftur
- 5 filtera kerfi
- Þyngd: 5.5kg

Gildir til 17. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Skýr skilaboð frá Njarðvík

**Njarðvík var spáð fjórða sæti í Iceland Express-deildinni en ef mið er tekið af leik liðsins í gær er liðið stórlega vanmetið. Grænu ljónin sendu skýr skilaboð er liðið valtaði yfir sterkt lið Snæfells, 84-71. Snæfell átti aldrei möguleika.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík verður áfram að berjast á meðal þeirra bestu í vetur. Það sýndi liðið með frábærum leik gegn Snæfelli í gær en fyrir fram var talið að Snæfell væri sterkara liðið enda spáð öðru sæti í deildinni en Njarðvík því fjórða. Heimamenn voru sterkari á öllum sviðum íþróttarinnar í Ljónagryfjunni í gær og unnu öruggan sigur, 84-71.

Athygli vakti að Friðrik Stefánsson var í byrjunarliði Njarðvíkur en hann fór í hjartaaðgerð fyrir nokkrum dögum síðan. Nærvera hans hafði augljóslega góð áhrif á liðið. Fyrri hálfleikur var algjörlega eign heimamanna. Þeir mættu mun betur stemmdir til leiks og tóku frumkvæðið strax í upphafi. Börðust grimmilega um hvern bolta og lokuðu algjörlega á Hlyn Bæringsson undir körfunni.

Í sókn Njarðvíkur fóru ungu mennirnir Hörður Axel og Jóhann Árni mikinn en Snæfellingar réðu lítið við þá og þá sérstaklega Hörð Axel, sem stimplaði sig inn í Njarðvíkurliðið með látum. Átta stiga munur eftir fyrsta leikhluta, 21-13.

Svipuð staða var uppi á teningnum í öðrum leikhluta, Snæfell náði engum takti og eina spurning var hversu mikill munurinn yrði í leikhléi. Hann var 14 stig, 40-26.

Gestirnir mættu aðeins betur stemmdir eftir hlé. Hlynur skoraði sína fyrstu körfu utan af velli og Justin Shouse datt í gírinn. Brenton Birmingham svaraði að bragði fyrir Njarðvík og sá til þess að halda gestunum í hæfilegri fjarlægð allt til enda. Snæfell ógnaði aldrei að viti og sigurinn sanngjarn.



**SJÓÐHEITUR** Brenton Birmingham var í stuði hjá Njarðvík, skoraði 27 stig í leiknum og sá til þess að Snæfell ógnaði aldrei í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



**FASTIR FYRIR** Njarðvíkingar minntu vel á sig gegn Snæfelli og voru fastir fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

„Ég var himinlifandi með strákana. Þetta flaut vel og menn voru virkilega tilbúnir,“ sagði brosmildur þjálfari Njarðvíkur, Teitur Örlygsson. „Við gefum lítið fyrir þessa spá og teljum okkur meðal bestu liðanna. Við sendum skýr skilaboð hér í dag.“

Hlynur Bæringsson Snæfellingur var ekki eins kátur en hann átti mjög slakan leik líkt og margir félaga hans.

„Þetta var alveg ömurlegt hjá mér og ég man ekki síðan hvenær ég spilaði svona illa síðast. Þetta var skelfilegt hjá okkur. Við gerðum ekkert rétt og vorum í tómu tjóni. Við spilum ekki aftur svona illa. Ég get lofað því,“ sagði Hlynur. henry@frettabladid.is



**ÖFLUGUR** Brynjar Þór Björnsson átti fínan leik fyrir KR í gær og skoraði 16 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express deild karla:

## KR byrjaði titilvörnina á sigri

**KÖRFUBOLTI** KR byrjaði titilvörnina með því að sigra Fjölni 100-78 í DHL-höllinni í Vesturbænum í gærkvöld. Fyrir fram höfðu flestir búist við auðveldum sigri frá núverandi meisturum í KR. Framan af leik náði Fjölnir þó að hanga aðeins í KR og staðan var til að mynda 25-20 eftir fyrsta leikhluta. Fram að hálfleik jók KR forystuna smátt og smátt og staðan var 48-38 þegar fyrri hálfleikur var flautaður af.

Í seinni hálfleik náði Fjölnir að minnka muninn niður í eitt stig, 50-49, áður en KR fór í gang aftur og seig fram úr á nýjan leik og vann leikinn 100-78. Síðasta karfa leiksins var einkar glæsileg þar sem Ernestas Ez Irskis, leikmaður KR, tróð boltanum glæsilega aftur fyrir sig til að kóróna góðan sigur í fyrsta leik.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var ánægður með sína menn miðað við fyrsta leik. „Það var mikilvægt að byrja á sigri og við sýndum gott hugafar í kvöld og stigaskorið dreifðist vel, en það er auðvitað fullt af hlutum sem við þurfum að fínpússa,“ sagði Benedikt. Fjölnismenn geta þó tekið margt gott út úr leiknum og Bárður Eyþórsson, þjálfari Fjölnis, var því tiltölulega sáttur í leikslok. „Við vorum ekki nógu harðir á móti þeim og okkur vantaði fleiri stig frá stóru mönnunum okkar, en við vorum alveg með í leiknum fram í 4. leikhluta. Við tökum klárlega mikið frá þessum leik þar sem við vorum að spila á móti mjög sterku liði,“ sagði Bárður bjartsýnn. - óþ






Fram vann góðan sigur á Aftureldingu 28-21 í N1-deild karla í gærkvöld og er í toppsætinu sem fyrr:

## Afturelding átti ekkert í Framara

**HANDBOLTI** Fram tyllti sér í efsta sæti N1 deildar karla í gærkvöldi með góðum sigri á Aftureldingu, 28-21. Fram hafði frumkvæðið í leiknum frá fyrstu mínútu en nýliðarnir úr Mosfellsbænum voru aldrei langt undan.

Fyrri hálfleikur var mjög hraður og skemmtilegur en staðan í hálfleik var 15-12. Afturelding fékk mörg tækifæri til að minnka muninn í seinni hálfleik en frábær vörn Fram hélt Aftureldingu í skefjum á sama tíma og Davíð Svansson markvörður Aftureldingar sá til þess að Fram næði ekki að stinga af fyrr en á lokasprettinum. Afturelding skoraði aðeins tvö mörk síðustu átta mínútur leiksins á sama tíma og Fram lék við hvern sinn fingur og því var munurinn í sjö mörk í lokin.

Jóhann Gunnar Einarsson fór mikinn í sóknarleik Fram, sérstaklega í síðari hálfleik þegar hann skoraði 7 af 10 mörkum sínum.

„Við vissum að þetta yrði erfitt. Afturelding er með hörkulið. Það má kalla þetta seiglusigur. Við vorum ekki að spila flottan bolta. Við skutum illa og spiluðum stuttar sóknir. Varnarleikurinn vann þennan leik,“ sagði Jóhann Gunnar örþreyttur í leikslok.



**TILÞRIF** Björgvin Páll Gústavsson lokar hér markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Bæði lið spiluðu hraða miðju í fyrri hálfleik en það er ekki hægt að klára heilan leik þannig. Ég veit ekki hvort það hentaði okkur betur þegar hægðist á leiknum en þá náðum við betri tökum á honum,“ sagði Jóhann Gunnar enn fremur og bætti við: „Við erum komnir í toppsætið. Við ætluðum okkur stóra hluti fyrir mótið en byrjunin hefur farið framúr björtustu vonum.“ - gmi

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express deild karla:*

**KR-Fjölnir 100-78**
**Stig KR:** Joshua Helm 20, Brynjar Þór Björnsson 16, Ernestas Ez Irskis 15, Jovan Zdravevski 14, Pálmi Sigurgeirsson 14, Darri Hilmarsson 6, Helgi Már Magnússon 6, Skarphéðinn Ingason 4, Ellert Arnarson 3, Páll Fannar Helgason 2.
**Stig Fjölnis:** Karlton Mims 18, Drago Pavlovic 18, Nemanja Sovic 16, Þorsteinn Sverrisson 8, Magnús Briem Pálsson 7, Níels Dungal 4, Helgi Þorláksson 2, Sverrir Karlsson 2, Hjalti Vilhjálmson 2, Tryggvi Briem Pálsson 1. Stig Fjölnis:
**Njarðvík-Snæfell 84-71**
**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 27, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Charleston Long 10, Friðrik Stefánsson 7, Jóhann Árni Ólafsson 7, Hjörtur Hrafn Einarsson 6, Sverrir Þór Sverrisson 6, Egill Jónasson 6.
**Stig Snæfells:** Justin Shouse 23, Sigurður Þorvaldsson 20, Jón Ólafur Jónsson 13, Atli Rafn Hreinsson 6, Hlynur Bæringsson 4, Anders Kat holm 2, Bjarne Nielsen 2, Árni Ásgeirsson 1.
**Hamar-Tindastóll 76-81**
**Þór Ak.-ÍR 87-85**

*N1-deild karla í handbolta:*

**Fram-Afturelding 28-21 (15-12)**
**Mörk Fram:** (Skot) Jóhann Gunnar Einarsson 10/3 (16/3), Andri Berg Haraldsson 5 (12), Jón Björgvin Pétursson 4 (6), Haraldur Þorvarðarson 3 (5), Guðjón Drengsson 2 (4), Daníel Berg Grétarsson (4), Björn Guðmundsson 1 (2), Filip Klizczyk 1 (3/1), Hjörtur Hinriksson (1), Stefán Stefánsson (1), Einar Ingi Hrafnsson (2)
**Varin skot**: Björgvin Páll Gústavsson 18 (38/2) 47,4%, Magnús Geir Erlendsson (1/1) 0%
Hraðaupphlaup: 6 (Guðjón 2, Jóhann Gunnar 3, Haraldur)
**Fiskuð víti:** 4 (Kliszczyk, Guðjón, Andri Berg, Einar Ingi)
**Utan vallar:** 8 mínútur
**Mörk Aftureldingar:** Einar Örn Guðmundsson 8/1 (18/1), Hilmar Stefánsson 4/2 (6/2), Ásgeir Jónsson 3 (5), Daníel Jónsson 2 (9), Magnús Einarsson 2 10), Hrafn Ingvarsson 1 (2), Reynir Árnason 1 (3), Jóhann Jóhannsson (1), Davíð Svansson (1)
**Varin skot:** Davíð Svansson 23/1 (51/4) 45,1%
**Hraðaupphlaup:** 3 (Einar Örn 2, Reynir)
**Fiskuð víti:** 3 (Magnús 2, Daníel)
**Utan vallar:** 8 mínútur

*Evrópukeppni kvenna:*

**Frankfurt-Valur 3-1**
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (43.), 1-1 Birgit Prinz (80.), 2-1 Petra Wimbersky (88.), 3-1 Petra Wimbersky (+90.).

*Ítalska deildin í körfubolta:*

**Lottomatica Roma-Eldo Napoli 80-69**
Jón Arnór Stefánsson var stigahæstur með 16 stig en hann hitti úr 6 af 8 skotum þar af 3 af 4 fyrir utan þriggja stiga línuna. Jón Arnór var auk þess með 3 stolna, 3 fráköst og 2 stoðsendingar.



**MEISTARAR** Þórunn Bjarnadóttir, fyrirliði Vals, átti góðan leik þegar Valur lagði KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Reykjavíkurmót kvenna:

## Valur meistari í fyrsta sinn

**KÖRFUBOLTI** Valur vann sinn fyrsta titil í kvennakörfunni þegar liðið vann 64-40 sigur á KR í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins í gær.

Valsliðið var með frumkvæðið allan leikinn, leiddi 16-7 eftir fyrsta leikhluta og 26-19 í hálfleik. KR-konur komu muninum niður í 37-32 fyrir lokaleikhlutann. Í fjórða leikhluta stakk Valsliðið af og vann öruggan sigur.

Cecilia Steinsen (12 stig og 6 stoðsendingar) og Þórunn Bjarnadóttir (11 stig, 14 fráköst og 6 stoðsendingar) áttu góðan leik í jöfnu Valsliði en hjá KR var Hildur Sigurðardóttir með 11 stig, 13 fráköst og 6 stoðsendingar en þurfti hinsvegar 22 skot til þess að skora þessi stig sín. - óój

# BT




## TOSHIBA

PSPB6E-03H02WN5
TOSHIBA SATELLITE P200-16C
Intel Core 2 Duo T7100
- 1.8 GHz, 2MB L2, 800MHz FSB
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (1024x2)
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
6xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 3.2kg á þyngd

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**160GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

**30.000 KR LÆKKUN!!!**

**139.999**
~~169.999~~

BT LÁN
Verð frá:
**3.956**
59 mánaða

## Canon




CANON400DBUNDLE
CANON EOS 400D 2X KIT LINSUR
10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofókus kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey

**FYLGIR**

**129.999**



**FYLGIR**
~~3.999~~
Kingston
háhraða kortalesari

BT LÁN
Verð frá:
**3.663**
59 mánaða

## MEDION®




MD30045
MEDION 37" LCD SJÓNVARP 30045
Skjástærð: 37 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Hátalarar: 2x5W

**119.999**

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 37" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**HDMI tengi**
Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir háskerpumynd og næstu kynslóð dvd spilara.

**8ms svartími**
Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

BT LÁN
Verð frá:
**3.426**
59 mánaða

## > Elijah Wood

Fyrsta alvöru verkefni Elijah Jordan Wood í leiklistinni var tónlistarmyndband með söngkonunni Paulu Abdul. Það leiddi fljótlega til fyrsta kvikmyndahlutverksins í Back to the Future Part II, þegar leikarinn var átta ára. Wood er langþekktastur fyrir hlutverk Fróða í Hringadróttinssögu, en hefur tekið að sér mörg og fjölbreytt hlutverk eftir það. Þar á meðal er hlutverk Jonathan Safran Foer í kvikmyndinni Everything is Illuminated, sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON FAGNAR INNRÁS HINS SANNA OG TÆRA Í LJÓSVAKANN

# Leiktjöldin og sannleikurinn



Talsetning auglýsinga er listgrein sem birtist okkur tíðum á skjánum en er sjaldnast gert hátt undir höfði. Metrósexúal tyrkneskir herramenn fjölyrða á lýtalausri íslensku um kosti tiltekinnar tegundar flösusjampós og miðaldra danskar reykingakonur hampa gæðum tannkrems á hinu ástkæra ylhýra, en samspil hljóðs og myndar er í svipuðum gæðaflokki og í austurlenskum slagsmálamyndum. Telja verður þó líklegt að vissum dalbotni hafi verið náð nýlega þegar útlenskur auglýsingaleikari lét goshverinn Strokk í Haukadal sjóða fyrir sig kartöflur á tíu mínútum og lýsti fjálglega. Svo var það talsett á íslensku, sem er svolítið eins og að markaðssetja útlent drykkjarvatn hérlendis. Æ, afsakið.

Birtingarmyndir firringarinnar eru reyndar fleiri á öldum ljósvakans en margan grunar. Til að mynda er meirihluti afþreyingarefnis lygasögur sem ganga ekki upp nema viðtakendurnir í sófanum heima fallist á að setja gagnrýna hugsun til hliðar stundarkorn og sætta sig við uppskáldaðan hliðarheim. Stundum fáum við hins vegar tæran sannleika rammaðan af leiktjöldum hins tilbúna. Dæmi þess var í gær þegar RÚV mætti með myndavélar og hljóðnema til að færa borgarbúum og landsmönnum öllum blaðamannafund þar sem nýr borgarstjórnarmeirihluti kynnti sig. Mesti þrótturinn og spennan voru fyrir bí þegar tuttugu mínútur voru liðnar af fundinum, kannski út af einhverri leiðindaflensu sem virðist vera að ganga, en þá komu tveir organdi rónar eins og frelsandi englar sannleikans. Ekki skildist alveg hvað þeir höfðu til málanna að leggja, þó að sennilegast hafi þeir verið að lýsa óánægju með að gamli meirihlutinn hefði ekki fengið næði til að vinna áfram að sínum prinsippmálum. Á meðan hélt barnatíminn áfram á Stöð 2 samkvæmt áður auglýstri dagskrá.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Útsvar SJÓNVARPIÐ



▶ **23.05** End of Days stöð 2



▶ **20.00** Be Cool STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** Scissor Sisters - Live from London SIRKUS



▶ **22.50** Masters of Horror SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 07/08 bíó leikhús** e.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ungar ofurhetjur** (22:26)

**17.55 Strákurinn** (6:6) e.

**18.05 Snillingarnir** (31:42)

**18.35 Svona var það** (4:22) e.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Útsvar** Í þetta skipti eigast við lið Fjallabyggðar og Fjarðabyggðar og meðal keppenda eru Guðmundur Ólafsson leikari og rithöfundur og Einar Ágúst Víðisson söngvari. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.10 Barnaby ræður gátuna - Græni maðurinn** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles, Daniel Casey, David Bradley, John Carlisle, Tim Woodward og Cherie Lunghi.

**22.55 Draumheimar** (What Dreams May Come) Bandarísk bíómynd frá 1998 um mann sem deyr og fer til himnaríkis. Konan hans fyrirfer sér og er dæmd til vítisvistar en hann reynir að bjarga henni á betri staðinn. Leikstjóri er Vincent Ward og meðal leikenda eru Robin Williams, Cuba Gooding, Annabella Sciorra og Max von Sydow. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.50 Appelsínusýslan** e.

**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Be Cool**

**08.00 Home Alone**

**10.00 The Ballad of Ramblin´ Jack**

**12.00 Envy**

**14.00 Home Alone**

**16.00 The Ballad of Ramblin´ Jack**

**18.00 Envy**

▶**20.00 Be Cool** Chili Palmer hefur fengið sig fullsaddan af kvikmyndabransanum og ákveður nú að reyna fyrir sér í hörðum heim tónlistarinnar.

**22.00 Ice Harvest**

**00.00 Mr. and Mrs. Smith**

**02.00 Bordello of Blood** (e)

**04.00 Ice Harvest**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 The Bold and the Beautiful**

**09.30 Wings of Love** (40.120)

**10.15 Wife Swap** (3.12) (e)

**11.00 Blue Collar**

**11.25 Matur og lífsstíll**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Forboðin fegurð** (85.114)

**13.55 Forboðin fegurð** (86.114)

**14.45 Lífsaugað** (e)

**15.25 Blue Collar**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2**

**17.30 The Bold and the Beautiful**

**17.55 Nágrannar**

**18.20 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**19.25 The Simpsons** (22.22)

**19.50 Friends** (10.24)

**20.15 Tekinn 2** (5.14) Jóhanna Guðrún er illa tekin þegar ungur aðdáandi fær hana til þess að gefa sér eiginhandaáritun í andlitið. Ásgeir Kolbeins lendir einnig í vandræðalegri uppákomu þegar samkynhneigður barþjónn reynir ákaft við hann. 2007.

**20.45 Stelpurnar** (8.10) Stelpurnar sprenghlægilegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn, þar á meðal hin frábæra Helga Braga.

**21.15 Everything Is Illuminated** Verðlaunamynd á léttu nótunum með stórstjörnunni Elijah Wood í aðalhlutverki. Hér segir frá ungum, bandarískum gyðingi sem fer til Úkraínu til að hafa uppi á konu sem bjargaði lífi afa hans í seinni heimsstyrjöldinni. Aðalhlutverk: Elijah Wood, Eugene Hutz, Jonathan Safran Foer. 2005. Bönnuð börnum.

▶**23.05 End of Day**s Í þessum trylli er Arnold Schwarzenegger í hlutverki fyrrverandi lögregluþjóns sem þarf að verja heiminn fyrir sjálfum djöflinum. Allt ráðabrugg djöfulsins virðist snúast um eina konu sem Arnold þarf að bjarga. Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Gabriel Byrne, Robin Tunney. 1999. Stranglega bönnuð börnum.

**01.05 The Day After Tomorrow**

**03.05 8MM**

**05.05 The Simpsons** (22.22)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SÝN besta sætið

**17.30 PGA Tour 2007 - Highlights** (Valero Texas Open)

**18.30 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**19.00 Gillette World Sport 2007**

**19.30 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.

**20.00 Meistaradeild evrópu fréttaþát** Vandaður fréttaþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterkustu knattspyrnudeild heims.

**20.30 World Supercross GP 2006-2007** (Georgia Dome)

**21.30 World Series of Poker 2007** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**22.25 Heimsmótaröðin í Póker 2006** Á Heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heims að borðum og keppa um háar fjárhæðir.

**23.15 Heimsmótaröðin í póker** (Doyle Brunson North American Poker Championship)

## SÝN 2

**18.00 Bolton - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**19.40 Newcastle - Everton** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

**21.20 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.50 Goals of the Season** (Goals of the Season 2000/2001) Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**23.50 Bolton - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin 2007/2)

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**16.00 Vörutorg**

**17.00 Game tíví** (e)

**17.25 7th Heaven** (e)

**18.15 Dr. Phil**

**19.00 Friday Night Lights** (e)

**20.00 The Biggest Loser** (11.12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Að þessu sinni eru það tvær feitar fjölskyldur sem eigast við.

**21.00 Survivor. China** (4.14) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.

**22.00 Law & Order. Criminal Intent** (12.22) Bandarískir þættir um störf stórmálasveitar New York borgar og leit hennar að glæpamönnum. Ísland kemur við sögu í sakamáli kvöldsins. Lík fellur til jarðar úr flugvél sem er á leið til Íslands. Logan og Barek gruna starfsmann flugvallarins og félaga hans um ódæðið.

▶**22.50 Masters of Horror** (3.13) Að þessu sinni leikstýrir Ernest Dickerson (Bones og Demon Knight) hrollvekjandi sögu um tvo unglingspilta sem ákveða að heimsækja útfararstofu og kíkja á liðin lík.

**23.40 Backpackers** (15.26) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn.

**00.10 Law & Order: SVU** (e)

**01.00 The Company** (e)

**01.50 Raines** (e)

**02.40 The Black Donnellys** (e)

**03.30 C.S.I.** (e)

**04.30 C.S.I.** (e)

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.15**

### Tekinn



Önnur sería hinnar geysivinsælu þáttaraðar Tekinn gefur þeirri fyrri ekkert eftir. Auðunn Blöndal fetar áfram í fótspor Ashtons Kutcher og hrekkir fræga fólkið á óborganlegan hátt. Söngkonan unga Jóhanna Guðrún er illa tekin þegar ungur aðdáandi fær hana til þess að gefa sér eiginhandaráritun í andlitið. Ásgeir Kolbeins lendir einnig í vandræðalegri uppákomu þegar samkynhneigður barþjónn reynir ákaft við hann.

### ▶ DRAUMHEIMAR

**Sjónvarpið kl. 22.55**

Bandarísk bíómynd frá 1998 um mann sem deyr og fer til himnaríkis. Konan hans fyrirfer sér og er dæmd til vítisvistar en hann reynir að bjarga henni á betri staðinn. Leikstjóri er Vincent Ward og meðal leikenda eru Robin Williams, Cuba Gooding, Annabella Sciorra og Max von Sydow.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Tímakornið
**21.10** Flakk
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**
**19.10 Hollyoaks** (34.260)
**19.30 Hollyoaks** (35.260)
**20.00 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
▶ **20.30 Scissor Sisters - Live from London** Sirkus sýnir frá tónleikum Scissor Sisters sem fram fóru á Trafalgar Square í London hinn 16. september síðastliðinn. Hljómsveitin hefur gefið út tvær plötur. Sú fyrri, Scissor Sisters, kom út fyrir tveimur árum og sló hún strax í gegn. Nú í haust gaf hljómsveitin síðan út sína aðra breiðskífu, Ta-Dah, og fór sú plata beint á toppinn um alla Evrópu. Scissor Sisters er frá New York en er gríðarlega vinsæl í Evrópu og þá sérstaklega í Bretlandi. Hefur hljómsveitin selt tæplega milljón eintök þar en einungis mánuður er síðan platan kom út.
**22.00 It´s Always Sunny In Philadelphia NÝTT** (5.7) Skemmtileg gamanþáttaröð um fjóra félaga sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að það verði árekstrar á milli þeirra. (5.7) Félagarnir ákveða að taka réttlætið í eigin hendur eftir að barinn hefur verið rændur. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.
**22.25 Bones** (21.21) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
**23.10 Life on Mars** Önnur þáttaröð breskra þátta sem segja frá lögreglumanninum Sam Tyler sem lendir í alvarlegu slysi og þegar hann vaknar er hann staddur á árinu 1973. Hvað er hér að baki? Er þetta tímaferðalag eða er hann að dreyma?
**00.05 Totally Frank**
**00.30 Hollywood Uncensored**
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**12.00** Antiques Roadshow **13.00** Jonathan Creek **14.00** Houses Behaving Badly **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Garden Challenge **16.00** As Time Goes By **16.30** Some Mothers Do Ave Em **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **17.45** Posh Nosh **18.00** Silent Witness **19.00** New Tricks **20.00** The Office **20.30** Absolute Power **21.00** Silent Witness **22.00** 2 POINT 4 CHILDREN **22.30** New Tricks **23.30** As Time Goes By **0.00** Some Mothers Do Ave Em **0.30** Mastermind **1.00** Silent Witness **2.00** Antiques Roadshow

## DR 1

**11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.55** Rabatten **12.20** Kender du typen **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Tjenesten - nu på TV **13.30** Boogie Listen **14.30** F for Får **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Øreflip **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Lysets nøgle **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen **19.00** TV Avisen **19.30** America's Sweethearts **21.10** In Love and War

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.15** Niklas' mat **10.45** Columbo **12.00** Gjensynet **13.00** Orson og Olivia **13.30** ¥ya **14.00** VG-lista Topp 20 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Charlie og Lola **16.10** Karsten og Petra **16.20** Sauen Shaun **16.30** Miniplanetene **16.35** Herr Hikke **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Grosvold **20.05** Inspekt¢r Lynley **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspekt¢r Lynley **21.50** Sopranos **22.45** Metropolitan i symfoni **23.15** Svarte Orm **23.45** Country jukeboks **2.00** Dansefot jukeboks **5.30** Olsen **6.00** Små Einsteins

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Små grytor har också öron **12.00** Videokväll hos Luuk **13.00** Argument **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Niklas mat **16.00** BoliBompa **16.25** Musikvideo **16.30** Fåret Shaun **16.35** Häxan Surtant **17.00** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Radiohjälpens insamlingsgala 2007 **19.30** Doobidoo **20.30** Narc **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** Svensson, Svensson **23.05** Mia och Klara **23.35** Sändningar från SVT24 **6.00** Bolibompahelg




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég styð ekki pólitíkusa yfir höfuð, nema þeir séu popparar.“*

Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður í Pressunni 1994.

„Ég hlýt að hafa verið að grínast, ég stend bara á gati. Ég efast um að ég treysti pólitíkusum neitt betur núna, þó að þeir séu popparar,“ segir Sigtryggur í dag.

# Curver selur allar eigur sínar

Listamaðurinn Curver Thoroddsen ætlar að selja allar eigur sínar í vikulöngum raunveruleikagjörningi í Listasafni Íslands. Með gjörningnum, sem ber yfirskriftina „Drasl til sölu“, vill hann safna fyrir dýru tveggja ára framhaldsnámi sínu í New York.

Curver viðurkennir að hann eigi eftir að sakna margra hluta en lítur á gjörninginn sem nýtt upphaf fyrir sig. „Þarna eru ansi margir hlutir sem hafa verið með manni lengi. Oft er þetta drasl sem maður hefur sankað að sér og ekki tímt að henda en það verður gaman að koma þessu til annarra pælara,“ segir hann. „Það er gaman að gera þetta og þroskandi að losa sig við þetta dót.“

Curver segir að meistaranám sitt í New York gangi mjög vel. „Þarna eru frábærir kennarar og það er rosalega gaman. Það er gaman að vera kominn í þann gírinn og ég fíla mig í botn.“

Allskyns dót verður til sölu í Listasafninu, þar á meðal plötur, bækur, plaköt, Hawaii-skyrtusafn, sprungnir gítarmagnarar, lélegt trommusett og meira að segja bíll listamannsins, allt á einstaklega góðu verði. Gjörningurinn, sem hefst í dag, er framinn í tengslum við listahátíðina Sequences sem er nú haldin í annað sinn. Rás 2 mun fylgjast vel með framvindu mála og verður í góðu sambandi við Curver meðan á gjörningnum stendur.

„Drasl til sölu“ tengist raunveruleikagjörningum „Íbúðinni“ sterklega þar sem listamaðurinn tók íbúðina sína í gegn í beinni útsendingu á netinu í þrjá mánuði í samstarfi við sjónvarpsþáttinn Innlit/Útlit og Listasafn Íslands. **-fb**




**ALLT TIL SÖLU** Curver Thoroddsen ætlar að selja allar eigur sínar til að eiga fyrir náminu í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**LÁRÉTT**
**2.** stig **6.** samanburðart. **8.** knæpa **9.** bein **11.** tveir eins **12.** klór **14.** prumpa **16.** ekki **17.** spil **18.** angan **20.** í röð **21.** gróft orð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** starf **3.** 2 eins **4.** frægð **5.** tillaga **7.** nískupúki **10.** fley **13.** fúadý **15.** eldhúsáhald **16.** trjátegund **19.** þurrka út.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** skor, **6.** en, **8.** krá, **9.** rif, **11.** óð, **12.** krafs, **14.** freta, **16.** ei, **17.** níu, **18.** ilm, **20.** rs, **21.** klám.

**LÓÐRÉTT: 1.** verk, **3.** kk, **4.** orðstír, **5.** ráð, **7.** nirfill, **10.** far, **13.** fen, **15.** ausa, **16.** eik, **19.** má.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8.

1. Fangarnir sjálfir.
2. Dhani Harrison, sonur George.
3. Basalt.








**ÚTRÁSIN Í FULLUM GANGI**

Þótt **Nylon-flokkurinn** hafi látið lítið fyrir sér fara er hann að rumska eftir vænan blund. Nú er stefnt á Bandaríkjamarkað. **Magnús Scheving** hefur verið Einari Bárðarsyni innanhandar og er reiknað með að þeir fundi með forsvarsmönnum Disney í lok mánaðarins.

NYLON: FUNDAÐ UM ÚTRÁS TIL BANDARÍKJANNA

# Einar Bárðar og Magnús Scheving til fundar við Disney

Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands, og Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar, eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á leiðinni til Los Angeles í lok mánaðarins þar sem þeir hyggjast funda með forsvarsmönnum Walt Disney fyrirtækisins um málefni Nylon-flokksins. Magnús hefur undanfarið verið Einari innanhandar við markaðssetningu hljómsveitarinnar vestanhafs.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Disney-risinn áhuga á að fá stúlkurnar til liðs við sig og hefur það meðal annars verið nefnt að stúlkurnar komi fram í High School Musical 3. Fyrri tvær myndirnar hafa notið gríðarlegra vinsælda þar vestra og ætti að reynast ágætis stökkpallur fyrir þær Nylon-stúlkur í Bandaríkjunum. Einar vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir því og var þögull sem gröfin.

Nylon-flokkurinn hefur annars látið lítið fyrir sér fara eftir að Emilía Björk sagði skilið við sveitina og þær urðu tríó. Til stóð að framleiddur yrði raunveruleikaþáttur um leitina að næstu Nylon-stúlkunni en horfið var frá þeirri hugmynd þegar stúlkurnar lýstu því yfir að þær kynnu vel við sig þrjár. Síðan tóku þær upp lagið Britney með Sniglabandinu sem slegið hefur í gegn á Rás 2 og í kjölfarið skal látið sverfa til stáls. Safnplata með öllum bestu lögum sveitarinnar er í smíðum og stúlkurnar eru á leið í upptökuver til að taka upp tvö ný lög undir stjórn Þorvalds Bjarna Þorvaldssonar. „Best of“-platan er væntanleg í jólaflóðið og er jafnframt reiknað með að henni fylgi öll myndbönd sveitarinnar.

Þar að auki hafa stúlkurnar verið önnum kafnar í öðrum störfum, Steinunn Camilla rekur sem kunnugt er Loftkastalann ásamt unnusta sínum Sigurði Kaiser, Alma er að skrifa bók um reynslu Freyju Haraldsdóttur og Klara Ósk hefur verið að hanna og sauma tískufatnað sem hefur selst eins og heitar lummur. Nylon ku hins vegar eiga hug þeirra allra og því styttist í að flokkurinn láti á sér kræla á ný. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hljómsveitin **Sigur Rós** heldur áfram að vekja á sér athygli fyrir allt annað en tónlist. Fyrir skömmu var það ræða á íslensku á Q-verðlaununum og nú hafa útvarpsmennirnir Alison Stewart og Luke Burbank varað starfsbræður sína við því að fá sveitarmeðlimi í viðtal. Á heimasíðu útvarpsþáttarins The Bryant Park Projekt sem þau stjórna kemur fram að viðtalið við Sigur Rós hafi verið það versta í manna minnum enda hafi varla fengist aukatekið orð upp úr þeim. Þau bæta því hins vegar við að þau séu miklir aðdáendur Sigur Rósar og verði fyrst til að kaupa sér nýjustu afurðina þeirra. „En í guðanna bænum, ekki fá þá í viðtöl,“ skrifa þau á heimasíðu sinni.

Einhvers staðar var haft á orði að það væri ef til vill kaldhæðni örlaganna að frá Höfða má sjá glitta í Friðarsúlu **Yoko Ono** þar sem **Björn Ingi Hrafnsson** og **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** horfðu á ekkjuna tendra frið í hjörtum viðstaddra. Og kannski væri það eilítið kyndugt að Vilhjálmur var borgarstjóri þegar friðarljósið var kveikt en **Dagur B. Eggertsson** verði við stjórnvölinn þegar það verður slökkt hinn 8. desember. **- fgg**




FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**NÝR TÚNFISKUR ófrosinn**
**RISARÆKJUR**
**LÚÐA**
**SKÖTUSELUR**
**HÖRPUSKEL**
**og fiskréttir í sparifötum**


# *Drekka yfir 5.000 lítra af bjór*

Októberfest Stúdentaráðs Háskóla Íslands lýkur með látum í dag. Hátíðin hófst á miðvikudag þegar um fjögur hundruð gestir spiluðu bingó á þýsku. Í gær var keppt um besta þýska búninginn og gróskumesta yfirvaraskeggið, en Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs, segir lokadaginn þó vera stærstan. „Ég hugsa að á föstudaginn í fyrra hafi komið svona þrjú þúsund manns, yfir allt kvöldið,“ sagði hún.

Bjór er í miklu aðalhlutverki á hinni raunverulegu Októberfest, sem fram fer í München á ári hverju, og Dagný segir hið sama gilda um veisluhöldin í tjaldinu framan við Háskóla Íslands. „Í fyrra fóru fimm þúsund og fimm hundruð lítrar af bjór á dögunum þremur. Það hlýtur að teljast ansi gott,“ sagði hún. „Miðað við hvernig þetta fór í gang í gær, með fjögur hundruð gestum, býst ég alveg eins við því að þetta gæti orðið meira í ár,“ bætti Dagný við, en benti á að gestum stæði þó einnig til boða að svala þorstanum með léttvíni, gosi eða sterkara áfengi.

Stúdentaráð Háskóla Íslands skipuleggur árleg veisluhöldin nú í annað skiptið. „Það var félag þýskunema sem byrjaði á þessu, og við tókum við í fyrra,“ útskýrði Dagný, sem segir Októberfest síst í rénun. „Þetta hefur stækkað ár frá ári,“ sagði hún. **- sun**



**BLÓMLEG OKTÓBERFEST** Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs, reiknar með því að gestir á Októberfest skáki þeim 5.500 lítrum af bjór sem fóru í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

heima

# Verið velkomin.

Sjúkraþjálfari frá Jensen verður á staðnum í dag
**föstudag 12.október og laugardaginn 13.október**
ásamt sérfræðingi frá Jensen.
Þau munu aðstoða og leiðbeina með val á rúmum frá Jensen.






**Njóttu dagsins.**

Góður svefn er lykillinn að því að við getum lifað lífinu og notið dagsins. Það er einmitt þess vegna sem við hjá Jensen höfum í meira en 60 ár haft það markmið að hanna rúm sem eru eins þægileg og hugsast getur. Þetta markmið endurspeglast í öllum þáttum framleiðslunnar, allt frá uppbyggingu dýnanna, efnisvali, hönnun og saumaskap. Í okkar augum eru rúm ekki bara rúm. Njóttu vel.

JENSEN®

Designed for Sleep Comfort

HEIMA HÚSIÐ

mood
heima
Öndvegi

SÍÐUMÚLA 30 - SÍMI 568 4242 - www.heimahusgogn.is - heima@heimahusgogn.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





vísir.is
Fyrstur með fréttirnar





**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur


## *Að komast á kortið*

Ég er ekkert hrifinn af þessari friðarsúlu en þetta er frábær landkynning," sagði félagi minn við mig um daginn þegar við fylgdumst með umstanginu í kringum Yoko Ono og súluna í Viðey. Ég heyrði að margir tóku í sama streng. Fæstir ræddu um listrænt gildi verksins en allir voru ósköp ánægðir með að kastljós fjölmiðlanna skyldi beinast að Íslandi eina kvöldstund.

**ÞEGAR** erlendar stórstjörnur stíga hér á land eða Íslendingar gera það gott erlendis segjum við grobbin að nú sé Ísland komið á kortið. Það skiptir okkur óskaplega miklu máli að einhver viti af okkur úti í hinum stóra heimi. Þeir sem ekki kunna að meta tónlist Bjarkar eða Sigur Rósar hugsa þó með þakklæti til þessara listamanna sem hafa komið okkur á landakortið.

**EINU** sinni reyndi ég að senda pakka heim til Íslands af litlu pósthúsi í Taílandi. Það gekk heldur seinlega enda hafði afgreiðslumaðurinn aldrei heyrt minnst á landið. Að lokum brá ég á það ráð að draga veslings manninn að heimskortinu sem hékk uppi á vegg. Ég ætlaði að benda honum á Ísland en brá heldur betur í brún þegar ég leit á kortið. Það var ekki eins og ég átti að venjast heldur var það skorið í gegnum mitt Atlanshafið. Noregur var í efra horninu lengst til vinstri og Grænland á kantinum hægra megin en væn sneið af Atlantshafinu, og þar með Ísland, hafði þurrkast út.

**SKO** það er ekki á kortinu en það er nú samt til," sagði ég við afgreiðslumanninn, sem setti upp skrítinn svip. Hann hafði eflaust aldrei hitt viðskiptavin sem vildi senda pakka til lands sem hvergi var að finna á heimskortinu. Ég laug því að lokum að Ísland væri eiginlega í Noregi og pakkinn skilaði sér heim á endanum.

**GÓÐAR** fréttir ferðast hægt. Sextán árum eftir leiðtogafundinn í Höfða hafði Ísland ekki enn ratað á landakort taílenska pósthússins. Ef til vill er það svo enn þann dag í dag jafnvel þótt Unnur Birna hafi verið kjörin fegursta kona heims, Magni hafi slegið í gegn í Rock Star Supernova og ekkja Lennons hafi reist friðarsúlu í Viðey.

**KANNSKI** er það líka bara allt í lagi því eins og ég sagði manninum á pósthúsinu er Ísland samt til – hvort sem það er á kortinu eður ei.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 12. október, 285. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.07 | 13.14 | 18.20 |
| Akureyri | 7.56 | 12.59 | 18.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


*Gríptu bráðina þegar hún gefst*





*Villibráðakvöld á Grillinu Hótel Sögu*

***Sérvaldir villifuglar, Miðjarðarhafs barri og íslenskt hreindýr er meðal þess sem er á boðstólum á girnilegum villibráðamatseðli Grillsins á Hótel Sögu.***

*Margverðlaunaðir matreiðslumenn og úrvals þjónusta gera Grillið að veitingastað á heimsvísu. Hafðu samband í síma **525 9960** og tryggðu þér einstakt kvöld á einstökum stað.*

Grillið - 8. hæð / Radisson SAS Hótel Saga / sími: 525 9960 / **www.grillid.is**

*Grillið*

PIPAR • SÍA • 71968